

SÚLUR

NORÐLENSKT TÍMARIT

XXXVIII. árg.

51. HEFTI 2012

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

HAUKUR ÁGÚSTSSON

Eigandi og útgefandi:

SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA

Ritnefnd Súlna
skipa eftirtalin:

Hanna Rósa Sveinsdóttir
Haukur Ágústsson
Jón Hjaltason

Sögufélag Eyfirðinga
Hjalteyrargötu 4, 600 Akureyri
Sími / símsvari: 462 4024

ISSN 1670-3170

UMBROT OG PRENTUN: ÁSPRENT, AKUREYRI
Akureyri 2012

Ritgerðasamkeppni Sögufélags Eyfirðinga:

Leiftur frá liðinni tíð

Hvað hefur þú séð og lifað?

Sögufélag Eyfirðinga varð fertugt í fyrra. Var þá meðal annars efnt til ritgerðasamkeppni og sett þessi skilyrði. Höfundur átti að segja frá atburði er hann sjálfur hafði upplifað í Eyjafirði á 20. öld. Erfingjum ritaðra frásagna var heimilt að senda þær inn, svo fremi þær uppfylltu framangreind skilyrði.

Alls bárust ellefu minningar en hið erfiða hlutverk að meta þær að verðleikum kom í hlut þriggja mann dómnefndar er skipuðu; Lára Ágústa Ólafsdóttir (formaður dómnefndar), Katrín Björg Ríkarðsdóttir og Bragi Guðmundsson. Skemmst er frá því að segja að fjórar ritgerðir voru valdar til jafnra viðurkenninga og fara þær hér á eftir. Von er fleiri minninga í næstu heftum Súlna.

Jón Hjaltason,

Fomaður stjórna Sögufélags Eyfirðinga



Frá vinstri: Lovísa María Sigurgeirsdóttir, Kristín Gunnarsdóttir og Hjálmar Jónsson, sem tók við viðurkenningu fyrir hönd Jóns Hjálmarssonar.

KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR

Þegar jarðföllin hlupu

*Litill fugl í laufi syngur
langur opnast fjallahringur.
Ég verð alltaf Eyfirðingur,
upp á mína tíu fingur.*

Lengi hefur mig langað að segja frá þegar miklar náttúruhamfarir urðu við æskuheimili mitt þegar ég var ellefu ára. En áður langar mig að segja frá sögu, sem amma mín sagði mér þegar ég var barn. Hún hét Rannveig Jónsdóttir og var á æskuheimili mínu eins og fleira gamalt fólk. Það var árið 1824, að það fluttu ung hjón að Helgastöðum í Saurbæjarhreppi. Þau hétu Rannveig Davíðsdóttir frá Arnastöðum (faðir hennar var móðurbróðir Jónasar Hallgrímssonar og hét hún í höfuðið á föðursystur sinni), en hann var bóndasonur frá Hólum og hét Páll Gunnarsson. Þessi ætt bjó á Helgastöðum í rúma öld frá 1824 til 1931. Og hér kemur frásögnin:

Fjallið sem kallað var Möðruvallafjall er nokkuð bratt. Þar var mikill gróður og þykkur jarðvegur og margir lækir, sem féllu í djúpum giljum og hefur verið mikið um jarðföll og skriður um aldir. Þegar þetta gerist hefur Jón sonur þeirra hjóna tekið við jörð og búi. Það virðist hafa verið síður að elsti sonurinn tæki við þegar þau eldri hættu að búa, en lítið var talað um dæturnar; þær giftust burt eða urðu vinnukonur.

Þau sem nú bjuggu þar hétu Jón Pálsson og Kristín Tómasdóttir. Bæjarlækurinn rann nærri bænum og baðstofugluggarnir sneru að fjallinu og einn dag að vori fell skriða í lækinn. Fólkíð sá skriðuna sem for með ógnarhraða og allir voru látnir fara fram, nema húsmóðirin stóð við gluggann og baðst fyrir og hreyfði sig ekki þó að hún væri beðin. Þegar skriðan kom niður úr gílinu kastaðist stór steinn út úr henni

og stefndi beint á gluggann. Kristín stóð í sömu sporum og þaðst fyrir og hreyfði sig ekki, en þegar steinninn vantaði 8-10 metra að glugganum stoppaði hann. Hann stóð þar, þegar ég var barn; við lékum okkur oft þar. Hann átti sess hjá fjölskyldunni og engum datt I hug að hreyfa hann. Nú er allt löngu komið í eyði, gamli bærinn horfinn og árin orðin 70-80 síðan ég kom þar síðast.

Svo gerðist það að sonur Jóns og Kristínar vildi ekki búa. Þegar hann átti að taka við, fór hann austur I Fnjóskadal og lærði þar gullsmíð og smíðaði marga fagra gripi. Síðan fór hann í Möðruvallaskóla og varð kennari við barnaskóla Akureyrar í fjölda ára. Hann var gott skáld og samdi bæði ljóð og leikrit, hann hét Páll J. Árdal. Það var því ekki annað til ráða en að fyrsti tengdasonurinn fór að búa félagsbúi með gömlu hjónunum. Hann var frá Guðrúnarstöðum og hét Sigfús Hansson. Guðrún og Sigfús bjuggu á Helgastöðum fram til 1912. Þá tóku við synir Sigfúsar: Jón, kona hans var Ragnheiður Pálsdóttir, og Gunnar, hans kona var Albína Kristjánsdóttir. Fjölskyldurnar voru mjög nánar; allt var unnið saman. Konurnar elduðu sína vikuna hver og heyjað var saman og börnin voru mjög nán, næstum eins og systkin.

Árið 1924 fæddist ég á Helgastöðum; einni öld eftir að þeir fyrstu komu þangað. Mér hefur alltaf þótt gaman að því. Það fór því að verða þröngt, svo var líka gamalt fólk sem þurfti að hugsa um og börnin orðin 5, en þó við flyttum burt hélt vinátta okkar alla tíð; ekkert breytti henni. Svo var það vorið 1925, að við fluttum að Skriðu; hún var á milli Fjósakots (Hrishóll) og Stekkjarflata, góð og þægileg jörð. Bærinn hafði verið byggður upp, var ekki burstabær, nokkuð þægilegur, þó að hann væri úr torfi, en fleiri gólf sem þurfti að sandskúra. En það voru samt mikil viðbrigði fyrir bræður mína að flytja úr sambýlinu. Þeir voru eldri en ég, annar 9 árum, hinn 7. Meira að segja mér leiddist. Fólkið hélt áfram að hittast og þar var stúlka 2 árum eldri en ég, sem ég var mjög hrifin af.

Svo gerðist það á falletum vordegi, að ég strauk að heiman og stefndi í rétta átt. Amma sá til mín og hljóp á eftir, ég

heyrði hana koma á eftir mér. Það var lækur í vexti á milli bæja. Ég var komin að honum, þegar amma greip mig upp og sagði: „Ertu vitlaus stelpa?“. Ég var tæpra 2ja ára, líklega yngsti Eyfirðingur, sem hefur strokið að heiman. Þetta var fyrsta æskuminning mín.

Á næstu árum gerðist margt. Það var tími framfara og menn trúðu að allt væri að batna. Það kom maður á hvern bæ til að spyrja hvort að menn vildu vera með í mjólkursamlagi og það var samþykkt. Svo kom brú á ána; það var stórmál að þurfa ekki að ferja yfir ána eða fara á hestum. Svo gerðust þar atburðir, sem hafa fylgt mér alla æfi. Sumarið 1935 var mikil rigning allt sumarið og erfitt var að þurrka hey. Rigningin hófst fyrir alvöru föstudaginn 14. september og hélt áfram alla nóttina og næsta dag. Það átti að fara í göngur á mánudag og í fjallið á þriðjudag, þá átti að rétta á Hlífárrétt. Það var mikill hátíðisdagur hjá okkur krökkum að hittast þar. En það var búið að fresta göngum; ár og lækir voru í svo miklum vexti að óttast var um menn og skepnur. Það voru mikil vonbrigði. Það voru engar réttir þetta haust. Ég tók eftir því að pabbi var áhyggjufullur. Um nóttina vaknaði ég við eitthvað. Það var farið að leka og lak ofan á andlitið á mér og kisi sat hjá mér og var að reyna að sleikja dropana; við vorum góðir vinir. Svona var þetta í torfbæjunum þegar rigndi, mikið lak allstaðar. Ég hugsa oft um það; ekkert rafmagn, enginn sími og ekki útvarp. Samt leið okkur kannski betur en nútíma krökkum; við fengum að vera með í svo mörgu.

Það rigndi eins á laugardag 15. og sunnudaginn 16. Allt var á floti, bærinn lak mikið, varla þurr blettur. Svo kom mánudagurinn. Það rigndi lítið og var bjartara. Um miðjan daginn féll stórt jarðfall á svæði, sem kallað er Logn og er á milli Stekkjarflata og Bjarkar. Það var haft eftir bónda nokkrum, að þegar það fór niður í Núpargilið höfðu gusurnar verið hærri en Núpfellshnjúkurinn; það var nú glott að þessu. Það fell líka jarðfall á milli Bjarkar og Finnastaða á sama tíma, en þær jarðir voru báðar í eyði. Seinna um dag-

inn fór svo stórt jarðfall á milli Helgastaða og Guðrúnarstaða. Það fór í Eyjafjarðará og stíflaði hana í klukkutíma, hún fór upp á nes í Melgerði og skemmdi þar. Það urðu miklar skemmdir á engjum af þessu jarðfalli. Um kvöldið féll svo hjá Helgastöðum. Þar fór það alveg að bænum en klofnaði og meirihlutinn fór ofan í lækjargilið, sem var sunnan við bæinn, svo að það urðu minni skemmdir.

Heimilisfólk háttaði á venjulegum tíma þetta kvöld í Skriðu. Mér finnst ég hafa verið sofnuð, þegar ég heyrði óskaplegan hávaða og allir voru að fara fram í stofu því gluggarnir snéru að fjallinu. Það voru þrjú gamalmenni og eitt þeirra blint og rúmliggjandi svo að það þurfti að bera það. Allstaðar lak og ég datt í göngunum sem voru líka koldimm. Þegar fram kom sá ég, að það hafði verið búið undir þetta. Bæði var uppbúið rúm og hægt að hita upp og ýmislegt annað á staðnum, sem að þurfti að nota. Enginn sofnaði þessa nótt. Einu sinni leit pabbi fram í göngin, þá rann bar kolmórauður lækur.

Um morguninn sáum við fyrst það sem hafði gerst. Það hafði fallið feiknastórt jarðfall, tekið sig upp um miðjan Möðruvallahnjúkinn og fallið niður í dalinn og kastast yfir klettabeltið og áfram niður milli Fjósakots og Skriðu. Nokkuð ofan við Skriðu var hóll, þar beygði það og þegar að bænum kom náði það bara aðeins upp á hey, sem var við fjósið norðan við bæinn, en rann svo yfir hlaðið í Fjósakoti. Þar eyðilagðist mikið af engi og næstum allt túnið. Það var eitt sem okkur leist illa á. Það hafði verið búið að sækja hrossin út af göngum og þau höfðu verið á túninu, en þau voru öll horfin og fólkíð hrætt um að þau hefðu fælst og lent í jarðföllunum. En það var venja að láta hesthús og fjárhús standa opin á sumrin til að þurrka og um hádeggið komu hestarnir hver á eftir öðrum út úr hesthúsinu og fóru út á tún að bíta. Það var mikil gleði að sjá þá ómeidda. Það var komið fram yfir hádegi og mönnum leið ekki vel að vita ekkert um ættingja og vini á næstu bæjum. Svo þegar leið á daginn kom bróðir föður míns, það var mikil gleði yfir því. Það virtust

allir vera óslasaðir og enginn hafði dáíð. Seinna um daginn kom mágur föður míns, hann bjó í Melgerði.

Veturinn var erfiður. Þetta var mjög harður vetur, snjóaði mikið, landslag hafði mikið breyst og varasamt var að lenda úti í jarðföllunum. Brunnur, sem var rétt norðan við fjósið með vatni handa kúnum, fylltist svo að ekki var hægt að nota hann og þurfti að bera vatnið úr læknum, hvernig veður sem var. Það var allt svo blautt, að grafnar voru djúpar holur í gólfið á hlöðunni við fjósið og vatnið, sem kom í þær, borið út svo heyið skemmdist ekki. Á útmánuðum létu ærnar; allt virtist gengið úr lagi. Ég var á skóla í mánuð á Möðruvöllum og annan mánuð í Saurbæ, þá var skólinn 8 vikur.

Um vorið 1936 fluttum við svo að Hrísum. Það var mikið áfall fyrir mig að fara frá öllu skyldfólki og vinum þangað sem ég þekkti engan. Hrísar eru þægileg jörð; mér finnst að það hafi alltaf verið gott veður þar. Ég kynntist fólkinu fljótt, aðallega í Núpafelli þar var maður alltaf velkominn. Um haustið fór ég í skóla í Saurbæ. Hann var í Sólgarði, það var nýbyggt félagsheimili fyrir sveitina. Ungmennafélagið, kvenfélagið og sveitarfélagið stóðu saman að því. Það var salur og sena, eldhús og stór stofa, sem var notuð fyrir veitingar á samkomum. Þar var okkur kennt, snyrting var bara útikamar. Við vorum bara á Hrísum í 6 ár. Vorið 1941 flutti ég til Akureyrar, foreldrar mínir urðu eftir í sveitinni hjá bróður mínum.

Á hverju sumri fer ég ef ég get og legg bílnum neðan við Skriðutúnið og reyni að átta mig á aðstæðum. Allt er svo breytt, túnin komin upp í fjall og hér býr bara aðkomufólk, sem þekkir ekki fjallið. Ég horfi á ljósgræna blettinn uppi í hnjúknum þar sem jarðföllin tóku sig upp. Enginn gleymir slíkum atburðum þó að árin líði og þau höfðu mikil áhrif á líf mitt. Skyldi ég hafa búið í Skriðu alla ævi, ef að þetta hefði ekki komið fyrir? Það er stór spurning sem aldrei verður svarað.

KRISTJÁN (SIGFÚSSON) TRYGGVASON
bóndi í Austurhlíð í landi Ytri-Varðgjár.¹

Sextíu ára minning:
**Bruninn á Ytri-Varðgjá
og endurbygging**

Klukkan var að verða sex laugardagsmorguninn 10. október 1931, þegar faðir minn, Tryggvi Jóhannsson, bóndi á Ytri-Varðgjá, kom inn í eldhús á Varðgjá til að fá sér morgunkaffi eftir að hafa komið af stað næturgesti, er þar hafði verið um nóttina. Gesturinn var Jónas Helgason, bóndi á Grænavatni í Mývatnssveit. Hann vildi komast heim á deginum og þurfti því að taka daginn snemma.

Ekki var faðir minn búinn að vera lengi inni, er heyrðist hár smellur og allt varð myrkt – stofnöryggi í töflunni hafði hrokkið. Á Varðgjá var heimilisrafstöð, sem Bjarni Runólfs-son frá Hólmi hafði byggt 1929. Eldur hafði kviknað við rafmagnsinntakið vestanverðu á framhúsinu, þaðan sem blýkapall lá í lögg áleiðis að töflu í eldhúsi. Það fyrsta, sem pabbi gerði eftir að hafa séð eldinn, var að vekja fólkið. Ég var á báðum áttum, hvort ég ætti að eyða tíma í að fara í sokka og buxur - sem ég og gerði. Í gegnum opinn stiga upp á loftið sást, að þar var þegar kominn mikill eldur. Það var strax reynt að skveta vatni úr fötum upp á loftið, en það virtist ekkert hafa að segja. Með því fyrsta, sem ég þurfti að gera, var að fara ofan í rafstöð og stöðva vélarnar. Þær lágu undir stórskemmdum að ganga án þess að losna við rafmagnið á eðlilegan hátt.

Veður var þannig: Svo til logn, 6-7 stiga hiti og aðeins úrkomusúld. Gat það varla verið hagstæðara. Strax var sent í Syðri-Varðgjá; þaðan var hægt að hringja. Sími hafði verið lagður 1929 eða 1930 frá Akureyri í Eyrarland og Kaupang

og inn á þá línu hafði svo Syðri-Varðgjá komið til eftirlits með langlínu yfir Vaðlaheiði. Fljótlega kom töluvert af mönnum. Var vatnið borið í fötum ofan úr þró, en þar var vatn tekið í pípurarnar til rafstöðvarinnar. Er það um 50-60 metrar. Fljótt var séð, að íbúðinni yrði ekki bjargað, en allt kapp lagt á að verja fjós og hlöðu, sem var norðan við með steiptum millivegg og einum dyrum. Voru járnplötur settar fyrir dyrnar og síðan var stöðugur vatnsaustur yfir bæði fjós- og hlöðupak. Fjósþakið skemmdist töluvert, svo að það þurfti að endurnýja það að nokkru leyti, en hlaðan var að mestu varin - hún var full af heyi. Þó kviknaði nokkrum sinnum í torfi, sem var á vírneti í loftinu, en það var jafnóðum rífið niður á segl, sem breitt var á heyið og vatni ausið á.

Af lofti í framhúsi (elstu byggingunni) var engu bjargað. Voru þar aðal geymslur heimilisins. Bæði kornvörur og föt. Einnig átti ég þar bæði kistu og skáp fullan af bókum úr búi Guðmundar Magnússonar er lengi bjó á Ytri-Varðgjá um og eftir miðja nítjándu öld. Var hann merkis sérsinna maður. T.d. keypti hann báðar Varðgjárnar út úr Þingeyjarsýslu og inn í Eyjafjarðarsýslu. Það mun hafa verið á árunum milli 1850 og 1855. Sagt var einnig að á hörðu vori hefði hann á hvítasunnudag gengið á skíðum til Kaupangskirkju Drottnei til skammar, þó hefði jörð verið nær auð. Að öðru leyti var mestu bjargað úr húsunum. Þó var einn hængur á. Þar sem loftstigin var baklaus, en kjallarastigin undir honum, lokaðist niðurgangan fljótt af eldi, svo aðeins var hægt að fara inn um litla glugga og kasta þar smávegis út. Mest öll búslóðin var borin út um dyr. Þó voru sums staðar brotnir gluggar og ýmislegt sett þar út. Man ég að við Eiríkur Geirsson á Veigastöðum forum með gríðarstóra potteldavél langa leið og ætluðum að lyfta henni út um glugga sem var í venju- legri hæð, en okkur var talin trú um að það væri nóg að hvolfi henni upp að vegg sem var steiptur og taka undan henni fæturna, sem var gert. Þegar farið var að hreinsa til eftir brunann ætluðum við sömu menn að færa þessa vél til – en við rótuðum henni ekki. Sannast þar, að menn geta fengið

¹ F. 19. jan. 1909, d. 17. júlí 2004

ofurkraft undir vissum áhrifum, sem erfitt er að kalla yfir sig eftir vild.

Um klukkan 9, eða eftir 3 tíma, var allt hrunið og að mestu brunnið. Var það undravert hvað svona stór bær brann á stuttum tíma. Að endingu var slökkt í rústunum með vatni í gegnum slöngur sem Slökkvilið Akureyrar kom með. Bærinn var tryggður gegn bruna hjá Sjóvá og var Vilhjálmur Þór kaupfélagsstjóri umboðsmaður hér. Hann kom þarna mjög fljótt og fylgdist með öllu sem fram fór. Heyrði ég hann spyrja föður minn eftir brunann hvort hann mundi hugsa til byggingar nú þegar. Kvaðst faðir minn ekki sjá annað fært, ef það væri mögulegt. Taldi þá Vilhjálmur að gera þyrfti allt til að flýta málinu. Strax daginn eftir var haft venjulegt réttarhald og skipaðir matsmenn. Fyrir pabba var Sveinbjörn Jónsson, byggingarmeistari á Knarrarbergi, og fyrir tryggingarfélagið Ólafur Ágústsson byggingarmeistari Akureyri. Eftir að matið hafði verið framkvæmt, sem mig minnir að væri um 12 þúsund krónur, var farið að hreinsa til og grafa.

Öll fjölskyldan, 8-9 manns, hafði flutt til dvalar á Syðri-Varðgjá, nema ég sem for í Eyrarland. Ég hafði verið ráðinn þar um veturinn og rétt ófluttur. Strax á öðrum degi við hreinsunina í rústunum kom babb í bátinn. Vilhjálmur Þór kom með miklum flýti og tilkynnti, að þeir fyrir sunnan heimtuðu yfirmat. Þeir sökuðu Vilhjálmið um að vera föður mínum óeðlilega vilhallur þar sem þessu hafði verið flýtt svona mikið. Vilhjálmur var reiður og bannaði, að nokkru væri hróflað meira þar til yfirmat væri búið. Hann fór út og suður að kveða niður, ef einhver vissi hvað fyrra matið hefði verið hátt. Hótaði hann þeim fyrir sunnan að fara með allar tryggingar KEA úr Sjóvá og hefur e.t.v. gert það. En endirinn varð sá, að hann var beðinn fyrirgefningar á þessu upphlaupi og þar með átti að nafninu til að vera komnar settir. En grunur minn er sá, að þarna hafi myndast fyrsta kveikjan að stofnun nýs tryggingarfélags, sem svo varð Samvinnu-tryggingar, þótt seinna yrði. Tveimur dögum seinna fór fram

yfirmat. Fyrir föður minn var Sveinbjörn eins og áður, en fyrir tryggingarfélagið kom Guðmundur Ólafsson, byggingarmeistari af Akureyri. Eftir því sem mig minnir var matið á kr. 13.400, eða allmiklu hærra en fyrra matið og var það vel þegið, bæði af pabba og ekki síður Vilhjálmi.

Var nú tekið til óspilltra málanna. Engin teikning var gerð af fyrirhugaðri byggingu, en reynt að nota sem mest af gömlu steypu veggjunum, þó þeir væru óhentugir. Sveinbjörn Jónsson sem hafði yfirumsjón með verkinu kom oft til að ákveða hvað gera skyldi, því oft var úr vöndu að ráða. Húsið er t.d. um 15 cm mjórra að austan en að vestan. Við bygginguna unnu að staðaldri auk mín bræður mínir tveir, Hermann og Þór, Helgi Guðmundsson, Halllandi, og Sigurður Sigurgeirsson, Syðra-Hóli, sem var aðal smiðurinn. Auk þess greip pabbi í verk, ef tími vannst til frá gegningum. Kappið var mikið við vinnuna. Við þurftum að fara til náðar í Syðri-Varðgjá og kom það æði oft fyrir, að sviti braust út af andliti Helga, þegar hann var að borða morgunmatinn; kalda skyrhræru og súrt slátur ásamt fleiru. Hafði hann hitnað æði vel af göngunni uppeftir. Hann var ákafamaður og vildi ekki eyða tímanum til ónýtis. Það sem mest flýtti fyrir frá fyrri byggingunni var, að þá um sumarið hafði verið gerður bílvegur niður í fjörur til malartekju. Áður hafði öll mól til bygginga verið flutt í pokum á klökkum; t.d. fluttum við pabbi alla mól sem notuð var í vegaræsin út að Geldingsá. Þessa mól fluttum við alla á hestum á veg neðan við Syðri-Varðgjá. Þaðan var hún svo tekin á bíla og ekið að einu og einu ræsi eftir þörfum eftir því sem vegurinn lagðist norður. Þessi mól var ekki góð til steypu - yfirborðið mikið og grófleikinn ekki heppilegur. En þessi mól var þó sú besta, sem hægt var að fá nærri. Hermann bróðir minn hafði keypt vörubíl vorið áður ásamt Sigdóri Hallssyni frá Steinkirkju. Sáu þeir að mestu um malarflutning. Öll steypa var handhræð á palli. Ekki voru stafnar steyptir fyrr en búið var að reisa sperrur. Þegar við steypum austur- og síðari stafninn var komið 8 stiga frost. Var allt vatn hitað á tveimur eldstæð-

um eins og tími vannst til og steypan síðan byrgð niður. Morguninn eftir var viðurinn skefldur ofan við sperrur og var þá farið að klæða súð. Ekki var slegið frá stöfnunum fyrr en löngu seinna og virtist þá steypan furðu góð. Baldur Helgason smíður á Akureyri smíðaði glugga og síðar hurðir. Og á laugardagskvöldið þremur vikum eftir brunann var orðið fokhelt. Þá fyrst var slappað af - þá var séð að við gátum haldið áfram. Nú var farið að hugsa um rafurmagnið til upphitunar. Vélarnar höfðu aðeins verið hafðar í gangi til að hafa vinnuljós úti. Steinn Þórðarson á Arnarhóli sá um allar raflagnir. Hann var nýfluttur frá Ameríku, þar sem hann hafði lært raffræði. Vann ég að þessu með honum til að byrja með, því ég var orðinn rafurmagni töluvert kunnugur. Svo var farið að einangra vegg. Fjagra tommu bættingar voru settir við vegg milli gólfs og lofts. Á þá var settur tjörupappi og síðan klætt lárétt með panel. Einangrunin var 4" – ýmist mulinn mór frá Ragnari Ásgrímssyni, Akureyri, eða reiðingstorf úr Staðarbyggðarmýrinni.

Þegar búið var að einangra vegg, en áður en skilrúm voru sett, þótti tilhlýðilegt að hafa „ball“. Svona sveitaböll voru oft haldin í norðurhluta sveitarinnar. Ég man eftir einum fjórum böllum á Syðri-Varðgjá og víðar. Voru þá oft tekin skilrúm í milli herbergja til að gera dansplássid stærra. Allt af voru góðar veitingar á svona böllum. Súkkulaði, kaffi og stundum ávaxtagrautur með rjóma. Kvöldið sem ballið var á Ytri-Varðgjá, var suðaustan hlákuveður og rigningarslitur. Snjór var ofurlítill og slabbsamt. Veitingar voru uppi á Syðri-Varðgjá og mynduðust ýmsar sögur af sumum þar í milli bæja. Á ballinu voru milli 50 og 60 manns; ungt fólk úr norðurhluta hreppsins og eitthvað af Akureyri.

Svo tók vinnan við. Um þessar mundir var síður að strengja striga í loftinu sem svo var bréflagður og málaður. Á veggina var settur pappi, sem ýmist var málaður eða bréflagður (betrekkur). Þetta var gert á Ytri-Varðgjá, nema eldhúsið. Þar voru veggirnir klæddir masonítti og síðan máláðir. Seinustu tvær vikurnar fyrir jólin voru fengnir tveir

málarar af Akureyri, þeir Maron Sölvason, málarameistari, og sonur hans Torfi, sem þá var orðinn lærður málari. Hann varð síðar lærður nuddlæknir og stundaði það sem atvinnu. Þeir máluðu þá alla neðri hæðina. Tveimur dögum fyrir jól var neðri hæðin tilbúin til innflutnings. Eldhús og fjögur herbergi auk gangs. Við efri hæðina (loftið) hafði ekkert verið gert fram yfir það bráðnauðsynlegasta. Nú var farið að flytja og var talið, að því væri að mestu lokið fyrir jól.

Eftir áramótin var ég einn við smíðar. Innréttaði ég 4 íbúðarherbergi ásamt góðri geymslu og uppgangi á efri hæðina. Fyrir páskana kom svo Torfi Maronsson aftur og málaði það sem eftir var. Þegar þessu var lokið, fékk ég Sigurgeir Sigurðsson á Syðra-Hóli til að setja með mér járníð á þakið – það hafði aðeins verið klætt pappa. Vorum við einir að ganga frá því ásamt fleiru. Strax og fært þótti vegna frosthættu kom sænskur maður og múrhúðaði húsið utan og var ég handlangari hjá honum. Síðan var allt málað.

Rúmu hálfu ári eftir brunann var húsið að fullu frágengið – og það yfir vetur. Tel ég þetta met á þessum tíma, þegar ekki var til sú tækni sem nú er notuð.

JÓN HJÁLMARSSON
Villingadal¹

Því gleymi ég aldrei

Þegar ég var 13 ára fór ég að ganga til rjúpna að staðaldri með Þorláki bróður mínum, sem var hartnær fjórum árum eldri, mikið lífsreynari og þar af leiðandi sjálfsgæður forustumaður, þegar við bræður vorum tveir saman. Ég hafði að sönnu oft áður farið með pabba dag og dag og tínt upp fyrir hann rjúpunar, sem hann skaut og hafði þannig fengið ofurlitla undirstöðu í rjúpnaveiðinni. En nú var pabbi orðinn aldraður og farinn að þreytast til gangs. Afhenti hann því Þorláki veiðarfærin og ætlaðist til að hann drægi björg í bú, þótt varla væri af barnsaldri kominn. Skólanámi mínu hafði ég lokið um vorið þegar ég var tólf ára og þótti pabba því sjálfsagt að ég legði fram krafta mína í erfiðri lífsbaráttu og aðstoðaði Þorlák við að fá feng sem mestan, því að rjúpunar voru töluverður tekjuauki fyrir bláfátækt heimili, bæði til heimaneyslu og sölu. Þá var gangverðið 30-35 aurar fyrir rjúpu og það var töluvert fé á þeim tíma.

Starf mitt var í því fólgið að tína saman rjúpunar fyrir Þorlák, binda þær í kippur og bera þær eftir því sem kraftar leyfðu. Ennfremur átti ég að reyna að koma auga á þær og leiðbeina Þorláki til þeirra svo hann fengi færi á þeim. Ekki þurfti að hvetja mig til starfans og var ég hinn ötulasti. Fyrir mínar aðgerðir missti því mörg rjúpan líf sítt, þó að ég raunverulega dræpi þær ekki sjálfur. Fyrir kom þó að Þorlákur leyfði mér að skjóta skoti og skoti og var ég hinn hæfnasti, en því var að mestu leyti haldið leyndu fyrir foreldrum okkar. Ekki er að orðlengja það að við urðum furðu fengsælir og varð pabbi hinn ánægðasti með frammistöðu okkar.

Til þess að leita uppi rjúpunar í fjallendinu höfðum við

þann hátt á, að ganga með dálitlu millibili til þess að fá víðara leitarsvið. Fyrir kom þó, þegar ég fann rjúpur og reyndi að gera Þorláki viðvart, að þær flugu burt áður en hann komst á vettvang, þó að leikur einn hefði verið að bana þeim, ef byssa hefði verið við höndina. Þetta þótti mér slæmt og í rauninni soun á vinnuafli að láta byssulausan mann vera að eltast við rjúpunar. Þróaðist því sú hugmynd hjá mér að ég yrði að fá byssu líka og verða sjálfstæður veiðimaður í framtidinni. Ég túlkaði þetta mál fyrir föður mínum og leist honum í rauninni vel á þessa hugmynd, en kinokaði sér þó við að fá mér byssu í hönd sökum bernsku minnar. Mamma forheldur ekki dult með sína skoðun og barðist gegn þessari hugmynd af öllum mætti. Sagði að það væri víst nóg að fá einum hálfvita byssu, þó öðrum yrði ekki bætt við. Ekki meinti hún þó þessi orð bókstaflega, heldur átti við að okkur skorti lífsreynslu og því væri þetta með öllu óverjandi. Lífsreynslan sagði hún að þroskaði gáfurnar og væri dásamlega mikils virði hverjum, sem reyndi að hagnýta sér hana, en gáfur án lífsreynslu nýttust ekki og þó að við værum óheimskir, þá vantaði okkur þetta. Við myndum í ákafa veiðimennskunnar ekki kunna fótum okkar forráð í torsóttu fjallendinu. Skot gæti hlaupið úr byssu fyrir gáleysi og valdið skaða. Sem sagt, slysaþætta væri svo að segja í hverju fót máli þeirra, sem ekki sýndu fyllstu aðgæslu og henni var vel kunnugt um að synir hennar væru ekki þessum kostum búnir. Í annan stað sagði hún að það væri stór synd að særa og drepa rjúpunar, þessa fallegu fugla, sem engum gerðu mein. Hún gat vart hugsað til þess að við færum að binda okkur þunga syndabagga svona ungir að árum. En allt kom fyrir ekki, hennar sjónarmið voru ekki tekin til greina, en hún fékk því samt framgengt, að mér var ekki fengin byssa til umráða fyrr en eftir ferminguna og varð ég að una þeirri ákvörðun. Frestaðist því hin sjálfstæða veiðimennska um eitt ár.

Pabbi hefur líklega ekki verið mjög trúður á veiðihæfni mína, að minnsta kosti gerði hann sér ekki tíðförlu til byssusalanna í leit að einhverri úrvals byssu og olli það mér mikl-

¹ F. 6. okt. 1912 - d. 21. okt. 1982

um vonbrigðum. Hins vegar fór hann að huga að því, hvort ekki fengist notuð byssa í nágrenninu fyrir lágt verð. Varð honum fyrst fyrir að leita til Jóhanns Jósefssonar, bónda á Úlfá. Jóhann átti byssu, en hafði aldrei verið nein skytta sjálfur og varð því fangaráð hans að fá menn stöku sinnum til þess að skjóta rjúpur fyrir sig eða að lána byssuna upp á hlut. Hann var nú orðinn afhuga öllum rjúpnaveiðum, en hafði samt gaman af að eiga byssuna, þó að hún væri ekki notuð. Annað kann nú líka að hafa valdið þessari ákvörðun þabba um byssukaupin og hefur sennilega verið enn þyngra á metunum, en það var örbirgð foreldra minna. Afrakstur búsins gerði ekki meira en fæða og klæða fjölskylduna og það mjög naumlega. Voru því engir peningar handbærir til byssukaupanna. Samningar tókust með þeim þabba og Jóhanni haustið 1924 og átti pabbi, sem gjald fyrir byssuna, að fóðra tólf ær fyrir Jóhann, frá því þær væru teknar í hús um haustið og til febrúarloka. Jóhann var mjög heylítill þetta haust og var þetta því gott fyrir báða aðila, en þennan vetur mátti ég ekki nota byssuna vegna samninganna við mömmu.

Pabbi beitti Úlfaránum um veturinn með sínum ám, enda hafði verið svo um talað og vegna þess að hey eyddust minna en áætlað var ákvað hann í febrúarlok að skila þeim ekki fyrr en um miðjan mars. Þá var komin rysjótt tíð með suðvestan stormum miklum og eljagangi en við það söfnuðust snjóhengjur í fjallsbrúnir, sem vissu mót austri, en síðan gerði hláku allskarpa. Að morgni 18. mars var komið gott veður og var ég þá sendur af stað með ærnar, en var stöðvaður í Torfufelli með þeim tíðindum, að um nóttina hefði fallið feikimikið snjóflóð úr Úlfárskál, sem er í fjallinu ofan við bæinn Úlfá. Hafði flóðið farið yfir fjárhúsin, brotið þau inn og drepið meiri hlutann af fjárstofni Jóhanns bónda. Snéri ég þá aftur heim með ærnar, sem svo naumlega höfðu sloppið við tortíminguna og fóðraði pabbi þær til vors. Mun því, þegar á allt er litið, byssan hafa verið allvel borguð.

En hvernig reyndist svo byssan? Við notkun hennar kom í

ljós, að skotið hitti alls ekkí markið, sem henni var beint að. Lenti það jafnan hægra megin og var hver rjúpa óhult fyrir því. Orsökina var ofurlítill bogi á hlaupskömminni. Afleiðingin varð sú, að ég mátti ekki sigta á rjúpunna sjálfa, heldur aðeins vinstra megin við hana. Sem sagt, ég varð bara að hafa hliðsjón af því hvar hún sat. Þetta lærðist furðu fljótt, en var þó jafnan til nokkurs бага. Annan ókost og öllu verri hafði byssa þessi. Bógurinn var svo afllaus, að pinninn sprengdi ekki perlurnar nema öðru hvoru. Varð ég því stundum að spenna hann upp tvisvar eða þrisvar áður en skotið kom, ef það þá kom nokkurn tímann. Ég varð þá að skipta um skothylki í byssunni, en það tók töluverðan tíma, því að útdragarinn var ónýtur og varð ég því að renna járnstauti niður í hlaupið með ýmsum óæskilegum hreyfingum og hávaðasömu glamri. Alloft kom það fyrir að rjúpunar misstu þolinmæðina, nenntu ekkí að bíða eftir skotinu og flugu burtu. Ég gat varla láð þeim það, en var þeim þó hálfreiður undir niðri. Verst var þó að þurfa að þola hlátur og háðsglósur þeirra, sem með mér gengu í rjúpnalandinu og sáu tilburið mína. Var það bæði byssan og ég sem þetta beindist að, en ég kom engum vörnum við og kaus því bara að þegja. Af öllu þessu var ég stundum svo reiður á kvöldin, að ég hét því heitt og innilega að fara ekki til rjúpna næsta morgun. En næsta morgun labbaði ég auðvitað af stað með byssuna á öxlinni og matarbitann í vasanum. En þó að byssan væri allavega bölvuð, bjargaði hún þó lífi mínu og kem ég að því seinna. Það skal líka viðurkennt, að með henni skaut ég heilmikið af rjúpum þá tvo vetur, sem ég stundaði harm atvinnuveg.

Eins og áður er sagt, var mömmu ekki rótt yfir þessari veiðimennsku okkar. Mátti raunar segja, að hún bæri ótta í brjósti hvern þann dag, sem við vorum að þessu starfi og henni var áreiðanlega raun að því að hlusta á veiðisögur okkar á kvöldin, en pabbi hafði gaman af. Hún áminnti okkur um að biðja Guð á hverjum morgni að vera með okkur um daginn, en það gat ég ekki gert. Mér fannst það

ósanngjarnt af mér að biðja hann að hjálpa mér að drepa rjúpunar, þar sem ég taldi víst að hann væri mér reiður fyrir þann verknað. Nei, það gat ekki samrýmst, en ég vildi að mamma gerði þetta og ég er viss um að hún hefur gert það, því að hún var guðhrædd og góð kona. Ég varð að minnsta kosti aldrei fyrir slysi á rjúpnaveiðum. Eru fjöllin þó snarbrött og hættuleg að vetrarlagi. Samt lá nærri slysi einu sinni, já og kannski oftár. Ég ætla nú að segja frá þessum atburði, enda er hann þungamiðja þessarar frásagnar.

Það var einn dag í blákyrru og heiðskíru veðri, að ég var á gangi suður Torfufellsdal, neðan við klettabelti sem kallað er Vothamrar og liggur miðhlíðis nokkuð fram á dalnum. Þar er mikið af smáseyrum, sem bólga upp í frosti og berangri, en svo var einmitt þá. Svellbunkarnir voru miklir og eftir hverri skoru seytláði vatn, sem fraus jafnharðan, og varð mér því seinfarið. Þorlákur gekk niður við fjallsræturnar og skilaði honum betur á göngunni. Með aðgæslu hélt ég ferð minni áfram, sneyddi fyrir svellbunkana og stökk yfir skorn- inga þar sem þeir voru þrengstir. Svo kom ég að dálitlu gili. Eftir því rann smálækur og neðarlega steiptist hann fram af allháu klettabelti, en þar undir var grjóturð. Þykkur svell- bunki var í gilinu alla leið niður. Barmar gilsins voru nokkuð leirbornir og sléttir. Ég leitaði fyrir mér að líklegum stað til yfirkomu og leist á lítlegast, þar sem steinn stóð upp úr svell- inu í miðju gilinu. Ég gat stigið út á steininn og þaðan náð fótfestu á öðrum steini hinu megin. Því næst fór ég að fikra mig upp suðurhlíð gilsins, en hún var mjög slétt og erfitt að ná fótfestu, enda gakk ég á gaddfreðnum kýrleðurskóm. Samt virtist þetta ætla að takast og ég var alveg að komast upp á barminn, þegar mér skruppu fætur og féll marflatur þar sem ég var kominn. Einhvern veginn og alveg ósjálfrátt slengdist byssan, sem ég studdist við með báðum höndum, suður á gilbarminn og náði þar festu á smásteinóttum jarð- veginum. Ég hélt enn um hlaupið á henni og nægði það til að forða því, að ég rynnri aftur niður í gilið.

Byssan var óhlaðin en það var eitt atriðið í samningunum

við mömmu, að ég gengi ekki með skot í henni og efndi ég það að mestu leyti. Nú fagnaði ég þessu, því að hlaupið vís- aði beint á mig og henni var vel trúandi til að láta skotið fara, þó að hún væri stundum treg til þess. Áður en ég að- hafðist nokkuð leit ég í kringum mig og þá fyrst og fremst niður í gilið, en þar lá svellbunkinn óslitinn niður snarbratta fjallshlíðina og hvarf fram af fossbrúninni. Það fór hrollur um mig, því að ég sá í huganum sjálfan mig renna á fleygi- ferð niður bunkann og kastast í stórum boga fram af fossin- um niður í grjóturðina, þar sem ég myndi svo liggja sundur- tættur og líflaus. Ég gerði mér strax ljóst að lífsvon mín var að öllu leyti bundin byssunni og að nú mátti ekkert mistak- ast. Ég hrópaði á hjálp af öllum kröftum og hlustaði svo grannt eftir, hvort nokkurt svar bærisk frá Þorláki. Kall mitt sveif út í geiminn og endurómaði tind af tindi um allan dal- inn. Aldrei hef ég heyrt fallegra bergmál. Ekkert svar kom frá Þorláki, enda vissi ég raunar, að hann myndi vera kom- inn það langt á undan mér, að hróp mitt næði ekki til hans. Ég kallaði samt aftur af öllum lífs og sálar kröftum, en það fór á sömu leið; ekkert svar. Þá hófst ég handa við að bjarga mér sjálfur, enda vissi ég að svona gæti ég ekki legið lengi, kraftar mínir myndu smám saman fjara út. Kannski hef ég líka haldið óþarflega fast um byssuhlaupið, ég veit það ekki, það var ósjálfrátt. Ég leitaði vandlega að fótfestu, en hún var engin til. Samt ákvað ég að komast upp á gilbarminn. Ég einbeitti mér að þessu, útilokaði allt annað, gleymdi öllu öðru. Ég lá á vinstri hlið og þorði ekki að hreyfa mig nema með afar mikilli varkárni. Ég þrýsti því næst byssunni niður af öllum kröftum og dró mig saman í hnút, þó þannig að lík- aminn hefði sem mest viðnám á frosnum jarðveginum. Síðan lyfti ég byssunni eldsnöggt, reyndi að rétta úr mér og seilast með henni lengra upp á gilbarminn. Um leið og ég lyfti byss- unni rann ég af stað, en byssuskeftið náði aftur haldi og stöðvaði ferðina. Ég athugaði árangurinn, hann var enginn, ég var í sama farinu. Ég bjó mig samt á sama hátt undir næstu lotu, dró hnén upp sem ég mátti, kreppti handleggina

og færði mig þannig svo langt upp í gilbarminn sem mögulegt var. Hver taug var þanin til hins ýtrasta. Ég hélt niðri í mér andanum og gerði viðbragðið svo snöggt sem ég gat. Það tókst betur. Ég sá, að ég var einhverjum þumlungum nær markinu og það gaf mér von. Ég endurtók þetta, ég man ekki hvað oft, þangað til ég náði handfestu á steinnibbu og gat skriðið upp á gilbarminn. Ég ætlaði að standa á fætur, en fann mér til stórfurðu, að ég gat það ekki, heldur lyppaðist niður á bakið. Það færðist dimma yfir himininn og fyrir augum mínum dönsuðu ótal ljós. Þau komu svífandi einhvers staðar utan úr geimnum, leituðu inn að einhverjum miðpunkti og dóu þar út, en ný ljós kviknuðu í staðinn. Ég fór að skjálfa, ekki samt af kulda, því að ég var svo sveittur að fötin límdu við mig. Með herkjum gat ég lyft upp annarri hendinni og leit á hana. Hún skalf ekki, hún hristist og svona nötraði ég allur. Þessi óskaplega áreynsla á sál og líkama gerði mig gjörsamlega magnþrota. Höndin féll niður og hugsunin varð óskýr. Líklega hefur liðið yfir mig smástund, en það tók brátt að birta. Himinninn varð aftur heiður og blár, ljósin dóu og komu ekki aftur og ég fór að geta hugsað nokkuð skýrt. Ósköp var nú gaman að vera ennþá lifandi, en ég átti það kannski tæplega skilið fyrir allt rjúpnadrápið. Ég hafði lent í mikilli lifshættu en hvers vegna? Var þetta aðvörun frá Guði? Var hann með þessu að sýna mér að raunar verðskuldaði ég dauðann fyrir breytni mína? Var þetta bend-ing frá honum um að mér væri hollast að hætta rjúpnaveiðunum, því að með þeim stefndi ég sálarheill minni í voða? Og hvers vegna hafði ég bjargast, var það fyrir bænir móður minnar? Þessar og hvílíkar spurningar fylltu huga minn, en ég fékk ekkert svar við þeim. Ég trúði því varla að allir, sem stunduðu rjúpnaveiðar, færu til helvítis. Pabbi, Þorlákur, margir af nágrönnum mínum og fjöldi annarra, og ef svo væri, þá gæti ég sjálf sagt verið þar líka. Þetta varð niðurstaðan og svo stóð ég á fætur og hélt áfram að drepa rjúpnarnar.

LOVÍSA MARÍA SIGURGEIRSDÓTTIR

Mannskaðaveður

Það er 9. apríl árið 1963. Ég er fimm ára gömul og ég er á sjúkrahúsinu á Akureyri. Gert var ráð fyrir því, að ég verði þarna í eitt ár. Það var foreldrum mínum sagt. Sem betur fer var mér ekki sagt það. Það hefði ekki verið uppörvandi fyrir mig að vita það. Ég stóð nefnilega í þeirri meiningu, að ég ætti bara að vera þarna stutt og fara fljótt heim. Það var það, sem hélt mér gangandi; gaf mér kjark að takast á við þessar óvenjulegu aðstæður. Í þá daga var sá háttur hafður á og talið betra fyrir börnin, að foreldrar væru ekki að heimsækja þau á sjúkrahúsið of oft. Helst sem allra sjaldnast. Börnin urðu svo óróleg, þegar foreldrarnir fóru aftur. Sum voru nánast óhuggandi lengi á eftir.

Pabbi minn var sjómaður og mamma húsmóðir. Ég átti þrjú systkini; tvo eldri bræður og yngri systur. Við bjuggum í Hrísey. Pabbi og mamma áttu ekki bíl þá og ef við þurftum að fara til Akureyrar, urðum við fyrst að fara með ferju til Árskógsstrandar og síðan Dalvíkurrútunni það sem eftir var af leiðinni. Í þá daga var ekki farið til Akureyrar á hverjum degi og heldur ekki vikulega. Það var viðburður að fara til Akureyrar, að minnsta kosti fyrir börn. Ef Akureyrarferð var fyrirætluð, þá tók mamma fram betri fötin okkar barnanna kvöldið áður, pressuð og strokin, tilbúin að klæðast í næsta morgun. Ferjan fór snemma frá Hrísey og eins gott að vera tilbúin til að missa ekki af henni. Það var alltaf mikil tilhlökkun og lítið sofið fyrir Akureyrarferð. Þessi síðasta ferð mín til Akureyrar var öðruvísi en hinar allar. Fyrir henni var engin tilhlökkun, bara kvíði. Kvíði fyrir því að yfirgefa heimili mitt og fjölskyldu og þurfa að vera í ókunnu húsi og umhverfi og með fólki, sem ég þekkti ekki neitt. Það er ekki létt fyrir neinn, allra síst fyrir fimm ára gamalt barn, sem þar að auki er veikt. Ég var búin að vera

hérna á sjúkrahúsinu í nokkrar vikur. Það voru að koma páskar og ég hafði vonað svo heitt að pabbi og mamma kæmu í heimsókn. Ég vissi að systkini mín kæmu sennilega ekki. Að minnsta kosti ekki þau yngri. Þau máttu ekki koma í heimsókn. Ég hafði fengið páskaegg á síðustu páskum og það var svo gaman. Ég var að vona, að þau kæmu og gæfu mér páskaegg. Mér var reyndar alveg sama um páskaegg, en það hlaut að vera góð ástæða til að koma. Ég hugsaði sem svo, að þau yrðu bara að koma til að ég fengi páskaegg. Já, þau yrðu að koma núna. Ég beið spennt eftir heimsóknartímanum þennan dag. Þau kæmu örugglega, því það var svo stutt í páskana. Þeir voru um næstu helgi. Fólk fór að birtast í stofunni okkar. Pabbar og mömmur hinna barnanna. Ég sat í rúminu mínu og starði á hurðina. Fleiri og fleiri komu með pakka og páskaegg. Nú komu inn tvær stálpaðar stúlkur, sem ég þekkti ekkert. Þær horfðu á mig og spurðu um nafnið mitt. Jú, það passaði; þær voru að koma til mín. Við erum frænkur þínar sögðu þær. Ég var mjög hissa; ég þekkti þær ekki neitt. Ég hafði aldrei séð þær áður. Við vorum allar feimnar og vandræðalegar og þær stoppuðu ekki lengi, en þær skildu eftir stórt páskaegg handa mér, þegar þær fóru. Þetta er frá mömmu, sögðu þær. Ég horfði á eftir þeim, þegar þær fóru: starði á hurðina. Nú hlytu pabbi og mamma að koma. En þau komu ekki. Þau komu heldur ekki í heimsóknartímanum um kvöldið. Afasystir mín kom þá og hún var líka með stórt páskaegg handa mér. Hún sagði mér, að það væri mjög vont veður úti og þess vegna gætu pabbi og mamma ekki komið. Hún var mjög góð við mig og ég sat í fangi hennar og hjúfraði mig að henni. Ég saknaði pabba og mömmu og ég saknaði systkina minna. Ég saknaði líka Hríseyjar og allra þar.

Það, sem ég vissi ekki var, að pabbi minn, sem þá var 34 ára gamall, var núna úti á sjó. Hann hafði farið í sól og góðu veðri um morguninn á Auðunni EA frá Hrísey. Baturinn hafði legið á Húsavík um nóttina og héldu þeir þaðan á miðin. Ætlunin var að leggja netin við Langanes. Skips-

félagar hans voru fjórir og yngstur var sonur skipstjórans, aðeins 18 ára gamall. Allir búsettir í Hrísey. Um hádegíð voru þeir komnir skammt austur fyrir Langanes, þegar hann rauk skyndilega upp með 11 vindstigum og frost fór niður í 11 stig á Vestfjörðum. Þetta mikla óveður kom frá Norður-Grænlandi. Ekki var samkvæmt veðurspám búist við því fyrr en daginn eftir. Strax var tekin sú ákvörðun að sigla upp í veðrið til hafs. Skyndilega losnaði trossa í bátnum og fór í sjóinn. Pabbi og annar skipverji náðu með harðfylgi að koma henni aftur um borð í þessu óskaplega veðri. Ekki hefði verið spurt að leikslokum ef trossan hefði lent í skráfunni. Annar bátur var þeim samferða, en það var Svanurinn frá Akureyri. Þessir tveir bátar sigldu hlið við hlið. Þeir keyrðu í rólegheitum til hafs og skvettu frá sér þegar þeir hjuggu. Stundum sagðist pabbi hafa haldið, að nú væri Svanurinn farinn niður eftir að þeir fengu á sig öldurnar aftur og aftur og bylurinn var sem svartastur. Eins var það með skipverja Svans, þeir héldu stundum, að nú væri Auðunn kominn á botninn. En lánið elti þessa tvo báta. Þeir mættu löskuðum síðutogara, sem komst loks í höfn á Akureyri til viðgerðar. Öll fjarskipti duttu út. Skipverjar voru af og til úti á dekki í veðurofsanum að berja ís af bátnum. Pabba hafði dreymt draum áður en hann fór frá Húsavík. Honum fannst í draumnum hann vera að koma af sjónum og móðir hans, sem líka bjó í Hrísey, tók á móti honum. Harm hugsaði um drauminn og var viss um að allt færi vel að lokum hjá þeim. Til þess að hughreysta unga drenginn, sem var um borð, sagði hann honum drauminn og það stappaði stálinu í drenginn. „Svo fékk ég styrk frá æðri máttarvöldum“ sagði pabbi. „Hræðslan kemur ekkert fyrr en eftir á, en þá verður maður bara að spýta í lófana og halda áfram“. Svona var keyrt áfram mílu eftir mílu á meðan veðrið gekk yfir. Ekki var snúið við fyrr en lygndi. Eftir þrjá sólarhringa sigldi Auðunn ísaður inn til Kópaskers ásamt Svani. Enn fylgdust þessir tveir bátar að. Þegar komið var í land á Kópaskeri, gátu mennirnir um borð fyrst komist í síma og hringt heim til þess

að láta vita, að allt var í lagi með þá. Þá fréttu þeir líka að fiskiskip og fimm smærri bátar höfðu farist og sextán menn alls drukknað í þessu mikla óveðri. Biðu þeir nú þarna eftir því að veðrið gengi niður að fullu áður en þeir héldu aftur heimleiðis til Hríseyjar. Á leið heim lögðu þeir helming netanna við Flatey og hinn við Kjálkanes og vitjuðu þeirra svo daginn eftir. Það var mokveiði.

Það sem ég vissi ekki heldur var, að á með ég beið eftir pabba og mömmu var mamma mín að biða eftir að pabbi kæmi heim. Hún heyrði á bátabylgjunni í útvarpinu í skipverja á Víði frá Grenivík, að þeir væru rétt ókomnir heim, því þeir hefðu fyrir tilviljun lent á legufærunum sínum í höfninni á Grenivík. Þeir höfðu ekkert vitað hvar þeir voru staddir fyrir veðurofsanum. Veðrið hafði verið dásamlegt um morguninn og mamma, ekki frekar en aðrir, átt von á þeim ósköpum, sem nú dundu yfir um hádegisbilið. Auðunn og allir hinir bátarnir á sjónum og hún sá ekki út um gluggana, hvort einhver væri á leið í land fyrir veðurhamnum. Tíminn leið og ekki var annað hægt en að láta sem ekkert væri og halda sínu striki. Þarna var hún með þrjú börn heima og eitt á sjúkrahúsinu á Akureyri. Börnin máttu ekki verða vör við, að hún væri hrædd, og hún sagðist „hafa fyllst einhverjum æðri styrk“. Henni var gefinn kraftur. Á meðan hún vissi ekki annað ætlaði hún að hafa þá bjargföstu trú, að Auðunn mundi skila sér heim heilu og höldnu. Dagurinn leið og kvöldið líka. Ung stúlka úr þorpinu kom til að gista hjá henni. Einnig komu nágranni okkar og föðurbróðir minn til þess að athuga hvort allt væri í lagi og hvort þeir gætu eitthvað liðsinnt mömmu. Næsti dagur leið og sú nótt líka. Mamma hamaðist við að baka til páska og þá hafði hún um eitthvað að hugsa. Skelfilegar fréttir voru komnar í útvarpinu af bátum, sem höfðu farist og þar af voru fjórir frá Dalvík, sem var hinum megin við fjörðinn og þeir bátar höfðu verið á sjó á nálægum miðum og Auðunn. Á þriðja degi var svo loksins hringt. Pabbi var í símanum. „EKKI er hægt að lýsa þeirri gleði, sem greip mig“ sagði mamma. „Því

er alls ekki hægt að koma í orð“. „Samt var ég allan tímann búin að vera ótrúlega róleg og yfirveguð og sannfærð um, að ég fengi manninn minn aftur heim“.

Ekkert af þessu vissi ég. Ég hafði ekki hugmynd, hvað ég var heppin þessa páskahátíð. Ég fékk pabba minn heim aftur af sjónum, en það sama er ekki hægt að segja um þau 19 börn, sem ekki voru eins heppin. Ég var reyndar það ung þá, að ég gerði mér enga grein fyrir því hvað pabbi minn var hætt kominn þessa daga í aprílbyrjun árið 1963. En þegar ég hugsa um árin öll, sem ég hef verið svo lánsöm að hafa þau mömmu mér við hlið, þá get ég ekki verið annað en þakklát forsjóninni fyrir að hafa gefið mér þá stærstu gjöf, sem hægt er að biðja um. Þá gjöf er ekki hægt að bera saman við páskaegg. Enn í dag hringja þeir tveir, sem eftir lifa af skipsfélögunum á Auðunni, í hvorn annan þann 9. apríl hvert ár til að minnast og þakka lífgjöfina.

BERNHARÐ HARALDSSON

Sauðabjófnaðir á Myrká í Hörgárdal – Síðari hluti

Mál Magnúsar Þórðarsonar og annarra vinnuhjúa árin 1813-1814

Bernharð Haraldsson fæddist í Glerárþorpi 1939. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1959 og stundaði næsta ár nám í þýsku í Vestur-Þýskalandi. Hann lauk BA-prófi í landafræði, mannkynssögu og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands 1966 og stundaði framhaldsnám í hagrænni landafræði við Kaupmannahafnarháskóla 1988-1989. Bernharð kenndi við Gagnfræðaskóla Akureyrar 1960-1962, Gagnfræðaskóla Vesturbæjar í Reykjavík 1966-1967 og við Gagnfræðaskóla Akureyrar 1967-1983, og var síðasta árið skólastjóri. Frá 1983 til ársins 1999 var hann skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri. Eftir hann eru tvær bækur: Um verkmenntun við Eyjafjörð og Verkmenntaskólann á Akureyri 1984-2004, útg. 2005 og Gagnfræðaskóli Akureyrar-Saga skóla í sextíu og sjö ár, útg. 2009, en hann var ritstjóri og aðalhöfundur. Hann vinnur nú m.a. að gerð ábúendatafs í Skriðuhreppi hinum forna á 19. öld.



Það er með miklum ólíkindum, að á sama bænnum komist tvisvar upp um sauðabjófnað á fjórum árum, eins og gerðist á Myrká í Hörgárdal árin 1812-1815. Þar við bætist, að Myrká var prestssetur. Þetta voru tvö aðskilin mál og frá hinu fyrra, en þar var unglingpilturinn Benjamín Ketilsson að verki í fákænsku sinni, var sagt í Súlum á síðasta ári. Síðara málið, sem hér er fjallað um, en þar komu vinnhjú prestsins, tveir vinnu-

menn og fjórar vinnukonur, og voru þrjár þeirra systur, við sögu, var miklu alvarlegra. Þau stálu og hagnýttu sér líklega 24 kindur og er það líklega mesti sauðabjófnaður, sem framinn hefur verið í Eyjafjarðarsýslu og heimildir eru um. Þar virðist hungur hafa ráðið för og er hlutur húsbændanna, prestshjónanna, mikill, en þau virðast hafa skammtað fólki sínu minni mat en til var ætlast og þar með brotið á þeim.



Í dyrum stendur Rannveig Ólafsdóttir (1876-1951), en lengst til hægri sér í Helgu Guðríði Guðmundsdóttur (1867-1951), en þær eru ömmur og langömmur barnanna á næstu mynd. (Eigandi: Þórunn Ármannsdóttir á Myrká)

Réttarhald á Myrká 17. maí 1815

Hinn 17. maí 1815¹ setti og hélt Gunnlaugur Briem², sýslumaður Eyfirðinga, aukarétt að Skriðu í Hörgárdal. Viðstaddir voru þingvottarnir Guðmundur Rögnvaldsson³ í Fornhaga og Jón Steingrímsson⁴ í Dagverðartungu. Tilefnið var bréf frá Jóni Flóventssyni⁵, hreppstjóra, dagsett 11. maí, um að

1 Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu 17. maí 1815

2 Gunnlaugur Briem (1773-1834) var sýslumaður Eyfirðinga 1807-dd.

3 Guðmundur Rögnvaldsson (1760-1821) bjó á Ásgerðarstöðum 1787-1802 og í Fornhaga 1802-1817, en flutti þá austur á land. Kunnust barna hans er skáldkonan og ljósmóðirin Rósa Guðmundsdóttir, betur þekkt sem Vatnsenda-Rósa.

4 Jón Steingrímsson (1760-1826) bjó í Ytri-Brekkum í Blönduhlíð 1795-1797, í Myrkárdal 1797-1802, í Dagverðartungu 1802-1822 og í Saurbæ 1822-1826

5 Jón Flóventsson (1770-1862) bjó fyrst á Ásláksstöðum og Stóru-Brekku í Arnarneshreppi, en 1804-1854 í Stóra-Dunhaga í Skriðuhreppi. Hann var hreppstjóri í áratugi og síðar Dannebrogsmáður

uppvíst hefði orðið um sauðapjófnað á Myrká þar í hreppi. Einnig voru mættir stefnuvotturinn Erlendur Þórðarson⁶, b. á Öxnhóli og þingvotturinn Halldór Jónsson⁷, b. í Búðarnesi, sem samkvæmt skipan sýslumanns höfðu meðferðis hina ákærðu þjófa, þá Magnús Þórðarson⁸ og Jóhannes Jónsson auk „Hjálpara“ þeirra, systranna frá Barká, þeirra Bjargar⁹ og Sæunnar¹⁰ Matthíasdætra, en öll voru þau til heimilis á Myrká. Ennfremur var mættur stefnuvotturinn Jón Jónsson, b. á Hesjuvöllum í Kræklingahlíð og með honum Helga Jónsdóttir¹¹, vinnukona í Bitrugerði þar í sveit, en fyrr á Myrká.

Þá voru allir tilkvaddir mættir og sýslumaður gat hafið réttarhöldin.

Magnús yfirheyrður

Nú var Magnús leiddur fyrir réttinn og spurður hvort hann viðurkenndi og stæði við þá játningu, sem hann hefði gefið Jóni hreppstjóra í vitna viðurvist hinn 11. þ.m. og játti hann því og að rétt sé eftir sér haft. Í annan stað „var hann spurður hvört hann og hans Samlags Bróðir hafi nú ekki tekið fleiri Kindur en þær sem hann muni Mörkin á, þar eð ótrúlegt virðast megi að hann hafi svo sterka Eftirtekt og Minni“ að hann muni öll eða næstum öll mörk þeirra. Magnús skuli nú játa tölu þeirra kinda, sem þeir hafi tekið, bæði næstliðið haust og hið fyrra. Magnús segir þá hafa tekið 24 kindur, 16

6 Erlendur Þórðarson (1778-1826) bjó á Öxnhóli 1809-1826, hann var hreppstjóri.

7 Halldór Jónsson (1774-1857) bjó í Búðarnesi 1809-1825, en flutti þá vestur í Skagafjörð og bjó þar á ýmsum jörðum til æviloka. Hann var sonur síra Jóns Jónssonar á Myrká af fyrri hjónabandi.

8 Magnús Þórðarson, (1789-1860) kallaður „sæti“. Hann bjó í Hátúni 1821-1829, en var lengstum í vinnumennsku, síðustu árin í Skagafirði.

9 Björg Matthíasdóttir, (1795-1847), bústýra frænda síns (þau bræðrabörn) Sigurðar Benediktssonar, b. í Hvanndölum 1840-1845, síðan í tvíbýli á Kvíabekk í 1845-1846 og enn í tvíbýli á Vemundarstöðum 1846-1847, báðir bæirnir í Ólafsfirði. Hún var dóttir Matthíasar Jónssonar, b. á Barká 1817-1825 o.v.

10 Sæunn Matthíasdóttir, f. 1797, d. 1889, sem átti Benedikt Ólafsson, b. á Miðhálsstöðum 1838-1861. Hún var systir Bjargar.

11 Helga Jónsdóttir (1785-) f. á Ásláksstöðum í Kræklingahlíð, sem var vinnukona í Bitrugerði 1815 og í Efsta-Samtúni 1816

hið fyrra haustið og 8 hið síðara og af því sé aðeins eitt lamb, sem hann muni ekki markið á. Sýslumaður bendir nú Magnúsi á, að í játningu hans til hreppstjórans hafi fjöldinn verið 14 og 10, en hann svarar því til, að framburður hans nú sé hinn rétti. Sýslumaður vildi nú vita hvort hann hefði látið eitthvað af „Ablanum“ til annarra, en hann sagði engan á öðrum bæjum af þessu vitað hafa.

Þá spurði sýslumaður næst hvað gert hefði verið við gærurnar, höfuðin og innmatinn. Því svarar Magnús: „Sumt var hyrt; sumt var látið í Dý þar fyrir neðan Völlinn; hann rakaði nokkrar Gærur hann Jóhannes.“ Næst var spurt um hvar, hvernig og hvenær matreitt hafi verið, hvort eitthvað hafi verið geymt ósoðið og hvar þau hafi fengið eldiviðinn til suðunar. Þessu svarar Magnús, að þau hafi soðið í eldhúsinu á heimili þeirra að næturlagi „um Slátt og eptir hann“, kjötið hafi verið soðið í einu og jafnharðan. Eldsgögnin hafi þau fengið heima, auk taðs og spýtur tíndu þau á víðavangi, en ekkert hafi verið sótt til næstu bæja. Nú vildi sýslumaður vita hvort húsbændurnir hefðu aldrei séð mismiði á eldsgögnum þar heima eða vitað af þessu umstangi og fótaferð þeirra á næturnar eða haft orð á því. Því svarar Magnús neitandi. Sýslumaður efaðist, en Magnús kvaðst segja satt. „Jeg tala satt.“

Næsta spurning fjallar um verkaskiptingu þeirra. „Tókuð þið á Víxl Kindurnar eða báðir-hvörnig fóruð þið að, héldu Stúkurnar Fótunum meðan þið skáruð, og suðu og matreiddu; ein af þeim, tvær þeirra eða allar?“ Þessu svarar Magnús: „báðir gjörðum við það, og tókum Kindurnar alltið á Qvíum á Qvöldin, ekki hjálpuðu Stúlkur okkur til þess...“ Þeir hafi síðan geymt kindurnar í fjárhúsunum fram yfir háttatíma og skorið þær þar og oftast hafi stúlkurnar þvegið innan úr, hann hafi haldið fótunum, en Jóhannes skorið. Allar stúlkurnar þrjár hafi hjálpað þeim og matreitt.

Næsta spurning sýslumanns var: „Hvör ykkar tók fyrst uppá þessu og hvör Atburður eða Orsök dró ykkur eða þann sem uppá því tók, til þessa Athæfis með fyrstu? Tókuð það máski eptir öðrum?“ Magnús segir að upphafið hafa verið,

að hún Helga hafi soðið fyrir hann nokkrar grásleppur, sem hann hafi fengið gefins frá foreldrum sínum og í Búðarnesi¹², en þá hafi hún sagt, að hún treysti sér til að sjóða heilan sauð. Þetta sagði Magnús Jóhannesi og þá leiddi eitt af öðru og þau þrjú urðu ásátt um að taka sauð frá húsbóndanum. Tóku þau sauðinn kvöld eitt, rúðu hann og skáru um nóttina og matreiddi Helga hann þá sömu nótt og neyttu þau öll þrjú matarins. Ekki kvaðst Helga hafa áhyggjur af því þótt reykur sæist af öðrum bæjum því hún væri oft vön af gera graut að næturlagi. Um hálfum mánuði síðar, að því er Magnús minnti, kom hvítkollóttur hrútur saman við féð, eign amtmannsins á Möðruvöllum¹³, og hlaut hann sömu meðferð og sauðurinn prestins. Viku síðar tóku þau enn sauð, en eftir það liðu þrjár vikur uns þau tóku þann næsta, tvær kindur tóku þau fyrir sláttinn, tvo sauði um vallarsláttinn og einn til sláttarloka. Alls segir Magnús þetta hafa verið 16 kindur, en ekki er sagt frá þeim öllum í yfirheyrslunni.

Þegar til var tekið við þetta athæfi næsta vor, tók Helga þátt í tveim fyrstu þjófnaðunum, en eftir það fór hún úr vistinni, en Sæunn Matthíasdóttir kom í hennar stað og sá um eldamennsku fyrir húsbændurna og „einnig fyrir okkur“ segir Magnús, sem segist aldrei hafa átt tal við hana og að hún hafi gert það að bón Jóhannesar. Hún sýslaði við 3 kindur, en um sláttinn lagðist hún veik og var hún þá látin fara og Björg, systir hennar kom í staðinn. Magnús segir, að Björgu hafi verið nauðugt að aðstoða þá félag, en hafi látið tilleiðast fyrir bón Jóhannesar „þá hún í forvejen hafði afsagt, segjandi að við mindum öll á því falla og verða ólukkulig“. Ekki mundi Magnús hvort hún hjálpaði við tvær eða þrjár kindur, en hún sagist hætta þessu eða ganga úr vistinni ella. Þjófnaðinum lauk svo á engjalslætti. Bókuninni frá yfirheyrslu yfir Magnúsi lýkur á þessum orðum: „Inqvisit [sá yfirheyrði] hefur klökkur og auðmjúkur verið undir Yfirheyrslunni, og sýnt góða útvortis Hegðan.“

¹² Þar bjó þá Halldór Jónsson, sem var stefnuvottur í þessu máli.

¹³ Amtmaður var Stefán Þórarinnsson

Jóhannes yfirheyrður

Þá var Jóhannes kallaður fyrir og yfirheyrður. Fyrst spurði sýslumaður hve margar kindur þeir Magnús hafi tekið og skorið meðan þeir voru „Samþjónar“ á Myrká. Jóhannes segir þær hafa verið 22, það best hann muni, 15 hið fyrsta ár, „um Vorið og á Engjalslætti“ og annað árið 7 á sama tíma árs. Þarna ber þeim félögum ekki saman, hvorki um fjölda hvort sumar né í heildina. „...qveðst hann viljandi né vitandi afdraga Töluna hann muni ekki betur,...“ Jóhannes kveður þá Magnús hvorki hafa hist né talað saman frá því þeir gerðu skriflega játningu hjá hreppstjóranum og því ekki borið framburð sinn saman. Jóhannes segist ekki muna glögggt um upptökin að þessum þjófnaði, annað en Magnús hafi nefnt þetta við sig, er þeir voru að vinna saman.

Þá var hann, eins og Magnús, spurður um þátt stúlkanna og því svarar hann: „Zesselja¹⁴ var meðvituð um 3 Kindur, hún var vinnukona á Myrká 2 næstliðin Ár og fór þaðan í vor niður að Flögu, hún sauð bæði fyrir okkur og naut af með; báðar hinar Stúlkurnar eins, Sæunn og Björg, ekki aðrir viku af bæ og ekkert leit ég í burtu.“

Jóhannes ber, að gærurnar hafi ekki verið nýttar, þær hafi verið urðaðar, en höfuðin og innmaturinn hafi verið matreiddur og borðaður. Þarna ber þeim félögum ekki alveg saman. Honum ber saman við Magnús um eldiviðinn og að mestu um hlutverkaskiptinguna við slátrunina.

Þá spyr sýslumaður: „Hvör stúlkanna var viljugust til að

¹⁴ *Sesselja Matthíasdóttir*, (1793 - 1877). Hún átti (g. 18. okt. 1816) Guðmund Böðvarsson, f. um 1789, þá vinnumann í Staðartungu, síðar b. á Mógili á Svalbarðsströnd 1819-1821. Síðar átti hún Guðmund Jónsson, sem kallaður var „hrossabrestur“, f. um 1810, þau skildu vist, en síðast var hún bústýra Hálfdáns Nielssonar, „skálda“ f. um 1808 á Reykjum í Tungusveit, d. 14. ágúst 1881 í Þórðarseli í Gönguskörðum, b. í Skagafirði, á Vöglum í Blönduhlíð 1833-1834, í Kálfárdal 1841-1842 í Sauðárhreppi, Selhólum í sama hreppi 1841-1862, Trölleyrum í Gönguskörðum 1862-1863 og Þórðarseli 1861 til æviloka. Skagf. æviskr. segja Sesselju „í meðallagi vel kynnta.“ Hún var systir Sæunnar og Bjargar, er hér koma við sögu.

hjálpá ykkur?“ Hann segir það hafa í fyrstu verið Helgu. „og hvör var nauðugust?“ Jóhannes segir: „Það var Björg, hún eggjaði okkur af því og vildi ekki gjöra það; þó lét hún tilleiðast fyrir Bón okkar vænti jeg, þó helst Magnúsar sem alltaf var frekari í þessu en jeg, þó og láti tilleiðast og hafi því nú Ólukku af.“

Síðasta spurningin til Jóhannesar að þessu sinni var hvort hann vissi hver kindurnar hefði átt. Hann svarar því samviskusamlega játandi. „Amtmaðurinn átti flestar, 9 Talsins, 6 þaraf var veturgamalt, eitt fullorðinn Sauður, so voru ekki nema 2 og 2 sona frá Bæ, utan 4 af Húsbónda okkar, 2 frá Saurbæ, 1 frá Myrkárdal, 1 frá Staðartúngu, 1 frá Grjótgarði, 2 frá Tréstöðum, 2 frá Stórubrekku.“ Ekki vildi Jóhannes kannast við fleiri kindur en þær 22 og var hann ekki frekar spurður að sinni.

Helga yfirheyrð

Næst var Helga Jónsdóttir innkölluð og yfirheyrð. Aðspurð kvaðst hún hafa verið vinnukona á Myrká í fimm ár. Þá spurði sýslumaður hana hvort hún hefði orðið vör við ófrómleika á heimilinu og á hvern hátt. Hún sagði þau vera fjögur og nefndi Magnús, Jóhannes, sig og Sesselju Matthíasdóttur, nú í Flögu, en lýsir ófrómleikanum ekki nánar.

Sýslumaður vildi næst vita hvað hún gæti sagt um upptök-in og hver hefði fyrstur fundið upp á þessu athæfi. Helga svarar: „Hann Magnús fann uppá því fyrst; það dró til þess Sultur meinti jeg og hafði hann fyrst Orð um það, kom okkur svo þetta saman.“ Fyrst hafi þau tekið sauð frá húsondanum, en ekki kvaðst hún vita hverjum aðrar kindur hefðu tilheyrt, né hve langt hefði liðið á milli og taldi sig vita, að kindurnar hafi verið 10, piltarnir hafi skorið, en hún og Sesselja matreiddu. Þá var hún spurð hvort hún hefði boðið sig fram til aðstoðar við suðuna og svarar hún hálfjátandi, en hún hafi líka verið beðin. Að síðustu var spurt hvort húsbændurnir hefðu orðið þessa verka þeirra vör og hún svarar: „Oekki.“ Var þá yfiherslu lokið yfir Helgu.

Sæunn yfirheyrð

Þá var Sæunn Matthíasdóttir næst kölluð fyrir og yfirheyrð. Hún var eins og Helga spurð hvort hún vissi um ófrómleika á heimilinu og svaraði hún því játandi og að þar hefðu þeir Magnús og Jóhannes verið að verki. Þá var spurt hvort satt væri, að hún hefði hjálpað þeim að þvo innan úr og sjóða og svarar hún þá: „Það var langt frá því.“ Vissi hún hver sauð og því svarar hún, að það hafi þeir sjálfir gjört. Ekki vissi hún hve margar kindur höfðu verið teknar, utan einn lítt nýttur ræfill. „Viðara qveðst hún ekki vita. Og þá henni var tilkinnt að báðir þeir nefndu hennar Meðþjónar hefðu hvör í sínu Nafni sagt hana soðið hafa fyrir þá, segir hún það af, að hún játi það.“ Var henni þá sleppt.

Björg yfirheyrð

Þá var Björg kölluð fyrir og hún yfirheyrð. Aðspurð kvað hún Sæunni hafa unnið, en það hafi aðallega verið piltarnir, Magnús og Jóhannes. Þá var spurt hvort hún vissi hver hefði fyrir þá soðið og hún svarar: „Jeg held þeir hafi gjört það sjálfir það sem jeg vissi til.“ Hún svarar því neitandi, að hún hafi soðið fyrir þá.

Þá voru þau leidd saman fyrir réttinn piltarnir og Barkársysturnar og gagnspurð, en ekki voru þau sammála í einstökum smáatriðum, en aðalmyndin var orðin ljós og taldi sýslumaður rétt að fresta frekari spurningum til síðara réttarhalds. Var nú framburður þeirra upp lesinn og samþykktur sem rétt skrifaður. Að öllum formsatriðum frágengnum var þetta bókað: „Að síðustu Justeraði Rétturinn Varðhald þeirra seku Karlmanna Magnúsar og Jóhannesar ráðstafandi þessum til hvörs Hreppstjóra í Hreppnum sem Fanga-geymara, en Qvennfólkinu var gefið Heimferðarleyfi til að spara Varðhalds Kostnað...“, en þeir þóttu nú hættulegir þjófar.

Var svo þessu réttarhaldi slitið.



Systrasynirnir Ármann Þórir og Hreinn í umsjá móðursystra sinna, Bryndísar Rósfríðar og Þórunnar Ármannsdætra. Þessi mynd er tekin árið 1949. (Eigandi: Þórunn Ármannsdóttir á Myrká)

Réttarhald í Stóra-Dunhaga 14. júní 1815

Hinn 14. júní setti Gunnlaugur Briem, sýslumaður, rétt í Stóra-Dunhaga.¹⁵ Þingvottar voru nú Guðmundur Rögnvaldsson, b. í Fornhaga og Jón Steingrímsson, b. í Dagverðartungu og skyldi nú halda áfram meðferð sauðapjófnaðarmálsins á Myrká og eins marga næstu daga „sem Sökin útheimtir“, og var þetta gert að skipan amtmannsins. Hefur honum kannski fundist kostnaður við gæslu fanganna tveggja orðinn nógur baggi á amtskassanum.

Jón Flóventsson, hreppstjóri, lagði fram bréf amtmannsins dags. 29. maí þar sem hann er skipaður ákærandi í málinu. Honum er skipað að leggja fram formlega kæru á hendur þjófunum, vinnuhjúunum á Myrká og einnig húsbónda þeirra fyrir vanrækslu gagnvart vinnufólki sínu. Því næst lagði hann fram stefnur í málinu. Þá voru innkallaðir þeir Hallgrímur Þorleifsson¹⁶, b. á Þverá, sem verjandi, og sakborningarnir Magnús Þórðarson og Jóhannes Jónsson og

¹⁵ Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu, 14. júní 1815

¹⁶ Hallgrímur Þorleifsson (1764-1838) bjó á Þverá í Öxnadal 1795-1835. Hann var hreppstjóri um skeið.

Helga Jónsdóttir. Næstir voru innkallaðir bændurnir Halldór Jónsson í Búðarnesi, Hermann Hermannsson¹⁷ á Gunnarsstöðum, Þorsteinn Jónsson¹⁸ í Myrkárdal og Sigfús Rögnvaldsson¹⁹ í Saurbæjargerði og skyldu þeir „undir Eiðfestingu“ skýra frá vitneskju sinni um þjófnaðinn á Myrká ef þeir eitthvað vissu. Ennfremur var síra Jón á Myrká innkallaður sem eiðsvarið vitni og „sem nokkurn Part til að þola Dóm þessa Réttar, yfir hans undir Málsins Rannsókn fyrir finnandi Forsóman á Skyldum hans sem Prests og Húsbónda“. Ennfremur skyldi Jóhannes Hálfánarson í Bitruggerði koma fyrir réttinn og bera vitni um „sakapersónuna“ Helgu Jónsdóttur. Þá lagði ákærandi enn fram bréf um að Sesselja Matthíasdóttir, nú vinnukona í Flögu, en fyrr á Myrká, skylda mæta fyrir réttinn og vera yfirheyrð. Þá lagði Hallgrímur Þorleifsson fram bréf um að hann skyldi vera verjandi í þessu máli. Voru nú öll gögn komin og allir tilkvaddir mættir. Gat réttarhaldið því hafist.

Sesselja yfirheyrð

Fyrst var Sesselja kölluð fyrir og yfirheyrð. Hún kvaðst ekki vera „meðhjálpanði“, en lítilega meðvitandi, líklega „óbeinn“ þátttakandi. Hún hafi aldrei soðið fyrir þá, en nokkurs hafi hún notið af kjötinu, en sagðist ekki hafa vitað hvaðan það var fengið og talið, skv. sögusögn hinna, að það væri ekki illa fengið og reyndar kvaðst hún hafa orðið þess vör, að Magnús, Jóhannes og Helga hafi verið að sýsla með „innkeyptan Mat.“ Þá vill sýslumaður vita hvað þeim hafi gengið til að sjóða matinn á nóttunni þegar hann var heiðarlega fenginn. Sesselja svarar, að „til þess gáfust ekki Tólm-

¹⁷ Hermann Hermannsson (um 1776-), bjó Gunnarsstöðum 1813-1816, en hafði fyrr búið á Neðstalandi 1801-1811. Gunnarsstaðir voru nyrst í Landi Flögu; búskap lauk þar 1818.

¹⁸ Þorsteinn Jónsson (1767-1838). Þorsteinn hóf búskap í Flögu í tvíbýli við foreldra sína, Jón Þorsteinsson og k. hs Þuríði Bjarnadóttur, sem bjuggu í Flögu 1794-1803 og bjó þar 1794-1802, kom þá í Myrkárdal, en síðan var hann aftur í Flögu 1830-1831, en allra síðast var hann á Féeggsstöðum 1831-1837.

¹⁹ Sigfús Rögnvaldsson (1759-1835) bjó í Saurbæjargerði 1794-1817 og í Flögu 1822-1824

stundir á Daginn, síst um Sláttinn.“ Næst var spurt: „Hvörs-kyns Mat vissirðu keyptan og hvar, var líka ferskt Kjöt þaribland, og á meðal þess sem þú segist hafa fengið að smakka?“ Hún segir, að þeir hafi keypt bæði á Þúfnavöllum og í Saurbæ, hangikjöt hafi þeir keypt að vetrinum. Spurt var hvaðan þeir segðu kjötið vera. Sesselja svarar: „Ekki nefndi Magnús það, nema hann sagði jeg mætti óhrædd jeta það væri frjálst.“ Var yfirheyrslunni nú lokið.

Nú vildi Jóhannes falla frá fyrri framburði sínum „um Meðhjálp“ Sesselju, en fékk ekki „því Lögin segja að fyrir Rétti töluð Orð verði ei aptur kölluð.“ Fór nú allmikill tími í átök milli piltanna og stúlknanna um hver hafi gert hvað og sagt hvað, við hve margar kindur hver stúlka hafi unnið og hver hafi neytt, hvernig fengurinn hafi skipst á milli þeirra. Jóhannes segir aðspurður, að Sæunn og Björg hafi fengið sína hluti og Helga eins meðan hún var með þeim Magnúsi. Þetta staðfestir Magnús. Þeir eru báðir sammála um að skipt hafi verið í fjóra hluti. Um þetta var nokkuð rétt, en svo kvaðst ákærandi ekki spyrja fleiri spurninga.

Þá var komið að verjandanum. Hann spurði vinnufólkið fyrst: „Með hverju það sannaði, að það væri svo að hefði soltið eins og fyrirborið væri, hjá þessum Húsbændum, so að Sultur hefði komið því til að stela?“ Jóhannes svarar: „Það sannast af því að ég keipti með Vitund Húsbónða míns Hrossakjötið í Saurbæ,“ Hann segist ennfremur hafa keypt mat af Gunnlaugi²⁰ í Baugaseli, einnig Erlendi á Öxnhóli, Halldóri í Búðarnesi og hafi hann greitt með íleppum og vettlingum. Magnús kveðst hafa keypt mör og tólg í Fornhaga, einnig hjá Þorsteini á Reykjum, einnig haft hann keypt mat í Baugaseli, hjá Bjarna²¹ á Einhamri, Hermanní á Gunn-

20 Gunnlaugur Magnússon (1756-1811) bjó í Baugaseli 1811-1824, en fyrst bjó hann á Varmavatnshólum í Öxnadal, þá á Féggsstöðum 1785-1811.

21 Bjarni Árnason (1786-1848) bjó á Einhamri 1813-1822 Bjarni flutti héðan árið 1822 og vestur í Hálfðanartungur í Norðurárdal í Skagafirði og bjó þar til 1828, en 1832-1834 býr hann á Hraunshöfða og er sagður hafa þaðan flutt aftur til Skagafjarðar, en hefur líklega ekki búið þar, fremur verið í vinnu- eða húsmennsku, því hann er þar ekki í bændatali.

arsstöðum, dálítið af hrossafloti hjá Brynjólfi²² á Féggsstöðum, einnig hafi hann keypt mat af Erlendi á Öxnhóli og Halldóri í Búðarnesi. Þeir segjast vera skuldugir vegna matarkaupanna. Enginn stúlknanna segist hafa fengið mat utan heimilis, nema Sesselja, hún hafi keypt mat í Baugaseli.

Verjandi vill nú, að prestur verði spurður hvort hann hefði fundið að þessum matarkaupum vinnufólks síns. Því svarar prestur, að það hafi hann ekki gjört, „hann hafi ei viljað meina það litla hann hafi vitað, en af þessum Ósköpum hafi hann ekki vitað; hann hafi haldið það vera til Gamans eða þá Sælgætis. Sumum þætti Mjólkléttur matur. Magnús gegnir þartil: að Mjólklétti sé ekki létt heldur Vatnið í henni, þegar það sé eins mikið og Mjólkin.“ Síðan er, með leyfi réttarins, lýst mataræðinu á Myrká og virðist sem vinnufólkinu hafi verið skammtað minna en reglur kváðu á um og því hafi það orðið að grípa til þess ráðs að kaupa sér mat á öðrum bæjum. Svo var mataræðinu lýst af sakborningum: „Þar var borðað tvímælt, engin Átmatur á vetur, en vel að Sumur, Miðdegismatur á Vetur var Grasamjólkléttur og stundum einn Spaðbiti í, Helmingur og Þriðjungur Vatns í Mjólkinni; Málamatur var Skyr og Grautur og flóuð Mjólkléttur stundum útá, Árið um Kring, utan á Vorin Holtaróta Grautur og Grautur úr Hofblöðku²³ með Skyr á Sumrin. Skammturinn var 4Mka Askur, fullur á Sumrin, milli hálfis og fulls á Vetur, hálfur á Vorin. Þetta bera Piltarnir. En Stúlkurnar segjast hafa haft Graut og Skyr og Mjólklétt. Sesselja segist hafa haft Skyr, enda hafði hún átt betra en hinar. Helga segist oft hafa verið svöng, hún hafði líka haft mest Erfiði af Stúlkunum, hún hefði haft allt þóf á Heimilinu. Ei ætti hún nú eftir að hafa verið hjá Prestinum mestalla Æfi sína, annað en það hún stæði í.“

Þetta virðist vera minna en kveðið var á um samkvæmt

22 Brynjólfur Þorfinnsson (1779-1825) Brynjólfur bjó fyrst í Flöguseli 1806-1809, síðan á Féggsstöðum 1811-1814, í Saurbæjargerði 1817-1818 og að síðustu í Saurbæ 1818-1822. Hann var vinnumaður í Saurbæ 1801

23 Þ.e. hófsóley.

lögregluskipan frá 1720 og því virðist sem prestur hafi vanhaldið hjú sín.²⁴

Nú er rétt að líta til ársins 1814, nánar fyrra hluta ágústmánaðar, síðara sauðþjófnaðarsumarið. Þá er að hefja ferð sína um Ísland Skotinn Ebenezer Henderson, sem dvaldi hér tvö ár og fór um nær allt land m.a. til að selja Biblíur. Hann skrifaði um Íslandsferðina ágæta bók. Hann kemur að Myrká og segir svo frá: „En síra Hallgrímur [Þorsteinsson] fylgdi mér fram dalinn að Myrká, þar sem hann kynti mig prestinum, öðrum síra Jóni Jónssyni, virðulegum og greindum manni, sjötugum að aldri....Eftir að hafa gefið okkur ágætan rjóna²⁵, hafði hinn aldraði prestur fataskipti, ljet leggja á hest sinn og vildi ekki heyra annað en að fylgja mér á sóknamót.“²⁶ Það var ekki sama Jón og síra Jón, þá frekar en endranær.

Þá voru kallaðir fyrir réttinn bændurnir, sem fyrr voru nefndir ásamt Myrkárpresti, þeir Halldór í Búðarnesi, Hermann á Gunnarsstöðum, Þorsteinn í Myrkárdal, Sigfús í Saurbæ og Jóhannes í Bitrugerði. Þeir voru spurðir fram og aftur um vitneskju um þennan þjófnað og bættu þeir litlu sem engu við heildarmyndina, þótt lesa meg milli línanna grunsemd um að kannski væri ekki allt með felldu. Prestur áréttaði, að hann hafi brýnt fyrir vinnufólki sínu guðsótta og góða siði, en virðist ósköp lítið hafa gert sér grein fyrir hvað gerðist á heimilinu. Þá var komið að Jóhannesi í Bitrugerði, en hann var húsbóndi Helgu Jónsdóttur um þessar mundir. Hann kveðst ekki vita neitt meira en það, sem Helga hafi nú þegar meðgengið fyrir réttinum. Hann hafi reyndar vitað þetta fyrr og hafi orð Helgu, sem hún virðist hafa látið falla í hans viðurvist, „orsökuðust af Magnúse, þegar hann ekki í Vor vildi ganga við að hann væri Barnsfaðir hennar, því þá varð hún næstum milli Vita. Þá sagði hún frá því umspurða

24 Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, bls. 51

25 Leturbreyting mín, BH

26 Ebenezer Henderson: Ferðabók, Reykjavík 1957, bls. 34

Athæfi, eins og meðkinnt var;²⁷ Helga hafi sagt frá þessu upp yfir alla á heimilinu.

Þá var komið að þeim Halldóri í Búðarnesi og Erlendi á Öxnhóli, en þeir höfðu fengið það verkefni að leita sönnunargagna og m.a. að rannsaka dý það í Myrkárlandi, sem Magnús sagði, að þeir hefðu sökkt því, sem ekki var hirt, m.a. gærum. Aðspurðir hvaða verkfæri þeir hefðu haft, svöruðu þeir, að þeir hefðu haft „Hrífuskapt langt, og þar á Handfæris Aungul fastbundin, sem Krók.“ Ekkert hefðu þeir þó haft upp úr krafsinu, líklega „sakir Morku eður Rotnunar“. Síðan sóru allir þessir menn eið að framburði sínum. Þannig lauk þinghaldi þessa dags.



Myrká á okkar dögum. (Ljósmynd frá Guðmundi Steindórssyni.)

Réttarhald í Stóra-Dunhaga 15. júní 1815

Næsta dag, 15. júní, var réttur aftur settur á sama stað²⁸. Nú voru þingvottar þeir Halldór Jónsson í Búðarnesi og Erlendur Þórðarson á Öxnhóli. Réttarhaldið hófst á því, að ákær-andinn, Jón Flóventsson, kallaði sakborninga fyrir réttinn

27 Helga öl dóttur 21. febr. 1815 í Bitrugerði og er hún skráða „óegta“ í kirkjubókinni en Magnús Þórðarson sagður faðirinn. Helga Magnúsdóttir varð 6 ára, dó 1. ágúst 1821 í Hraukbæjarkoti.

28 Dóma- og þingbók Eyjafjarðarsýslu, 15. júní 1815

ásamt verjanda þeirra til að hlýða á ákærana og dóm að þola. Verjandinn lagði fyrir sitt leyti fram skjal til varnar. Einnig voru lagðir fram reikningar yfir kostnað og laun verjanda og sækjanda.

Nú var síra Jón Jónsson innkallaður og las sækjandi nú upp samkvæmt tilskipan amtmanns bréf sitt um ámæli prestsins, síra Jóns Jónssonar á Myrká, sem húsbónda, vegna „Ásigkomulags og Kringumstæðna þessa Máls“ og „slúttar með því Uppástandi [kröfu] að prestur sé af þessum Rétti dæmdur í arbitrær Múlt [sýndarsekt] til Fátækra Prests Ekkna“ eða að gerð verði dómssátt.

Prestur tekur nú til varnar: „Jeg hefi þar á gjört mína Skyldu, það veit Guð og Samviska mín, hvað sem aðrir þenkja, ég áminnti hjú mín þráfaldlega, en jeg má segja um þau eins og þar stendur: þér hafið eigi viljað. Jeg hef ekki getað gjört að því þó að mínar áminningar hafi engan Ávöxt fært. En þessi þeirra Lifnaður datt mér ekki í Hug...“

Sýslumaður bar fram, að láta koma til dóms „hans sem Húsbónda Tillitsleysi á Heimilinu, fyrir hvört Möguleikinn til þessa mikla Þjófnaðar mætti sýnast að hafa orðið“- hvort presturinn „til Forlíkunat“ [í sáttaskyni] vilji ekki gefa 20 álnir til hreppskassans og verði hann þá laus allra mála. Síra Jón féllst á það og lýsti þá sýslumaður því yfir, að ef hann greiddi fyrir fráfærur, væri málið úr sögunni. Það mun hafa gengið eftir.

Eftir þetta kváðust bæði sækjandi og verjandi leggja þetta sauðapjófnaðarmál undir „Réttarins mildilegan Dóm.“

„Að öllu framanskriðuðu athuguðu, dæmist rétt að vera: Sauðapjófarnir Magnús Þórðarson og Jóhannes Jónsson fyrrum Vinnumenn á Myrká, skulu innfestast til Erfðis í Kaupmannahafnar Tugthúsi í Fim Ár. En Meðvitendur Þjófa þessara Helga Jónsdóttir, Sæun, Björg og Setzelia Matthíasdætur, fyrrum Vinnukonur á Myrká, skulu setjast í Kaupmannahafnar Forbetrunarhús, fyrst nefnd í Tólv, og hinar í Nyiu Mánuði.“ Auk þess skyldu þau greiða háa upphæð í málskostnað.

Málið fór fyrir Landsyfírréttinn og var tekið til dóms 15. sept. um haustið²⁹. Í inngangi að dómsorði er málið rakið í aðalatriðum. Þegar kemur að aðbúnaði vinnufólksins er til matar tekur er prestsins hvergi getið og ekki, að hann hafi skammtað hjúum sínum of lítið og þar með brotið á þeim, eins og nefnt er heima í héraði. Um þetta segir: „Að sönnu frambora þjófar þessir, að kljen matarskamtur og sultur í prestsins vist hafi orsakað þetta uppátæki þeirra, en hvorki er hann sannaður, yfirkvartaður fyrir hreppstjóra eða yfirvöldum, nje heldur líklegur um hásumar, þá þessi þjófnaður fram fór.“ Þá er nefnt: „...gott og meinlaust undanfarið framferði eftir fyrri húsbænda vitnisburðum með öðru fleira...“ Ekki vill rétturinn að sakborningar sigli: „Endilega samsinnir defensor[verjandi] aktori[sækjanda] þar í, að svo sem konungsbréfið af 25. júlí 1808 sje enn nú óraskað, svo geti áminstar sakapersónur engan veginn dæmt í annað en Íslenskt tugthús, því siður sem hitt sjáanlega herti það lögsetta straff, ef sakapersónurnar ættu að hrekjast úr sínu í ókunnugt land. Enda sje það yfirvaldanna að sorga fyrir executive meðulum, ef sú um stund stansaða oeconomie við landsins tugthús hindri hennar framkvæmd á reglulegan og lögsettan hátt.“ Hér verður að hafa í huga, að Napóleonsstýrjöldum var nýlokið, fjárhagur Dana í rúst og tugthúsið í Reykjavík var ekki starfrækt lengur.

Ísleifur Einarsson³⁰ kvað því svohljóðandi dóm:

„Því ályktast rétt að vera: Sauðapjófarnir Magnús Þórðarson og Jóhannes Jónsson eiga fyrir framinn sauðapjófnað að Myrká í Vaðlasýslu árin 1813-1814 að erfiða í 5 ár í Íslands tugthúsi. Helga Jónsdóttir fyrir meðvitund í honum hýðast 30 vandarhöggum, en systurnar Sæunn, Björg og Setzelia Matthíasdætur að frítakast frá rettlætisins frekari ákærum, þó svo að fyrteðar 6 ákærðar persónur standi sameiginlega

29 Landsyfírréttardómar og Hæstaréttadómar í íslenskum málum 1802-1873, II. b., bls. 7-11

30 Ísleifur Einarsson (1765-1836) var dómari við Landsyfírréttinn 1800-dd., síðast yfirdómari.

allan af mássókn gegn þeim löglega leiddan kostnað í ríkisbankaþeningum eftir silfurverði.“ Þeim var gert að greiða 35 ríkisbankadali, sem þó í bráð skyldu „útleggjast af justiskassanum móti endurgjaldi af eignum hinna sekuðu, ef tilhrökkva, annars við jöfnuð á amtið.“

HEIMILDASKRÁ

Dóma- og þingbækur Eyjafjarðarsýslu 1694-1842

Ebenezer Hendarson: *Ferðabók*, Reykjavík 1957

Eiður Guðmundsson: *Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna*, I-IV, Akureyri, 1982-1985

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir: „*Sá kann ekki að stela sem ekki kann að fela*“ *Athugun á sauðahjófnaðarmálum í Eyjafjarðarsýslu 1697-1838*. Ritgerð til B.A. prófs, Reykjavík, 2009

Landsyfírréttardómar og Hæstaréttardómar í íslenskum málum 1820-1873, Reykjavík 1919-1924

Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár*, I-V, Reykjavík, 1948-1952

HERMANN ÓSKARSSON

Háskólinn á Akureyri í aldarfjórðung

Dr. Hermann Óskarsson er fæddur 1951 á Húsavík og ólst upp á Laugum í Reykjadal S-Þing. Hann er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1972, lauk Fil. Kant. prófi í félagsfræði, félagsmannfræði og þjóðhagfræði frá Gautaborgarháskóla 1980 og doktorsprófi frá sama skóla 1996. Hermann er dósent við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri. Hann hefur starfað sem kennari við Háskólann frá stofnun hans 1987 og auk þess gegnt starfi deildarforseta um fjög-



urra ára skeið og fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum á vegum Háskólans.

Háskólinn á Akureyri er tuttugu og fimm ára á þessu ári og er þess minnst með ýmsum hætti allt afmælisárið. Í tilefni af afmælinu munum við hér á eftir skyggjast til baka í sögu Háskólans og m.a. rifja upp aðdragandann að stofnun hans, starfsemi og vettvang. Auk þess mun ég stuttlega minnst kynna minna af fyrsta rektor Háskólans, Haraldi Bessasyni heitnum, sem kom til starfa sumarið 1987 og gegndi starfinu til 31. ágúst 1994. Þá var Þorsteinn Gunnarsson skipaður rektor og núverandi rektor Stefán B. Sigurðsson tók við af honum 1. júlí 2009. Starfsemi Háskólans hófst formlega með hátíðlegri athöfn í Akureyrarkirkju þann 5. september 1987.



Stefán B. Sigurðsson rektor Háskólans á Akureyri.

„Fyrir hundrað árum þegar íbúar landsins voru einungis tæp eitt hundrað þúsund tókum við þá ákvörðun að stofna háskóla og á sá skóli, Háskóli Íslands, stærstan þátt í að Íslendingar eru sú menntaþjóð sem hún er í dag.

Fyrir tuttugu og þremur árum stofnuðum við síðan annan háskóla, Háskólann á Akureyri, sem átti einkum að leggja áherslu á að sinna íbúum utan suðvesturhornisins. Þeir íbúar eru í dag rúm hundrað þúsund talsins eða ívið fleiri en sá fjöldi sem bjó hér á landi 1911“

(Stefán B. Sigurðsson, 2010).

Í setningarávarpi sínu komst Haraldur Bessason svo að orði:

„Á þessari stundu efnum við til hátíðar sem vissulega máætla að minnst verði lengi í sögu íslenskra menntamála, sögu gjörvallar íslensku þjóðarinnar. Háskólakennsla er um það bil að hefjast á þessari slóð. Dyggilega hefur verið unnið að undirbúningi og árangur kominn í ljós“

(Haraldur Bessason, 1993, bls. 5).

Nú tuttugu og fimm árum síðar er aðdraganda og sögu Háskólans minnst í þriðja sinn á afmælisári hans.

Á tíu ára afmælishátíð Háskólans 1997 lagði þáverandi rektor, Þorsteinn Gunnarsson, áherslu á að tíu ára saga Háskólans væri saga eldhuga sem hefðu trúað á mátt mennta og



Haraldur Bessason rektor flytur ávarp í Akureyrarkirkju við setningu Háskólans á Akureyri 5. september 1987.

Fátt er jafn mikilvægt og góðar minningar. Ég minnst Haraldar Bessasonar fyrrverandi rektors Háskólans á Akureyri með glampa í augum iðkandi frásagnarlistina, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Haraldur ólst upp á fyrri hluta síðustu aldar og drakk í sig með móðurmjólkinni gullaldarmál og menningu kynslóðar sinnar.

Haraldur var brosmildur og hafði gaman af að segja þannig frá að áður en varði var bros á hvers manns vörum. Mál hans var auðugt af orðum, hugtökum og líkingum, sem hann gjarnan afbyggði með því að draga fram mótsagnir, nýjar tengingar og merkingu og vakti þannig kátínu áheyranda.

Það var mikil gæfa að kynnst Haraldi og er ég þakklátur fyrir þær minningar sem sú viðkynning skilur eftir sig.

(Úr minningargrein höfundar um Harald 25. apríl, 2009).

vísinda (Þorsteinn Gunnarsson, 1999). Þá benti hann einnig á að kennarar Háskólans, starfslið hans allt og nemendur hefðu skapað stofnunina og staðfest með starfi sínu metnaðarfullt og fjölbreytt háskólastarf. Starfsfólk Háskólans á Akureyri tókst með öðrum orðum á við það vandasama verk fyrstu tíu árin að veita þessu barni brautryðjendanna það veganesti sem dugði til að slíta barnsskónum.

Þorsteinn komst síðan svo að orði í lok ávarpsins:

Í upphafi átti Háskólinn á Akureyri aðeins eina bók. Á tíu ára afmælinu verður háskólinn að bjóða ykkur, góðir gestir, að ferðast hingað eftir hlykkjóttum malartroðningi og hýsa ykkur í tjaldi af því að það er ekki rúm fyrir ykkur annars staðar. En annmarkarnir í dag eru tækifæri morgundagsins og ég vona að með þessum móttökum lærið þið að meta þetta háskólasvæði sem er statt í miðju íbúðarbyggðar á Akureyri. Í dag býður okkar tækifærið að skapa hér glæsilega umgjörð og viðunandi aðbúnað fyrir kennslu og rannsóknir 1000 manna öflugs háskólasamfélags fyrir 15 ára afmæli háskólans”

(Þorsteinn Gunnarsson, 1999, bls. 6).

Lýsing Þorsteins á aðstæðunum á Sólborg á afmælisdaginn fyrir um fimmtán árum eiga að einhverju leyti við enn í dag þar sem eigið húsnæði Háskólans dugar ekki fyrir starfsemi hans. Svo fór sem Þorsteinn spáði um aðsóknina því á haustmisseri 2002, 15 árum eftir að háskólinn hóf starfsemi sína, stunduðu tæplega 11 hundruð (1072) nemendur nám í fimm deildum. Þá höfðu tæplega eitt þúsund (967) kándídatar brautskráðst frá Háskólanum.



Gestir á tíu ára afmælishátíð Háskólans á Akureyri hlýða á ávarp Þorsteins Gunnarssonar rektors 6. september 1997 í tjaldi sem reist var vegna þessa viðburðar.



Þorsteinn Gunnarsson rektor ávarpar gesti á tuttugu ára afmælishátíð Háskólans 8. september 2007.

Aðsóknin skapaði vandamál í þróun Háskólans og rekstri, sem varð að bregðast við. Alþingi vildi ekki skjóta til nauðsynlegum viðbótarfjármunum og háskólanum var gert að takmarka fjölda innritaðra nemenda. Halli varð í rekstri skólans og það safnaðist upp skuld við ríkissjóð fram til 2004. Háskólinn vann á sama tíma markvisst að endurskipulagningu starfseminnar til að koma böndum á vandann. Fram til 2007 tókst að draga úr útgjöldum og koma rekstrinum í viðunandi horf. Skuld Háskólans við ríkissjóð var þó enn fyrir hendi á afmælisárinu 2007, en hafði ekki aukist enda reksturinn í járnnum.

Háskólinn á Akureyri stóð á tímamótum á afmælisárinu 2007, hann var kominn af táningsárunum og fullorðinsárin framundan. Engan grunað þó að í vændum væri efnahagslegt hrun á Íslandi og áframhaldandi rekstrarerfiðleikar Háskólans af þeim sökum. Afmælisárinu var fagnað með ýmsum hætti allt þetta ár. M.a. var efnt til samkeppni um nýtt merki háskólans, sem var tekið í notkun 8. september 2007, á tuttugu ára afmælishátíð Háskólans.

Við þetta tækifæri minnti Þorsteinn Gunnarsson, þáverandi rektor, á að það hefði verið þörf á öflugum háskóla á

landsbyggðinni og að það hefði tekist þrátt fyrir andstöðu margra (Hermann Óskarsson, Laufey Sigurðardóttir og Þórir Sigurðsson, 2007a).

Áfram var unnið markvisst að endurskipulagningu rekstursins og áhersla samtímis lögð á að bæta gæði háskóla-starfsins og efla þjónustuna við nemendur. Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 jókst aðhald í rekstri í takt við niðurskurð fjárveitinga ríkisins. Námsframboðið dróst saman, námskeið voru sameinuð og kennarar, að prófessorum undanskildum, samþykktu að taka á sig tímabundna kjarskerðingu. Enn sér ekki fyrir endann á rekstrarvandann og ströngu fjárhagslegu aðhaldi á tuttugu og fimm ára afmælinu vegna afleiðinga efnahagshrunsins.

Þó umræðan um háskóla á Norðurlandi hafi í upphafi snúist talsvert um háskólanám í þeim landshluta þjónar Háskólinn í dag ekki bara Norðlendingum. Hann þjónar nemendum hvaðanæva að á landinu, ekki síst nemendum á höfuðborgarsvæðinu í samkeppni við aðra háskóla. Þessir nemendur stunda margir staðbundið nám á Akureyri og einnig svokallað lotunám þar sem þeir sækja Háskólann heim í nokkur skipti á námsönn. Fjölmargir nemendur stunda fjarnám sem fer fram í samstarfi við fjarnámsstaði víðs vegar um land, en lögð hefur verið áhersla á að þjóna nemendum óháð búsetu. Háskólinn tekur auk þessa á móti erlendum stúdentum á hverju ári og á í margþættu samstarfi við fjölmargar innlendrar og erlendar mennta- og rannsóknastofnanir. Háskólinn hefur veitt þremur mikilsvirtum einstaklingum heiðursdoktorsnafnbót, Haraldi Bessasyni, fyrrverandi rektor, Shirin Ebadi, friðarverðlaunahafa Nóbels og Nigel David Bankes, prófessor við lagadeild Háskólans í Calgary (Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Hermann Óskarsson, í prentun 2012).

Þýðing Háskólans á Akureyri fyrir samfélagið hefur verið mikil og margvísleg. Á þeim nær tuttugu og fimm árum sem Háskólinn hefur starfað hefur hann skilað hæfum kándídotum út í þjóðlífið. Kannanir Háskólans sýna að um 80% nemenda eiga lögheimili utan suðvesturhornsins þegar þeir hefja

nám og um 70% brautskráðra kándidata fara til starfa á landsbyggðinni. Háskólinn á þannig stóran þátt í að hækka menntunarstig íbúa á landsbyggðinni og er það í samræmi við væntingar sem til hans voru gerðar í upphafi. Þetta sýnir mikilvægi þess að framtíð Háskólans sé traust. Það er ekki síst fyrir tilstuðlan fjarkennslu Háskólans sem ætlunarverk hans hefur tekist á umliðnum árum. Fjarnámið hefur aukið námsmöguleika fólks ekki síst á landsbyggðinni í heimabyggð og vonir eru bundnar við að það muni eflast enn frekar í framtíðinni.

Það eru fleiri verðmæti sem streyma til landsbyggðarinnar fyrir tilstuðlan Háskólans á Akureyri en mannauðurinn og menntunin. Árið 2005 lét ég gera úttekt á áætluðu fjárstreymi inn í Eyfirskt samfélag af völdum Háskólans. Jón Þorvaldur Heiðarsson, sérfræðingur á RHA, gerði úttektina sem leiddi í ljós að gera mætti ráð fyrir að vegna Háskólans hefði komið inn í eyfirskt hagkerfi 1.506 mkr. meira árið 2005 heldur en ef enginn háskóli hefði verið í firðinum. Þetta eru umtalsverðir fjármunir en í áætluninni er tekið tillit til beinna fjárframlaga til HA á fjárlögum, innritunargjalda, aukafjárveitinga vegna húsnæðis og aukins fjölda nemenda og viðbótar vegna launahækkana og ritlaunasjóðs prófessora á því ári. Auk þessa er tekið með í reikninginn framkvæmdafé vegna nýbygginga og viðhalds og áætluð eyðsla staðarnema að teknu tilliti til námslána (Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2005).

Upphafið

Aðdragandinn að stofnun Háskólans á Akureyri var allnokkur en háskóla á Norðurlandi hafði borið á góma a.m.k. allt frá stofnun Menntaskólans á Akureyri 1930 þegar Bjarni frá Vogu andmælti á Alþingi stofnun menntaskóla á Akureyri með þeim orðum að ef Norðlendingar fengju menntaskóla núna þá mundu þeir heimta háskóla næst! (Hermann Óskarsson o.fl., 2007a). Framsýnn og forspár maður Bjarni.

Hugmyndin að stofnun háskóla á Norðurlandi er því um



Menntaskólinn á Akureyri.

áttatíu ára gömul. Um miðja síðustu öld mun Guðmundur frá Miðdal hafa nefnt háskóla á Norðurlandi þegar stytta hans af Jóni Arasyni var vígð 1955. Næst er til þess vitað að Davíð Stefánsson nefndi hugmyndina í hátíðarræðu á 100 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar 1962. Háskólahugmyndin var kynnt á Sal Menntaskólans á Akureyri um 1970 og minnst ég þess að hún var rædd meðal okkar nemenda á þessum tíma. Fyrir nokkrum árum rifjaðist upp fyrir mér að við Þorsteinn Gunnarsson, fyrrverandi rektor, ræddum háskólahugmyndina í bekkjarpartíi á þessum tíma. Nám á háskólastigi var til umræðu um 1980 þegar þáverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, skipaði nefnd (1982) sem skyldi gera tillögur um eflingu Akureyrar sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar (Hermann Óskarsson o.fl., 2007a).

Nefnd á vegum Akureyrarbæjar vann að framgangi málsins á árunum 1985-1987 og í framhaldi af skýrslu nefndarinnar þar sem lagt var til að stofnaður yrði sjálfstæður háskóli á Akureyri tók þáverandi menntamálaráðherra, Sverrir Hermannsson, ákvörðun um stofnun Háskólans á Akureyri, sem hóf starfsemi sína haustið 1987. Lög um

háskólann voru samþykkt á Alþingi árið eftir. Nú á 150 ára afmæli Akureyrarbæjar er háskóli á Norðurlandi orðinn að veruleika og hefur starfað í aldarfjórðung. Að minnsta kosti tvöföldu merkisafmæli er því fagnað á þessu ári á Akureyri.

Fyrstu starfsárin

Fyrsta starfsár Háskólans er mér í fersku minni en ég hóf störf þar strax haustið 1987 sem stundakennari. Margrét Tómasdóttir, námsbrautarstjóri heilbrigðisdeildar, segir frá því í ávarpi sínu á setningarhátíð Háskólans 1987 hverjir hafi verið ráðnir til starfa við heilbrigðisdeildina (Hjalti Jóhannesson og Stefán G. Jónsson, 1993). Af þeim sem hún nefnir í ávarpi sínu eru tveir kennarar ennþá starfandi, Sigurður Bjarklind og Hermann Óskarsson. Ég var þá nýkominn úr doktorsnámi í Svíþjóð, sem þó var ekki að fullu lokið, og hafði lýst yfir áhuga mínum nokkru fyrr við forsvarsmenn háskólamálsins að ég hefði áhuga á að starfa við fyrirhugaðan háskóla. Veturinn 1988 var staða félagsfræðings auglýst við Háskólann sem ég sótti um ásamt tveimur öðrum umsækjendum og í framhaldinu var ég svo fastráðinn þá um sumarið. Sigurður hefur lengst af starfað í fullu starfi við Menntaskólann á Akureyri og í stundakennslu og hlutastarfi við Háskólann á Akureyri.

Fyrsta ár Háskólans var boðið upp á fjögurra ára nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild og eins og hálfis til tveggja ára nám í iðnrekstrarfræði við rekstrardeild. Fjórir starfsmenn voru fastráðnir og nemendur 31, 13 nemendur í hjúkrunarfræði og 18 í iðnrekstrarfræði (Hermann Óskarsson o.fl., 2007a).

Á þessum tíma var ég í fullu starfi við Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA), sem kennari og námsráðgjafi og í hlutastarfi við Menntaskólann á Akureyri sem námsráðgjafi. Skrifstofa námsráðgjafa VMA var á þriðju hæð, syðst að austanverðu í húsinu við Þingvallastræti, í herbergi sem Haraldur rektor fékk síðar til afnota þegar hann lét af störfum sem rektor og gerðist kennari við kennaradeildina. Það voru

því hæg heimatökin með vinnuaðstöðu mína við Háskólann þegar ég hóf þar störf 1987.

Félagsstofnun stúdenta var stofnuð 26. október 1988 og bókasafn formlega opnað 16. júní 1989. Haraldur Bessason getur þess í ávarpi að í upphafi hafi Háskólinn á Akureyri aðeins átt eina bók, bókina um manninn. Síðan þá hefur bókasafn Háskólans eflst til muna. Fyrsta brautskráningin var frá rekstrardeild 16. júní 1989, en þá voru brautskráðir 10 iðnrekstrarfræðingar (Hermann Óskarsson o.fl., 2007a).

Næstu ár

Á næstu árum jókst námsframboðið við Háskólann (Árskýrslur Háskólans á Akureyri). Boðið var upp á 70 eininga nám í rekstrarfræði 1988, sem síðan var lengt í þriggja ára nám 1995 og eins árs viðbótarnám í gæðastjórnun. Sjávarútvegsdeild var stofnuð í janúar 1990. Boðið var upp á fjögurra ára nám í sjávarútvegsfræði. Matvælaframleiðslubraut var stofnuð við deildina haustið 1996. Kennaradeild kom til sögunnar 1992. Boðið var upp á þriggja ára grunnskólakennarnám sem hófst haustið 1993. Deildin bauð einnig nám til kennsluréttinda 1994 og nám á leikskólabraut 1996. Kennsla í iðjuþjálfunarfræði hófst 1997. Námsframboð sjávarútvegsdeildar og rekstrardeildar var samhæft 1998. Rekstrardeild var skipt í þrjár brautir, iðnrekstrarbraut með rekstrar- og sjávarútvegssviðum, rekstrarbraut með stjórnunar-, markaðs- og ferðaþjónustusviðum og loks tölvu- og upplýsingabraut. Þessu námsskipulagi var síðan breytt veturinn 1999-2000 og boðið upp á fjögur valsvið; ferðaþjónustu, fjármál, markaðsfræði og stjórnun. Heiti rekstrardeildar var breytt 2001 í rekstrar- og viðskiptadeild og voru fyrstu viðskiptafræðingarnir brautskráðir vorið 2002. Haustið 2004 var nafni deildarinnar síðan breytt í viðskiptadeild. Nám í nútímafræði hófst við kennaradeild haustið 2000. Nafni sjávarútvegsdeildar var breytt í auðlindadeild 2001. Námsbrautum var fjölgað við deildina veturinn 2002-2003 og námsframboð aukið. Nám var stytt úr fjórum í þrjú ár og jafnframt boðið upp á

eins árs B.S.-Honours viðbótarnám. Boðið var upp á B.S.-gráðu í fiskeldi, líftækni, sjávarútvegsfræði og umhverfisfræði. Boðið var upp á nám í tölvunarfræði haustið 2001 við nýstofnaða upplýsingatæknideild. Félagsvísinda- og lagadeild var stofnuð 2002 og kennsla hófst haustið 2003. Boðið var upp á þriggja ára nám í sálfræði, fjölmiðlafræði, samfélags- og hagþróunarfræði, nútímafræði og lögfræði. Auðlindadeild, upplýsingatæknideild og viðskiptadeild sameinuðust vorið 2006 undir merkjum nýrrar deildar – viðskipta- og raunvísindadeildar. Þriggja ára nám í þjóðfélagsfræði hófst við félagsvísinda- og lagadeild 2007. Kennaradeild og félagsvísinda- og lagadeild sameinuðust 2007 undir merkjum nýrrar hug- og félagsvísindadeildar sem tók til starfa árið eftir.

Nú er boðið upp á grunnnám á þremur fræðasviðum háskólans (Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Hermann Óskarsson, í prentun 2012). Á heilbrigðisvísindasviði eru kennd hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði. Á hug- og félagsvísindasviði, sem er fjölmennasta fræðasvið háskólans er boðið upp á félagsvísindi, fjölmiðlafræði, kennarafræði, lögfræði, nútímafræði og sálfræði. Viðskipta- og raunvísindasvið býður upp á kennslu í líftækni, náttúru- og auðlindafræðum, sjávarútvegsfræði og viðskiptafræði. Meistaránám hefur verið í boði frá 1997, fyrst í samstarfi við háskólann í Manchester í Englandi og síðar á eigin vegum frá 2000. Fyrstu meistaraneendurnir voru brautskráðir 26. febrúar 2000. Í dag býður háskólinn upp á meistaránám á öllum fræðasviðum, á eigin vegum og í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Háskólinn fékk viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á öllum þremur fræðasviðum 2008. Skólaárið 2010-2011 voru fastir starfsmenn Háskólans 187, 87 karlar og 100 konur. Skólaárið 2011-2012 eru nemendur 1784, 463 karlar og 1321 kona. Konur eru m.ö.o. um 74% nemenda. Háskólinn hefur brautskráð 3.855 kándidata frá upphafi (1989), 2.869 konur og 986 karla. Hlutfall kvenna af öllum brautskráðum kándidötum er því rúm 74% eða nánast það sama og hlutfall karla og kvenna á yfirstandandi skólaári.

Fjarnám

Hægt hefur verið að stunda fjarnám við Háskólann á Akureyri frá haustinu 1998. Fjarnám og fjarkennsla er mikilvæg sérstaða Háskólans, en hann lítur á það sem eitt af megin hlutverkum sínum að mennta fólk óháð búsetu. Fjarnámið hefur gjörbreytt aðgangi fólks að háskólamenntun. Nokkrar tilraunir voru gerðar með fjarkennslu og fjarnám áður en þessi nýbreytni hófst fyrir alvöru. Haustið 1997 fjarkenndi t.d. sá er þetta ritar frá Wisconsinfylki í Bandaríkjunum. Kennslan fór fram með þeim hætti að nemendur fengu vikulega sent með netpósti fyrirlestranótur og verkefni sem þeir síðan leystu heima á Akureyri og sendu verkefnalausrnar til baka. Nemendur fengu svo verkefnalausrnar sínar vikulega til baka með athugasemdum kennara.

Í upphafi fjarkennslu hér á landi var hún með ýmsu móti fram til síðustu aldamóta. Bréfanámskeið voru í upphafi sem síðan þróaðist með tölvutækninni í gagnvirkt og beint sjónvarpssamband kennara og nemenda. Í mínu tilviki haustið 1997 var um tölvusamband kennara og nemenda að ræða, sem var óbeint en gagnvirkt og án myndsambands. Engu að síður var þessi fjarkennsla vísir að fjarkennslu nútímans og gafst vel. Ástæða þessarar tilraunar var að mér hafði hlotnast Fulbright styrkur til námsdvalar við Háskóla Wisconsinfylkis í Madison og með þessum hætti var mögulegt bæði að þiggja styrkinn og gegna starfi sem kennari við Háskólann á Akureyri. Þá fjarkenndi Sigrún Magnúsdóttir, bókasafnsfræðingur, ásamt fleirum frá Akureyri á vormisseri 1998 á námskeiði við bókasafns- og upplýsingafræðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands (Sigrún Magnúsdóttir, Ragnheiður Kjærnested og Hólmkell Hreinsson, 1999). Þessi fjarkennsla var í rauntíma með hjálp myndfundabúnaðar og það fyrirkomulag var síðar tekið upp þegar fjarkennsla hófst við Háskólann á Akureyri haustið 1998. Í dag hefur heilbrigðisvísindasvið Háskólans, hafið fjarkennslu í iðjuþjálfunarfræði sem er hvoru tveggja í senn bein í rauntíma með hjálp gagn-

virks myndfundabúnaðar og óbein með upptöku fyrirlestra (mynd og hljóð) sem þýðir að nemendur geta notið kennslunnar þegar þeim hentar og án tillits til tíma- og staðsetningar. Auk þessarar miðlunartækni hefur fjarkennsla Háskólans fram til þessa notast við samskiptaforrit, eins og vefnámsumhverfið WebCT, WebDemo og Moodle, sem gera möguleg mun viðtækari samskipti kennara og nemenda en áður. Þessi fjarnámsforrit hafa að geyma póstforrit, vefumræðuvettvang og spjallrásir auk möguleika til framsetningar námsefnis á ólíku formi og námsmats. Samfelld skipulagt fjarnám hófst við Háskólann á Akureyri 1998 með fjarkennslu í hjúkrunarfræði á Ísafirði og var sá hópur fjarnemenda brautskráður 17. júní 2002 (Hermann Óskarsson o.fl., 2007a).

Síðan 1998 hafa fleiri námsleiðir bæst við á grunnnámsstigi og nú er boðið upp á fjarnám á öllum þremur sviðum Háskólans í öllum námsgreinum háskólans fyrir utan lögfræði (Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Hermann Óskarsson, í prentun 2012). Á heilbrigðisvísindasviði er í boði fjarnám í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði til BS-prófs. Hug- og félagsvísindasvið býður upp á fjarnám til BA-prófs í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, nútímafræði, sálfræði og kennarafræði. Á viðskipta- og raunvísindasviði er í boði fjarnám til BS-prófs í líftækni, náttúru- og auðlindafræði (Diplóma – í samstarfi við Háskólann á Hólum), sjávarútvegsfræði, viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og fjármál eða stjórnun og markaðsfræði. Lögð hefur verið áhersla á myndun nemendahópa í samstarfi við fræðslu- og símenntunarstöðvar um allt land. Nemendur hafa þar vinnuadstöðu, aðgang að netinu, myndfundabúnað og aðstöðu til próftöku. Um helmingur nemenda Háskólans eru fjarnemar í dag, en Háskólinn hefur brautskráð hátt í 1000 fjarnemendur frá upphafi.

Fjarkennsla hefur verið með ólíkum hætti við deildir Háskólans í gegnum tíðina og því skapast margháttuð reynsla á umliðnum árum. Heilbrigðisdeildin hóf þessa vegferð, eins og áður sagði, með fjarkennslu á Ísafjörð í samstarfi við fræðslumiðstöð á staðnum. Notaður var gagnvirkur mynd-

fundabúnaður og sjónvarpað beint frá kennslu í Háskólanum á Akureyri án upptöku fyrirlestra. Netið var jafnframt notað til samskipta kennara og nemenda. Rekstrar- og viðskiptadeild hóf fjarkennslu með svipuðu sniði haustið 2001, en fjarkennslan var aðskilin frá hefðbundinni kennslu og fór fram á öðrum tímum og yfirleitt án nemenda í sal.


Á þessum tíma hafði ég umsjón með námskeiði við Rekstrar- og viðskiptadeildina sem nefndist *Aðferðir og atvinnulíf* og annaðist fjarkennslu námskeiðsins að mestu. Fannst mér í fyrstu frekar óþægilegt að kenna nemendum sem voru einungis á fjarenda og aðeins illa sýnilegir í myndfundabúnaðinum. Hafði ég áður vanist því að hafa nemendur í sal ásamt því að þeir væru á fjarnámsstað þegar fjarkennt var, en það fyrirkomulag tíðkaðist á þessum tíma við heilbrigðisdeildina. Nýja fyrirkomulagið vandist fljótt, en ég var samt fljótur að heimila nokkrum nemendum úr nágrenni Akureyrar að vera viðstadda þegar þeir leituðu eftir því.

Þegar fjarkennsla hófst í kennaradeild var hún með svipuðum hætti og í rekstrar- og viðskiptadeild.

Haustið 2008 hófust svo upptökur við heilbrigðisdeild á öllum fyrirlestrum ætluðum iðjuþjálfunarfræðinemum því þá voru í fyrsta sinn teknir inn nemendur sem gátu nýtt sér námið án tillits til fjarkennslustaðar eins og áður hafði tíðk-

Helstu samstarfsaðilar eru:

Vesturland	Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Egilsstaðir	Þekkingarnet Austurlands
Húsavík	Þekkingarsetur Þingeyinga
Höfuðborgarsvæðið	Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar
Ísafjörður	Háskólasetur Vestfjarða
Reykjanesbær	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Sauðárkrúkur	Farskólinn - miðstöð símenntunar Norðurlandi vestra
Árborg	Háskólafélag Suðurlands
Vestmannaeyjar	Viska - Fræðslu- og símenntunarmiðstöð



Á myndinni má sjá hvernig fjarnámsstaðir Háskólans á Akureyri dreifast um landið (Háskólinn á Akureyri, 2012).

ast. Með þessum hætti gátu nemendur í fyrsta sinn stundað nám við Háskólann án þess að sitja fyrirfram ákveðna tíma á tilteknum fjarkennslustað. Nú gátu nemendur notið kennslunnar á þeim stað og tíma sem hentaði þeim sjálfum í heimatölvu sinni, auk þess að mæta í kennslulotur í Háskólann á Akureyri á hverri námsönn. Á þessum tíma var ég deildarforseti heilbrigðisdeildar og var tillaga um þetta námsfyrirkomulag samþykkt á deildarfundi vorið 2008. Markmiðið var að fjölga námstækifærum með því að gefa fleiri nemendum kost á að stunda námið og fjölga þannig í nemendahópnum. Við þessa breytingu tvöfaldaðist nemendafjöldinn og fór í 25 nemendur á ári, en við þann fjölda nemenda í iðjuþjálfunarfræði er nú miðað sem hámark í samkeppnisprófum í lok fyrstu annar ár hvert. Hér var um mikið framfaraskref að ræða í þróun fjarnáms og fjarkennslu og er það von mín að fjarnám þróist með þessum hætti við Háskólann enn frekar á næstu misserum.

Húsnæði

Sumarið 1987 fékk Háskólinn á Akureyri tvær kennslustofur til afnota á fyrstu hæð í Iðnskólahúsinu fyrir ofan Sundlaug Akureyrar, þáverandi húsi Verkmenntaskólans á Akureyri við Þingvallastræti 23 (Hjalti Jóhannesson og Stefán G. Jónsson, 1993).

Þar var kennsla haustsins 1987 undirbúin, haldnir fundir og tekið á móti væntanlegum starfsmönnum og nemendum. Fyrsta skólaárið og það næsta var kennt í tveimur kennslu-



Iðnskólahúsið við Þingvallastræti.

stofum í norðurhluta Íþróttahallarinnar, en vinnuaðstaða starfsmanna var í Þingvallastræti 23 og þar var einnig tölvuver skólans. Þá fékk háskólinn afnot af les- og kennslustofu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA). Um áramót 1988-1989 bættust við tvær kennslustofur í húsnæði Verkmenntaskólans við Þingvallastræti, sem komu í stað kennslustofa í Íþróttahöllinni. Vorið 1990 fékk Háskólinn til umráða allt húsnæðið við Þingvallastræti, að undanskildum kjallara hússins að norðanverðu, en þar var trésmíðaverkstæði Verkmenntaskólans staðsett fram á vor 1999 (Hermann Óskarsson o.fl., 2007a).

Í ársbyrjun 1990 fékk háskólinn leigulaus afnot til þriggja

ára af tveimur hæðum í húsnæði í eigu Kaupfélags Eyfirðinga við Glerárgötu 36 en háskólinn tók smám saman allt húsnæðið í Glerárgötu í notkun, samtals 1.893 fm. Var starfsemi á vegum háskólans í þessu húsi allt til ársins 2004.

Þá leigði Háskólinn sal fyrir kennslu í Oddfellowhúsinu við Sjafnarstíg frá 1994 til 2009 og kennt var einnig í KA heimilinu fyrsta starfsár kennaradeildar frá 1993-1994. Þá fór verkleg kennsla í efna- og eðlisfræði fram í Bröttuhlíð 6 á Akureyri, húsi sem áður hýsti Bröttuhlíðarskólann. Húsið var í eigu ríkisins, en Háskólinn hafði það til afnota um skeið. Í þessu húsi höfðu einnig svokallaðir „farkennarar“ heilbrigðisdeildar gístiaðstöðu um tíma. Þetta voru kennarar við iðjuþjálfunarfræðibrautina sem bjuggu í Reykjavík en komu vikulega norður til kennslu. Þá er að nefna að kennsla fór fram í verslunarhúsinu Sunnuhlíð um tíma (2005) í húsnæði KFUM og K og í gamla Húsmæðraskólanum við Þórunnarstræti, en þar var m.a. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) til húsa. Áður en Rannsóknastofnunin var formlega sett á laggirnar 1992 starfaði vísindanefnd við Háskólann sem skipuð var snemma sama ár. Nefndin hafði aðstöðu í Glerárgötu 34. Þá leigði Háskólinn einnig tímabundið í upphafi starfsemi sinnar skrifstofuhúsnæði í Amaróhúsinu í miðbæ Akureyrar.

Árið 1995 ákváðu stjórnvöld að Háskólinn á Akureyri myndi til framtíðar byggjast upp á svonefndu Sólborgarsvæði og hófst þar með sú uppbygging og endurnýjun á húsnæði sem enn stendur yfir. Sólborg var byggð á árunum 1967-1984 og var þar áður starfrækt heimili fyrir þroskahefta. Húsnæðið var formlega afhent Háskólanum á Akureyri þann 1. apríl 1995 og var það um 4.100 fermetrar. Rektor, fjármálaskrifstofa, námsráðgjöf og almenn afgreiðsla urðu fyrst til þess að flytja á Sólborg og gerðist það í septemberbyrjun sama ár (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og María Steingrímsdóttir, 1999).

Árið 1996 var efnt til samkeppni um hönnun húsa á Sólborg, bæði nýbygginga og eldri húsa. Ákveðið var að ganga til samninga við arkitektastofuna Glámu/Kím um tillögu



Hús Háskólans á Akureyri á háskólasvæðinu á Sólborg. Fremst eru Borgir, rannsókn- og nýsköpunarhús. Í baksýn má sjá tvo af stúdenta-bústöðum háskólans.

hennar og hefur sú tillaga verið grundvöllur allra síðari samninga um hönnun á Sólborgarsvæðinu (Hermann Óskarsson o.fl., 2007a). Eldri byggingar hafa verið endurnýjaðar að mestu leyti og áætlað er að hefjast handa á 25 ára afmælisárinu við næsta byggingaráfanga.

Borgir sem eru á Sólborgarsvæðinu og er fullbúið rannsókn- og nýsköpunarhús var tekið í notkun haustið 2004.

Húsið var byggt í einkaframkvæmd og eigendur þess voru



Háskólinn á Akureyri, Sólborg.



Borgir, rannsókn- og nýsköpunarhús.

upphaflega Landsafl en í dag eru það Reitir sem eiga húsið. Auk ýmissa eininga Háskólans hýsa Borgir fjölmargar samstarfsstofnanir hans (Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Hermann Óskarsson, í prentun 2012). Öll starfsemi Háskólans á Akureyri fer nú fram á háskólasvæðinu í húsakynnum Háskólans á Sólborg og á Borgum.

Í nóvember 1995 var Háskólanum færður að gjöf hluti jarðarinnar að Végeirsstöðum í Fnjóskadal. Gefendur voru afkomendur Karítasar Sigurðardóttur frá Draflastöðum í Fnjóskadal. Á árinu 2005 afsöluðu systkinin Arnór, Geirfinnur, Guðrún, Inga Dagmar og Jón Karlsbörn öllum eignarhlutum sínum í jörðinni til háskólans. Að auki afsöluðu Arnór og Geirfinnur til háskólans þremur sumarhúsum, einu bænahúsi og fleiri eignum á Végeirsstöðum (Háskólinn á Akureyri, 2006). Arnór ánafnaði einnig Végeirsstaðasjóði húsnæði í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð og íbúð í Furulundi.

Framkvæmdir hófust við IV áfanga á Sólborg í febrúar árið 2008 og þann 28. ágúst árið 2010 var þessi nýbygging vígð og öll starfsemi háskólans samankomin á einum stað (Háskólinn á Akureyri, 2011). Þá eignaðist Háskólinn loks langþráðan hátíðarsal ásamt glæsilegu anddyri og nýjum fyrirlestrasölum og kennslustofum. Áður hafði starfsemi há-

skólans farið fram víðsvegar um bæinn eins og áður kom fram.

Allt frá upphafi var hugað að húsnæði fyrir nemendur og lögð drög að byggingu stúdentaíbúða og hófst bygging stúdentagarða snemma árs 1989 (Hermann Óskarsson o.fl., 2007a). Fyrsti stúdentagarðurinn, Útsteinn við Skarðshlíð, var tekinn í notkun 1989. Síðar komu stúdentagarðarnir við Klettastíg 1992 og 1993, við Drekgil 2001, við Tröllagil 2004 og tvö fjölbýlishús við Kjalarsíðu bættust við árið 2008. Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri, FÉSTA, starfrækir stúdentagarðana. Þar eru 159 leigugeiningar, 131 íbúð og 28 einstaklingsherbergi. Í dag búa 280 manns á stúdentagörðunum, konur, karlar og börn.

Haraldur Bessason og fyrsta tölva Háskólans

Margs er að minnast frá þeim tuttugu og fimm árum sem ég hef starfað við Háskólann á Akureyri (Hermann Óskarsson, 2007b). Minnisstæðastur samstarfsmanna er tvímælalaust Haraldur Bessason. Ég kynntist Haraldi þegar ég hóf störf við skólann haustið 1987 en þó fyrst fyrir alvöru þegar hann lét af starfi sínu sem rektor og gerðist kennari við kennardeildina. Á þessum tíma hafði ég skrifstofu á þriðju hæð í Þingvallastræti, í gamla iðnskólahúsinu. Í næstu skrifstofu var Kristján Kristjánsson heimspekingur og síðan kom skrifstofa Haraldar, syðst á hæðinni og í hornherbergi sem ég hafði áður haft til afnota sem námsráðgjafi Verkmenntaskólans 1986–1988. Haraldur átti annað slagið til að banka uppá hjá mér og bjóðast til að sýna mér tölvuna sína. Gaf hann jafnan íbygginn til kynna að eitthvað verulega áhugavert væri um að ræða og að ég skyldi fylgja sér.

Tölva Haraldar var nokkuð komin til ára sinna, orðin svífasein en með afskaplega gott vald á íslenskri tungu, einkum þegar Haraldur sat sjálfur við lyklaborðið. Hreyfst ég mjög af þessu undrataeki, sem Haraldur þreyttist ekki á að sýna mér við hin ýmsu tækifæri, en þó einkum þegar hún snéri á Harald og tók völdin.

Haraldur rölti yfir til mín við þessi tækifæri, stundum með viðkomu hjá Kristjáni, sem hann átti þá einatt stutt en djúpspök samtöl við um ýmiss heimspekileg mál-efni. Við mig ræddi hann nær eingöngu um tölvur og jafnan sína eigin.



Fyrsta tölva Háskólans.

Hvers vegna Haraldur snéri sér til mín en ekki

Kristjáns er mér ekki fyllilega ljóst. Líklega hefur honum fundist samskipti sín við tölvuna sína varða meira félagsvísindin en hugvísindin. Svo kann hann að hafa borið visst traust til mín þar sem ég var á þessum tíma formaður tölvunefndar Háskólans. Reyndar hafði ég afar takmarkað vit á sjálfu gangverki tölvunnar og þaðan af minna á hugbúnaði og ferlum.

Þegar ég fylgdi í humátt á eftir Haraldi hugsaði ég oft með mér að vonandi færi hann nú ekki að rekja úr mér garnirnar varðandi innviði tölvunnar, uppbyggingu gangverksins og möguleika tölvutækninnar, svo ekki sé talað um framfarir í tölvumálum. Því þar með myndi vankunnátta mín opinberast og formennskan í tölvunefndinni fjúka út í veður og vind. Þegar inn á skrifstofu Haraldar var komið benti hann mér hæversklega að setjast í sinn stól við tölvuna. Sjálfur settist hann á lengdar og hóf að kenna mér á tölvuskrattann. Studdist hann þá iðulega við kennsluáðferðina „learning by doing“ eða svokallað athafnanám. Sú áðferð byggir á þeirri grunnhugmynd að með því að nemandinn prófi sig áfram á eigin spýtur þá öðlist hann aukið innsæi og reynslu sem gagnist best til náms. Sjálfur sat hann á lengdar og fylgdist glaðhlakkalegur með.

Er skemmst frá því að segja að Haraldi tókst yfirleitt að kenna mér eitt og annað á tölvuna sína nema ef vera skyldi

hvernig ætti að töfra fram það gullaldar mál sem honum sjálfum var í blóð borið. Sannfærðist ég á þessum tíma um að Haraldur væri ekki bara frábær fræðimaður heldur afskaplega góður kennari. Það var leitun að annarri eins ágætis tölvu og tölvunni hans sem þrátt fyrir aldur var ágætis kennslutæki. Hef ég síðan búið að þessari kunnáttu og þakka ég það Haraldi.

Ekki veit ég hvar umrædd tölva er nú niðurkomin, en ég hef þá trú að hún hafi verið fyrsta og eina tölvun í eigu Háskólans á Akureyri þegar Haraldur kom til starfa haustið 1987, eins og bókin góða um manninn. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið og bæði tölvu- og bókakostur Háskólans eflst á alla lund. Læt ég þar með lokið minningabrotum úr sögu Háskólans á Akureyri í tilefni af tuttugasta og fimmta afmælisári skólans. Megi okkar ágæti háskóli þroskast enn og dafna, um ókomin ár, svo hann geti áfram mætt kröfum nýrra tíma.

Þakkarorð

Ég vill þakka eftirtöldum fyrir yfirlestur og ábendingar á ýmsum stigum handritsins: Ólafur Búi Gunnlaugsson, Erlingur Harðarson, Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Karín María Sveinbjörnsdóttir. Þá eiga meðhöfundar mínir að eldri grein um Háskólann, þ.e. þau Laufey Sigurðardóttir og Þórir Sigurðsson, þakkir skildar fyrir þeirra hlut í núverandi grein. Þá þakka ég Steinunni Aðalbjarnardóttur, Jónasi Steingrímssyni, Guðmundi Heiðari Frímannssyni og Guðrúnu Kristinsdóttur fyrir mikilvægar upplýsingar. Loks þakka ég öllum öðrum ónefndum sem hafa verið mér innan handar við þetta verk.

Heimildir

- Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Hermann Óskarsson. (í prentun 2012). Háskólinn á Akureyri. Í *ÍSLAND, atvinnulíf og menning*. Kópavogur: Sagaz ehf.
- Haraldur Bessason. (1993). Setningarræða 5. september 1987. Í Hjalti Jóhannesson og Stefán G. Jónsson (ritstjórar), *Árbók Háskólans á Akureyri 1987–1992* (bls. 5-10). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Háskólinn á Akureyri. (2006). *Háskólinn á Akureyri. Ársskýrsla 2005*. Akureyri: Höfundur.
- Háskólinn á Akureyri. (2011). *Háskólinn á Akureyri. Ársskýrsla 2010*. Akureyri: Höfundur.
- Háskólinn á Akureyri. (2012). Fjarnámsstaðir Háskólans á Akureyri. Sótt af <http://www.unak.is/fjarnam>.
- Hermann Óskarsson, Laufey Sigurðardóttir og Þórir Sigurðsson. (2007a). Tuttugu ára saga Háskólans á Akureyri í hnotskurn. Í Hermann Óskarsson (ritstjóri), *Afmælisrit Háskólans á Akureyri 2007* (bls. xi-xxxv). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hermann Óskarsson. (2007b). Háskólinn á Akureyri tvítugur. *Heima er bezt*, 57(11): 541-543.
- Hermann Óskarsson. (2009, 25. apríl). Minningargrein um Harald Bessason fyrrverandi rektor Háskólans á Akureyri. *Morgunblaðið*.
- Hjalti Jóhannesson og Stefán G. Jónsson. (ritstjórar). (1993). *Árbók Háskólans á Akureyri 1987–1992*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og María Steingrímisdóttir. (ritstjórar). (1999). *Árbók Háskólans á Akureyri 1992-1997*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2005). *Áætlað fjárstreymi inn í eyfirskt samfélag af völdum Háskólans á Akureyri árið 2005*. Akureyri: RHA.
- Sigrún Magnúsdóttir, Ragnheiður Kjærnested og Hólmkell Hreinsson. (1999). Kennararnir fyrir norðan en nemendurnir í Reykjavík. Fjar-kennsla á Háskólastigi. *Bókasafnið, tímarit*, 23, 37-38.
- Stefán B. Sigurðsson. (2010). Brautskráningarræða rektors. (Ársskýrsla Háskólans á Akureyri 2010, bls. 74). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þorsteinn Gunnarsson. (1999). Ávarp Þorsteins Gunnarssonar rektors á tíu ára afmæli Háskólans á Akureyri. Í Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og María Steingrímisdóttir (ritstjórar), *Árbók Háskólans á Akureyri 1992-1997* (bls. 4-6). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Auk ofangreindra heimilda hefur verið stuðst við árbækur og ársskýrslur Háskólans á Akureyri eftir þörfum.

Leiðrétting

Helgi Jónsson, Reykjavík, hefur vinsamlega bent ritstjóra Súlna á villu í texta við mynd á bls. 97 í því hefti Súlna, sem út kom árið 2010.

Í texta stendur:

„Guðlaug Benjamínsdóttir, fyrsti formaður verkakvinnafélagsins Einingar. Guðlaug var á meðal stofnenda verkakvinnafélagsins Þarfar og í stjórn þess. Þörf var félag sildarverkunarkvenna. Með á myndinni er Guðrún Þór, dóttir Guðlaugar og barnabarn hennar.“

En á að vera:

„Guðlaug Benjamínsdóttir, fyrsti formaður verkakvinnafélagsins Einingar. Guðlaug var á meðal stofnenda verkakvinnafélagsins Þarfar og í stjórn þess. Þörf var félags sildarverkunarkvenna. Með á myndinni er Guðrún Þór, dóttir Guðlaugar og **barnabarnabarn hennar.**“

ÞORSTEINN E. ARNÓRSSON


Voru hagsmunasamtök verkamanna á Akureyri stofnuð 1894?

Þorsteinn Einar Arnórsson, fyrrverandi formaður Iðju félags verksmiðjufólks á Akureyri og í nágrenni, er fæddur á Akureyri 2. júlí 1947. Hann hóf störf árið 1961 hjá Ullarverksmiðjunni Gefjun og vann hjá Sambandinu í rúm 15 ár. Hann var kjörinn formaður Iðju 1995 og var það þar til Iðja og Verkalýðsfélagið Eining voru sameinuð 1999. Þorsteinn hefur verið þjónustufulltrúi Einingar-Iðju síðan.

Saga verkalýðsfélaga er honum hugleikin.



Um upphaf og aðdraganda að stofnun Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar hið eldra segir Einar Olgeirsson m.a. í Vinnunni 1943: „Þær upplýsingar sem nú eru fram settar höfum við Áskell Snorrason, kennari á Akureyri aflað og byggja þær bæði á munnlegum heimildum gamalla manna og skriflegum skjölum er tveir af forsvarsmönnum félagsins, þeir Lárus Thorarensen og Olgeir Júlíusson, hafa skrifað fyrir okkur. Ekki ber þessum heimildum vorum öllum sama og hef ég þá reynt að velja það sem líklegast



Einar Olgeirsson.

er, en efasamt að úr því fáið skorið héðan af með meiri líkindum en nú eru, hvað sannast sé. Og samkvæmt þessum heimildum lítur helst út fyrir, að saga þessa félags hafi verið svona í stórum dráttum. Það var annan eða þriðja sunnudag í júnímánuði árið 1894 að Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar var stofnað í veitingahúsi einu á Oddeyri, er kallað var „Baukurinn“, síðar Hótel Oddeyri. Það var Jóhannes Sigurðsson frá Hólum í Laxárdal sem hóf máls á fundinum og stýrði honum, en auk hans mun hafa talað Olgeir Júlíusson og Magnús Jónsson. Fyrsta stjórn Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar var þannig skipuð. Jóhannes Sigurðsson formaður Magnús Jónsson frá Hamarkoti gjaldkeri Olgeir Júlíusson ritari.“¹



„Baukurinn“, síðar Hótel Oddeyri.



Jóhannes Sigurðsson. Myndin birtist í Vinnunni 1943; löguð af Ásgrími Ágústssyni, Norðurmynd.



Magnús Jónsson. Myndin birtist í Vinnunni 1943; löguð af Ásgrími Ágústssyni, Norðurmynd.

¹ Vinnan 1943 10. tbl.

Svo virðist sem Jóhannes Sigurðsson hafi átt frumkvæðið að félagsstofnuninni og var hann kosin fyrsti formaður eins og fyrr segir. Jóhannes hafði farið til vesturheims skömmu fyrir 1890 og var búsettur í Minnesota og stundaði það verkamannavinnu. Hann kom aftur til Íslands fyrir stofnun Verkamannafélagsins og fór aftur til Ameríku 1897.²

Síðsumar 1895 mun Lárus Thorarensen hafa komið í félagið. Sjálfan minnir hann að það hafi þá fyrst verið stofnað. Og öll líkindi eru til þess að þeir sem eigi voru í því hafi lítið vitað um tilveru þess, því að starfsemi þess hafi verið með nokkurri leynd. Og eigi þarf það að brjóta í bága við leyndina, að það var stofnað á „Bauknum“ því að sögn eins stofnandans var Ólafur „vert“ hlynntur félagsskap þessum.

Lárus Thorarensen hafði þetta haustið átt í útistöðum við eina selstöðuverzlunina, verið sviptur vinnu og lagður í einelti af kaupmönnunum. Tekur hann nú virkan þátt í félagsskapnum, – sjálfan minnir hann, að sett hafi þá verið nefnd til að semja lög félagsins og hafi verið í henni Kristján Nikulásason, síðar lög- regluþjónn. Líklega hefur félagið verið endurlífgað haustið 1895. Í ásbyrjun 1896 er svo




Olgeir Júlíusson. Myndin birtist í Vinnunni 1943; löguð af Ásgrími Ágústssyni, Norðurmynd.



Lárus Thorarensen. Ljósmyndari óþ.

² Upphaf Ísl. Verkalýðshreyfingar, Ólafur R. Einarsson



Kristján Nikulásson. Myndin birtist í Vinnunni 1943; löguð af Ásgrími Ágústssyni, Norð-urmynd.

Lárus Thorarensen kosin formaður félagsins þá er Jóhannes líklega farinn. Kristján Nikulásson, lögreglumaður?? gjaldkeri og Olgeir Júlíusson ritari.

Mun félagið að öllum líkindum hafa starfað vel það ár og tekist að festa árangana af þeim sigrum er það vann í baráttu sinni. Engar fundarbækur finnast frá félaginu og hafa þær líklegast brunnið inni er hús sem þær voru geymdar í brann á Oddeyrinni. Lög félagsins eru þó enn til eins og þau hafa verið skráð 19. apríl 1897 inn í litla bók og aftan við þau eru skráð

nöfn þeirra 47 sem þá eru félagsmenn.³

Í endurminningum sínum segir Tryggvi Emilsson formaður Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar 1946-1947:

„Ekki verður fram hjá því gengið að á aldamótunum hafi margt það gerst á félagslegu sviði sem til alþýðumenningar horfðir. Good-Templarareglan var þá komin á anna áratug í kaupstaðnum og var leiðandi afl sem vísaði veginn fram til hreinni hugrenninga og þrifa í daglegu lífi manna, reglan var menningarviti sem lýsti af um laga vegu. Í kjölfar bindindissamtakanna komu samtök verkamanna með félagsstofnun 1894 félags sem að sjálfsögðu átti örðugt uppdráttar í fyrstu þar sem verkamannafélag var litið hatursaugum og litilsvirðingar af þeim mönnum sem í krafti auðs og verslunarvalds réði lögum og lofum í kaupstaðnum og óttuðust að samtök verkamanna mundu draga úr þeirra auðsöfnun og yfirráðrétti. Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar var stofnað og hóf sín störf sem orðið hafa farsældarafl landi og lýð. Samvinnuhreyfingin hafði þegar náð nokkurri fótfestu í þjóðlífinu þrátt fyrir harða andstöðu kaupmanna og þeirra áhangenda, embættismannanna, og vissulega

³ Vinnan 1943 10. tbl.

átti sú hreyfing eftir að sýna og sanna hvers megnug samvinnan er, og þó hægt mjakist á frumskeiðinu þá var verið að snúa straumnum við og flytja hagnað vinnu og verslunar inn á heimil-in og hefta að sá hagnaður héldi áfram að renna óhindraður til Kaupmannahafnar. Þessar merku félagsstofnanir, bindindis-hreyfingin, verkalýðsfélögin og kaupfélögin, sem áttu upptök sín á vakningartímum aldamótanna, hafa orðið laglíf í landinu.“⁴

Í bókinni Upphaf Íslenskar Verkalýðshreyfingar segir meðal annars „Svo virðist sem Jóhannes Sigurðsson hafi átt frumkvæðið að félagsstofnuninni og var hann kosin fyrsti formaður eins og fyrr segir.“⁵

Blaðið 1. maí 1946 segir að liðin séu 52 ár síðan fyrsta verkamannafélagið var stofnað á Akureyri. Samkvæmt því er stofnarið 1894 og blaðið segir að þeir Lárus, Kristján og Olgeir séu stjórnarmenn.⁶

Í 43. árgangi af Súlum lýsir Lárus Thorarensen aðdraganda og stofnun Verkamannfélags Akureyrarkaupstaðar og segir meðal annars eftir að hann lenti í útistöðum við einn af kaupmönnum bæjarins. „Í lengri tíma eftir þetta var mér neitað um vinnu, en á þeim tíma var það að nokkrir menn komu saman og ákváðu að boða til fundar með verkamönnum. Þetta var gjört og á þeim fundi var kosin fimm manna nefnd til að gjöra ágrip af lögum félagsins sem samþykkt voru á næsta fundi. Í þessa nefnd voru kosnir sá sem þetta ritar. Olgeir Júlíusson, Kristján Nikulásson og fleiri sem ég man ekki nöfnin á. Stjórn var kosin og félagið tók til starfa. Á þennan hátt var félagið stofnað ísinn brotinn og tíu tíma vinna tekin upp. En því miður þó þetta félag fengi góða undirtektir í fyrstu, þá dofnaði fljótt yfir því þar til það leið undir lok og hætti störfum, en á rústum þess er hið núverandi Verkamannafélag reist.

Akureyri 18.11.1935 Lárus Thorarensen.“⁷

⁴ Fátækt fólk útg. 1976 Tryggvi Emilsson

⁵ Upphaf Ísl. Verkalýðshreyfingar, Ólafur R. Einarsson, Ísafoldaprentsmiðja 1970

⁶ Blaðið 1. maí 1946

⁷ Lárus Thorarensen stofnun Verkamannfélags Akureyrar Súlar 43 árg. 2004

Í bókinni *Ár og dagar upptök og þróun alþýðusamtaka á Íslandi* er rætt um Hagsmunasamtök verkamanna á Akureyri. Þar segir að síðsumar 1895 mun Lárus Thorarensen hafa komið í félagið. Lárus hafði þetta haust átt í útistöðum við selstöðuverzlunina, verið sviptur vinnu og lagður í einelti af kaupmönnum. Tekur hann nú virkan þátt í félagskapnum. Í ársbyrjun er svo Lárus kosin formaður.⁸

Vinnan 1943 10. tbl.

Hvenær var Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar stofnað?

Lýsing Lárusar Thorarensens frá aðdraganda að stofnun Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar sem hann skráði 1935 er keimlík lýsingunni á stofnun Verkamannafélags Akureyrar 1906. Það var í ársbyrjun 1906 að vinna hófst við að fylla upp húsgrunn norðan við Torfunefið austan Hafnarstrætis. Mölin var tekin í melbarði vestan Hafnarstrætis og voru verkamenn látnir aka henni í kerrum austur í fjöruna. Þá gerðu atvinnurekendur tilraun til að lækka kaupið og vildu aðeins borga 15 aura á tímann en þeim duglegustu 18 aura. Þetta varð til þess að verkamennirnir lögðu niður vinnu og boðuðu til fundar um málið og var það aðdragandinn að stofnun Verkamannafélags Akureyrar 6. febrúar 1906. Ósanngirni atvinnurekanda þjappaði verkamönnunum samann sem leiddi til stofnunar Verkamannafélaganna samkvæmt þessum tveim lýsingum. Höfuðverkefnið sem Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar setti sér til að vinna að var baráttan gegn skuldþrælkuninni, barátta fyrir 10 stunda vinnudegi og baráttan fyrir hækkuðu dagkaupi eins og sést í lögum þess. Lög félagsins sem til eru frá 19. apríl 1897 segja ekkert um það hvort það séu fyrstu lög félagsins eða endurskoðuð eða endurbæt útgáfa laganna. Hafi lögin verið endurskoðuð eru litlar líkur á því að menn hefðu geymt eldri lög félagsins. Fundargerðarbækur félagsins og önnur gögn brunnu að öllum líkindum 1906. Samkvæmt þeim heimildum sem setja ártöl við stjórnarsetu virðist sem það hafi verið

⁸ *Ár og dagar upptök og þróun alþýðusamtaka á Íslandi* útg. Heimskringla 1967

stofnað 1894 og ber flest öllum heimildum saman um að Jóhannes hafi verið fyrsti formaður félagsins og að Lárus tekið við af honum. Þar segir jafnframt að hann hafi tekið við 1896 eða 97 og félagið hafi líklega verið í lægð þá. Sama er að segja um Magnús Jónsson sem var gjaldkeri á sama tíma og Jóhannes og Kristján Nikulásson kemur inn um leið og Lárus. Olgeir Júlíusson var ritari félagsins allan þann tíma sem félagið var starfandi. 1894-97.

Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar hið eldra, fyrsta verkalýðsfélag á Akureyri og jafnvel á Íslandi, var að öllum líkindum stofnað á „Bauknum,” síðar Hótel Oddeyri 15. eða 22. júlí 1894.

Einar Petersen frá Kleif

Grein þessa skrifaði Haraldur (Dávíðsson) faðir minn líklega um 1990, þá rúmlega áttræður, þremur árum eldri en Petersen. Litlu sem engu er hér breytt af skrifum hans nema hvað leiðréttar eru vélritunarvillur og efni endurraðað. Pabbi skrifaði talsvert og á gamals aldri, þegar fingur hans voru orðnir of krepptir til að ráða við pennann, fékk hann sér ritvél og gat þá skrifað áfram.

Petersen kom mjög oft í Stóru-Hámundarstaði og pabbi gaf sér alltaf tíma til að ræða við hann þótt sjaldnast færu skoðanir þeirra saman. Aðeins einu sinni vissi ég til að pabba mislikaði svo við Petersen að hann hvessti sig og þá held ég að Petersen hafi orðið ofurlítið hissa enda var pabbi viðræðugóður. Árið 1992, ári áður en hann lést, var Petersen útnefndur félagi í Vísindaakademíu New York borgar.

Í september 2011, Dávíð Hjálmar Haraldsson


Einar Petersen heitir danskur maður, frá Jótlandi¹, sem barst ungur til Íslands í atvinnuleit.² Hann var af bændafólki kominn og hafði aldrei unnið við annað en landbúnað. Hann taldi sig „Fjósameistara“ að mennt og hafði verið í lýðskóla og auk þess unnið ýmis landbúnaðarstörf hjá dönskum bændum. Faðir hans var bóndi á Jótlandi en þótti ekki mikill bóndi og var laus við búskapinn. Hann hætti búskap, yfirgaf börn og bú og fór til útlanda, þar sem hann dvaldi í

1 Einar Petersen, eða fullu nafni Einar Georg Petersen, fæddist á Højberg við Viborg í Danmörku 10. október 1910, elsta barn Jakobs Petersen, bónda, og Kristíane, eiginkonu hans.

2 Einar Petersen kom fyrst til Íslands árið 1931, en var einungis eitt ár – fór aftur til náms við lýðháskólann í Askov 1932. Árið 1939 kom hann aftur til Íslands og settist í framhaldi þess að hér á landi.

nokkur ár, en kom svo aftur. Hann var vel á sig kominn líkamlega og var góður íþróttamaður og setti metnað sinn í að vera góður hermaður.

Petersen fékk fljótlega vinnu á Íslandi. Hann varð vinnumaður hjá prestinum á Mosfelli og fékk þar einhverja tilsögn í tungumálum. Hann vann á mörgum stöðum; í mjólkurbúinu á Selfossi, hjá Klemens á Sámsstöðum, hjá Geir í Eski-hlíð, lengi við Búrfellsvirkjun og víðar. Í Fagraskógi vann hann í



Einar Petersen.

sjö ár og þaðan komst hann í Kleif í Þorvaldsdal³ og þar kynntist ég honum. Það var draumur hans að komast yfir jörð á Íslandi og fara að búa, en jarðir lágu ekki á lausu. Nú hafði honum safnast nokkurt fé og hafði fengið bakhjarl hjá húsbónda sínum Stefáni Stefánssyni alþingismanni, bónda í Fagraskógi, og Stefán útvegaði honum eyðijörðina Kleif til ábúðar.

Petersen sagði mér oft frá uppvaxtarárum sínum í Danmörku. Hann var af efnafólki kominn, var erfingi að jörð og allt lék í lyndi. „Ég var af góðri ætt og var talinn álitlegt bóndaefni. Ég var alinn upp hjá frænda mínum, sem var barnlaus, og allir töldu víst að ég myndi erfa jörðina. En svo dundi ógæfan yfir: Það kom ný vinnukona á heimilið og með henni eignaðist frændinn barn og þar var kominn nýr erfingi. Fram að þessu töldu allir víst að ég myndi eignast jörðina, en að eignast jarðnæði var nokkuð, sem alla sveitamenn í Danmörku dreymdi um. Ég og aðrir töldu víst að ég yrði kostaður í skóla og framtíð mín væri trygg. Frændi var ekkert kvennagull og hún var ekkert piltatál og hverskonar lausung var litin óhýru auga. Og ógift vinnukona vill mikið á sig

3 Árið 1945 fékk Einar Petersen lífstíðarábúð á Kleif.

leggja til þess að tryggja barni sínu jarðnæði. Hún bara fékk hann til þess“, sagði Petersen.

„Á þessum árum var mikil stéttaskipting í sveitum á Jótlandi. Landeigendur mynduðu einskonar yfirstétt, vinnufólkið var sett skör lægra. Það mátti ekki matast með húsbændunum og það mátti ekki sofa í sama húsi. Gripahúsin voru á tveimur hæðum. Gripirnir voru á jarðhæð, yfir henni var rúmgott geymsluloft fyrir fóður og fleira. Þarna voru afþiljuð herbergi, þar sem vinnufólk var látið sofa. Ég hafði vanist því að vera talinn til fyrirfólksins og kunni því vel. Fólk heilsaði mér brosandi og gerði sér dátt við mig, en nú varð mikil breyting á. Allt í einu var ég ekkert meira metinn en aðrir drengir á mínu reki. Ég skildi þetta ekki og varð beiskur í lund þegar ég fann hvernig viðmót annarra snar-breyttist. En ég harðnaði í skapi og hét því að duga ekki ver en þeir sem betur voru ættaðir. Mér fannst ég hlyti að verða vinnumaður og fór að búa mig undir það. Ég komst í lýðskóla og náði þar góðum þroska. Mér sóttist námið vel og kennararnir höfðu álit á mér. Nemendur voru látnir skrifa ritgerðir og ég fékk hrós fyrir þær. Ég á sumar þeirra enn. Kennararnir voru frá Holtsetalandi og höfðu orðið fyrir þýskum áhrifum; þeir voru hliðhollir nasistum.

Ég fór að vinna hjá vandalausum og fann fljótt að ég gat unnið eins og aðrir og stundum ögn betur. Þar kom að húsbóndinn setti mig yfir hina vinnumennina og ég gat stundum leiðbeint honum.“

Eitt sinn réð Petersen sig hjá stórbónda einum, sem var frægur fyrir sitt góða kúakyn og sá fljótt hvernig hann græddi á búskapnum. Hann fór jafnan á kúasýningar og sýndi þá jafnan skýrslur máli sínu til sönnunar, en það voru aðeins skýrslur yfir bestu kýrnar. Mjög voru þessar kýr vel til hafðar; þvegnar, stroknar, burstaðar og stríðaldar, og gengu mjög í augu manna á sýningum. Jafnan var sett hæsta verð á þær og þær auglýstar sem úrvalsgripir. Þetta villti mörgum sýn og menn töldu sig kaupa þarna úrvalsgripi á hæsta verði þó raunin væri allt önnur. Bóndinn var mjög ánægður og

fékk heiðursskjal á sýningum fyrir sitt afbragðsgóða kúakyn. Í raun og veru stóð búið ekki undir sér; það voru svo fáir gripir sem hann gat selt af þessu landsfræga kyni og þeir reyndust ekki vel.

Öðruvísi gekk með svínabúið, þar fór bóndinn allt aðra leið til þess að eignast hraustan stofn. Hvenær sem hann sá gris sem eitthvað var að, þá drap bóndi hann; „tók bara í afturfætturna á honum, sveiflaði honum í kringum sig og sló honum við.“ Ekki talaði hann um þetta og kannski hafa ekki aðrir vitað af þessu en vinnumennirnir, ekki sendi hann svín á sýningar og enginn talaði um þetta. En þetta bú varð fljótlega mjög afurðagott og til fyrirmyndar og það voru svínin, sem báru búskapinn uppi. Hann virtist ekki skilja þetta og auglýsti svínin ekki sem afurðasvín, sem þau sannarlega voru, en hann auglýsti kýrnar sem sannarlega voru ómagar á búinu.

Stéttarskipting var þarna mikil eins og áður sagði og vinnumenn fóru í heimsókn hver til annars þegar þeir gátu komið því við. Fóru þeir þá í fjós og svínahús og skoðuðu bústofninn og ræddu um búskapinn og báru saman arðsemi búanna og fjárhagsstöðu bændanna. Var þá margt rætt um möguleika vinnumanna á að safna fé og komast yfir jarðnæði. Var það draumur allra vinnumanna að eignast jörð, svo þeir gætu kvænst og farið að búa. En það var talin ósvinna af vinnufólki að giftast nema hafa ráð á jarðnæði. Því var það að vinnufólk var oft orðið vel fullorðið þegar það gat látið eftir sér að gifta sig. Þjónustustúlka mátti ekki verða ógift móðir, nema hún eignaðist barnið með húsbóndanum, sem þá varð að annast móður og barn.

Eitt var ólíkt á Íslandi og í Danmörku; þar reyndu lækarnir ekki nærri eins mikið að halda lífinu í fólki sem orðið var aflóga. Fólkið fékk oft að ráða því sjálf hvort það vildi lifa lengur. Læknirinn sagði þá kannski við sjúklinginn: „Þú átt þér ekki batavon lengur, ég skil eftir meðalaglas á borðinu þínu. Ef þú tekur úr því þá vaknar þú ekki aftur. Þú ræður hvað þú gerir. Góða nótt.“ Og margir tóku meðalið. Þetta

fannst Petersen mjög til fyrirmyndar og þetta ættu Íslendingar að læra.

Á þessum árum var hálfgerð óöld í sveitum á Jótlandi og ribbaldar fóru með ránum og þjófnaði. Bændur urðu þreyttir á þessu og tóku málin í sínar hendur. Þeir söfnuðu liði, náðu afbrotamönnunum og dæmdu þá sjálfir án afskipta lögreglu. Þeir skyldu vera einn á heimili og ekki hafa samskipti við annað heimilisfólk. Þeim var skammtaður matur í skoti eða krók og voru fyrirleitnir af öllum. Þeir voru alveg einangraðir frá öðrum og höfðu raunar engin mannréttindi. Sumir dóu af smán, en þeir sem harðari voru af sér flúðu af heimilunum og út í skógana. Þar söfnuðu þeir til sín kvenfólki. Þeir lifðu í hópum og það fæddust börn. Þetta var verri plága en sú fyrri og nú neyddust bændur til að leita til lögreglunnar. Hún varð þeirri átyllu fegin. Lögreglumenn komu fjölmennir og smöluðu fólkinu saman og fluttu það til Kaupmannahafnar. Þar fór fullorðna fólkið í fangelsi og átti ekki afturkvæmt þaðan. Börnin voru tekin frá foreldrunum. Þau fengu ný nöfn og þess var vandlega gætt að þau vissu ekki hverra börn þau væru. Þau voru sett í skóla og brátt gleymdust gömlu nöfnin sem þau máttu ekki nota. Lögreglan sá um það að fólkið í sveitunum fengi ekkert að vita um afdrif barnanna og þau fengu ekki að koma aftur í sveitirnar og fengu ekkert að vita um uppruna sinn. Í skjölum lögreglunnar var þó nafn og númer hvers barns skráð. Þetta voru týnd börn. Áratugum seinna var gerð gangskör að því að kanna hver hefðu orðið örlög þessara barna. Kom þá í ljós að mörg þeirra höfðu mannast vel og komist í ábyrgðarstöður, en aldrei fengu þau að vita um hið rétta ætterni sitt.

Petersen lýsti því hvernig þingmenn þarna fóru að í aðdraganda kosninga, þ.e. ef þeir vildu halda starfi sínu. Þingmaðurinn fór á öll mannamót í sveitinni, þar sem menn með kosningarétt komu saman. Þar kom hann sér fyrir á áberandi stað þar sem allir gátu séð hann og minnti þannig á sig. Svo bentu hann háttvirtum kjósendum að koma til sín og sagði: Ég hef verið þingmaður ykkar og vil vera það áfram.

Ég hef unnið ötullega að ykkar málum. Það kemur sér vel bæði fyrir ykkur og mig og þannig er best að það verði áfram. Suma kallaði hann til sín sérstaklega og sagði: Þið eruð úr þessu sérstaka byggðarlagi, sem hann nefndi. Þar er margt ógert. Ég vil vinna að þessu máli, og þessu, og þessu ef þið kjósið mig. Ég þekki ykkur á mállyskunni. Suma kallaði hann á eintal og sagði: Þú hlýtur að vera sonur hans NN, ég þekki þig alveg af svipnum. Hann er traustur maður. Hann hefur lengi verið foringi í sinni sveit og ég hef stutt hann. Ég held að þú sért gott foringjaefni og vil styðja þig, ef þið styðjið mig. Þessi aðferð hafði mikil áhrif. Hugsaðu þér! Þessi maður vildi styðja þig til foringja. Og foringi var það sem þú helst af öllu vildir verða. Foringi, sem allir vildu fylgja. Um það hefur þig alltaf dreymt.

Petersen þekkti kaupsýslumann, sem hafði auðgast vel með skjótum hætti, en Petersen vissi að sumir töldu hann ekki of heiðarlegan. Ungur oflátungur, sem þótti ekki stíga í vitið, fór til ríka mannsins og spurði hvort hann kynni ekki aðferð til þess að auðgast vel á skömmum tíma og hvort hann vildi ekki kenna sér aðferðina. Jú, hinn tók því vel, en sagði að það hefði kostað sig mikla þolinmæði að græða fé, og alltaf hefði hann þurft að framvísa fasteignum til tryggingar viðskiptunum. „Og það þarft þú líka að gera ef þú vilt vita hvernig ég græði á viðskiptum.“ Ungi maðurinn vildi ólmur læra þetta og svo hófst kennslan. Hann var látinn segja til hvar hann teldi gróðavænlegast að byrja og hvað miklu mætti til kosta. „Ég skal lána þér upphæðina, ef þú leggur fasteign að veði.“ Þetta samþykkti ungi maðurinn. Hann var svo látinn segja til hvar hann vildi fjárfesta hverju sinni og alltaf lánaði ríki maðurinn og báðir voru ánægðir. Þó kom þar að ungi maðurinn varð ópolinmóður; fannst gróðinn koma of seint. Hinn taldi þetta allt í lagi og vildi halda áfram að leiðbeina honum. Hann setti bara það skilyrði að vera einn um að lána honum og svo vildi hann hafa bókhaldið. „En engan asa, drengur minn, ég læt þig vita hvenær best er að láta til skarar skriða og gera upp við-

skiptin. Og hvað er betra en vera alveg áhyggjulaus og græða samt?“ En svo dundi ógæfan yfir. Þekkt lögfræðiskrifstofa stefndi unga mannum um háa upphæð og kvaðst hafa tilgreinda fasteign að veði. Ríki maðurinn gat útskýrt þetta; hann væri búinn að selja allar fasteignir unga mannsins, enda hafði hann haft þær að veði. „Auðvitað seldi ég þær með góðum hagnaði. Og nú hef ég kennt þér hvernig ég fer að því að græða: Hyggjuvit og dálítil þolinmæði, það er allt sem þarf.“

Petersen hafði mjög fastmótaðar skoðanir á ýmsum málum þegar hann kom til landsins og sá fljótt hvar skóinn kreppti að: Ræktunarmenning var ekki til. Hér bjuggu aðeins hjarðmenn og fiskimenn, þjóðin var að úrkynjast vegna skyldmennagiftinga, stjórnmalaleiðtogar voru ekki til. Stjórnmalamenn voru siðspilltir, svona eins og bankastjórar, íslensk menning engin til, manngildi einskis metið; hér þyrfti að reisa allt úr rúst. Hér þyrfti útlendur maður að taka til hendi og nú var hann kominn í þessa kjör-aðstöðu; orðinn bóndi á Kleif.

Petersen vann hjá mér við að byggja fjós og eftir það kom hann hingað mjög oft og ræddi um áhugamál sín. Ég fann fljótt að hann var mikill ráðagerðamaður og kannski með lausa skrúfu í kollinum og hann var heittrúaður nasisti. Þekking hans á því sem íslenskt var, var ákaflega lítil og honum fannst ekkert hægt að læra af Íslendingum. Hann var einlægur ræktunarmaður og nú hófst hann handa um að þurrka mýrar á Kleif. Fyrst var að handgrafa skurði, þröngir skyldu þeir vera og mjög djúpir og vatnið ætti að bera hnausana fram. Og hann varð ánægður; maðurinn röskur og hann þurfti ekki annað en losa um hnausana, vatnið sá um hitt. En svona skurður reyndist mikil slysagildra, kindur festust þar og drápust og a.m.k. tvö hross létu þar lífið. Ekki voru allir ánægðir með þetta og töldu slíka framræslu síst til bóta.

Þegar Petersen kom í Kleif var þar ekki rafmagn, ekki sími, ekki akfær vegur. Þar þurfti að endurbyggja húsinn,



Kleif í Þorvaldsdal. Bærinn fór endanlega í eyði árið 1979, langsiðast bæjanna í Þorvaldsdal.

helst með nýbýlastyrk. Jörðin var opinber eign. Ekki vildi Petersen rafmagn og síma en talaði um vilja sinn til að byggja upp jörðina; nýjum byggingum á Kleif vildi hann ráða sjálfur að öllu leyti, hvar þær væru byggðar og úr hvaða efni. Taldi sig líka fullfæran til þess arna. Ekki voru menn þar á eitt sáttir. Reyndu heimamenn að segja honum að menn yrðu að hlíta íslenskum lögum um byggingar svo að fá mætti opinberar lánaþyrirgreiðslur en Petersen var hinn þverasti. Þó kom þar að hann hætti öllum mótmælum og samþykkti allar kröfur bygginganefndar. Var þá Snorri Guðmundsson byggingafulltrúi boðaður á vettvang. Reyndust þá allir samþykkið því hvar skyldi byggja nýjan bæ; alveg út við merki Brattavalla. Voru nú allir sáttir að kalla en Petersen kom til mín sáróánægður, kallaði þetta nauðungarsætt, sem hann hefði að engu. Snorra var síðan falið að teikna húsið og hafa eftirlit með byggingunni. Stuttu eftir þetta bað Petersen um jarðýtu að Kleif. Ýtan var svo notuð til þess að ryðja burt grjóti og jafna út land út við merkin, þar sem húsgrunnurinn átti að vera. „Og það skal aldrei koma hús þarna“, sagði Petersen og hlakkaði í honum. Og nýja húsið á Kleif er ekki komið enn. Petersen þóttist reyndar oft ætla að byggja og einu sinni keypti hann bragga, reif hann og flutti efnið heim á



Horft fram Þorvaldsdal. Til vinstri er Vatnshlíðarhaus og þar næst Vatnshlíðarfjall og til hægri er Fagrahlíð og mynni Nautárdals og nær miðri mynd er Nautárhnjúkur. Myndin er tekin við eyðibýlið Grund.

Kleif. Þar lá það í reiðileysi þangað til það fauk. Löngu síðar byggði hann sér skýli og setti það ofan á heyvagn. Þetta var ein kompa fódruð með pappa. Þarna matreiddi hann og svaf og allt gekk vel – þangað til skýlið fauk. Nú er Petersen kominn á elliheimili á Dalvík og jörðin hefur verið í eyði í mörg ár.

Eins og áður sagði hafði lengi verið draumur Petersens að komast yfir jarðnæði og nú var hann allt í einu orðinn ábúandi á Kleif. En á hverju var best að byrja? Hvað hafði hann lært í Danmörku? Hann rifjaði upp gamla norska jarðræktarfræði þar sem kennt var að fyrst ætti að rífa upp grjótið og flytja það burt. Hann var búinn að eignast dráttarvél, stóra og þunga Fordson dráttarvél. Hann vissi að Danir notuðu þannig vélar á ökrunum, en Íslendingar litu þær óhýru auga. Næst var að koma vegarnefni þarna frameftir, en það reyndist torsóttara en hann átti von á. Það fór ekki mikið fyrir hverju malarhlassinu og þau bara hurfu niður í jörðina. Eitt-hvað voru nágrannarnir að koma og segja honum hvar þeir myndu leggja veginn, en tæplega gátu þeir haft vit á því. Ekki lét Petersen sér nægja dráttarvélin; hann fékk sér líka stórt, tvöfalt diskaherfi með heldur smáum diskum. Danir notuðu


þannig herfi á ökrunum, en ekki dugði það á Kleif. Þá fékk hann sér *ripper*, eða lappaherfi. Voru þrjár sívalar lappir festar á járngrind og dregnar á eftir vélinni og átti þetta að veita lofti niður í jarðvegin og örva sprettu. Auglýsti hann svo að hann tæki að sér jarðvinnslu fyrir bændur. Fór hann víða með „úthald“ sitt en allsstaðar var reynslan eins: Jarðvinnslan var of grunn og tilfærslan í flögunum engin. Hann hafði nokkrar tekjur af þessu og hélt sig vel að verki. Og svo sannarlega reyndi hann að fá bændur til þess að hætta hjarðmennsku og taka upp ræktunarbúskap. Ekki féll þetta í góðan jarðveg hjá bændum. Á Íslandi væri engin hjarðmennska, hann hefði bara lesið þetta í einhverjum bókum, og til þess að rækta land þyrfti að plægja það. Ekki taldi Petersen þörf á því í Danmörku og því skyldi þess þá þurfa á Íslandi? Auk þess vissi hann miklu meira um búskap úti í heimi en íslenskir bændur. Þarna kom það glöggt fram að hann þóttist vita það sem hann vissi ekki og að hann þóttist öðrum meiri.

Illa reyndist Fordsoninn hjá Petersen og hann fékk sér aðra vél stærri og auðvitað var það rússnesk vél. Hann var nú hættur að vera yfirlýstur nasisti og orðinn yfirlýstur kommúnisti. Þess vegna fór hann í rússneska sendiráðið í Reykjavík og pantaði þar stóra rússneska dráttarvél, en þá hafði engin slík vél verið flutt inn frá Rússlandi. En ekkert skildi Petersen í rússneska sendiherranum. Hann vildi lítið við Petersen tala og neitaði alveg að veita honum nokkur fríðindi fram yfir aðra kaupendur, t.d. í Póllandi. En hann lofaði að láta sína menn annast innflutning á einni dráttarvél til Íslands og það gerði hann. Þetta var stór og þung vél, gerð fyrir kornakra í Rússlandi og Póllandi og mátti fá með henni mörg tæki til kornræktar. Vélin bilaði fljótt og þá reyndust varahlutir ekki vera til á Íslandi, en sendiherrann neitaði að skipta sér nokkuð af innflutningi þeirra. Og Petersen varð fljótlega að leggja vélinni og hún varð einskonar forngripur á Kleif. „Eins og þetta er nú góður gripur“ sagði Petersen. Hann kom oft til mín og talaði um þetta. Ekki varð þetta til að auka trú manna á búvísindi Kleifarabóndans.

Þess skal getið að mörgum gekk illa að skilja Petersen og forðuðust jafnvel að tala við hann, og hann hirti ekki um að læra íslensku og sletti mikið dönskum orðum. Ég komst fljótt upp á það að skilja hann sæmilega og hann vissi hvers vegna: Bróðir minn var við nám í Háskólanum í Kaupmannahöfn. Þar lærði hann allt um danskan landbúnað og þannig lærði ég og þess vegna kom hann svo oft til mín og rakti raunir sínar. Kannski gat hann kennt mér og ég svo sagt það öðrum.

Eins og áður segir vildi Petersen stunda búskap á Kleif. En hvernig búskap? Ekki sauðfjárbúskap. Í Danmörku var sauðfé aðeins haft til búdrýginda, fáeinar kindur á bæ. Ekki hentar það á Íslandi. Skotar láta smala fylgja fénu sumarlangt. „Ekki hentar mér það. Ég hef engan áhuga á sauðfé og kann ekkert með það að fara. Í göngur hef ég aldrei farið og í skilarétt hef ég aldrei komið og þangað vil ég ekki koma. Með því að eiga ekki kindur losna ég við að gera lögskil af jörðinni. Það er víst nóg að Kleifarland er notað sem afrétt án þess að ég fái nokkuð fyrir það. En land mitt innan fjallgirðingar vil ég hafa í friði. Þar er þó misbrestur á: Ferðamenn og aðrir, sem fara um Þorvaldsdal, skilja oft eftir opin hlið og kindur smjúga þá inn fyrir. Ég hef kært ferðamenn fyrir að loka ekki hliðum og heimtað að þeir reki kindur aftur upp fyrir en því er ekki sinnt. Svo er mér ekki grunlaust um að Ströndungar vilji koma mér burt af jörðinni. Ég vil ekki búa eins og þeir og þeir vilja bara nota alla Kleif sem afrétt eins og þeir nota aðrar eyðijarðir í Þorvaldsdal.“

Þarna myndaðist rígur milli manna og Petersen fór suður til þess að styrkja stöðu sína. Hann kom ánægður heim. Yfirmaður þessara mála kvaðst ánægður með búsetu Petersens á Kleif og þyrfti hann í engu að gefa eftir um rétt sinn. Hann hefði setið jörðina óaðfinnanlega og þar að auki hefði hann skrifað margar greinar um ýmis efni í blöð og tímarit og það yrði talið honum til tekna. En eitt verði hann að muna: Hann verði að borga eftirgjaldið á réttum tíma, annað sé útbyggingarsök. En Petersen var heldur tómlátur um greiðsluna og



Kort af Þorvaldsdal.

hafði hreppstjóri þurft að borga fyrir hann að minnsta kosti einu sinni. Eftirgjaldið var ákaflega lágt, lengi 90 krónur og fór víst aldrei yfir 100 krónur á ári. Heimamenn spurðu þá hvort það væri þá ekki útbyggingarsök líka ef ekki væri neinn bústofn á Kleif? Ekki kvað Petersen neitt liggja á bústofni. Þess skal getið að Petersen átti ekki hross á Kleif og neitaði að taka hross af öðrum; taldi þau spilla högum og vera gagnslaus í búskap. En þar kom að hann fór að búa með kúr á Kleif. Þetta gekk sæmilega til að byrja með. Það mátti flytja mjólkurbrúsana á dráttarvél að sumrinu en þegar ófærð kom á mýrarnar þurfti að aka þeim á sleða, á sjálfum sér, því enginn var hesturinn. Það reyndist seinlegt og lýjandi fyrir einn mann. En Petersen kunni ráð við því: Kýrnar áttu bara að bera á vorin og svo átti að gelda þær upp á haustin.

Engin vetrarmjól. Minna staut við búskapinn. En kýrnar fóru sínu fram um burðartímann og kálfar fæddust á öllum tímum árs. Mjólkurinnleggið reyndist lítið. Meðalnytin hlaut að vera afar lág. Það var auðvelt að útskýra það. En svo fór mjólkin að flokkast illa. Hún varð grænleit og daunill og samlagsstjórinn neitaði að taka við henni, en Petersen sagði að hún væri fullgóð í neytendur. Við athugun kom í ljós, það sem áður var vitað, að kýrnar voru fódraðar á votheiy eingöngu og þess vegna varð mjólkin svona. Það urðu líka vanhöld á kúm á Kleif og var það kennt votheiyinu. Í ljós kom að það mátti koma í veg fyrir þetta með réttri fódurbætisgjöf með votheiyinu. Petersen kom stundum með vothey í bréfpoka svo að ég gæti fundið lyktina af votheiyinu og rétt var það, lyktin var sætsúr og góð. Hann fór líka stundum til Akureyrar með votheystuggu í plastpoka og lofaði þeim Dagsmönnum að þefa af votheiyinu. Ekki var súrheyslyktin vel þokkuð þar og Haukur Snorrason ritstjóri flúði stundum út og lét Erlingi það eftir að tala við Petersen. Petersen var það mikið kappsmál að fá þá Dagsmenn til þess að skrifa um votheiyð og auglýsa ágæti þess. Hann vitnaði óspart til bænda á Vestfjörðum, sem verkuðu meira vothey en aðrir bændur, enda væri efnahagur þeirra betri. Þeir vildu eftirláta Frey að skrifa um votheiyð. Þegar Petersen hætti að hafa kýr átti hann dálítið eftir af votheiyi, sem hann gat ekki selt. Nokkrum árum seinna gaf hann heylausum nágranna sínum heiyð, sem þá var í fullu gildi. Svo þarna fékk hann uppreisn æru. Þegar Petersen predikaði ágæti votheysgerðar yfir sveit-ungunum, þá mölduðu þeir oft í móinn og sögðust ekki eiga neinar votheyshlöður, en það stóð ekki á svarinu: Þið eigið nógar hlöður og þurfið ekki annað en brjóta úr þeim annan gaflinn, þá er þar komin votheyshlaða. Ef hlaðan er grunn, þá verður heystæðan bara grunn og það gerir ekkert til. En það er fleira sem þið þurfið að læra: Þið þurfið að vinna saman við heyskapinn. Ekki færri en þrír bændur með þrjár stórar dráttarvélar. Og þið verðið að vinna a.m.k. nokkra daga í einu á hverjum bæ, í einni lotu, og svo á öðrum bæ og svo

koll af kolli. Þannig vinna danskir bændur að þessu nema hvað þeir gera votheiyð úti á túni. Fódurrófur geyma þeir líka úti á túni í stórum bing og moka mold ofaná. Petersen vildi líka rækta rófur á Kleif, en best að hafa það gulrófur. Hann vissi að í Danmörku voru fódurrófur ræktaðar handa kúm og spruttu vel og þar hafði hann lært að nota fræsán-ingarvél svo ekki þurfti að grisja. Hann vissi að hér var lítið ræktað af gulrófum og þær seldust háu verði, hér mætti því fá fljóttekinn gróða. Þetta var áður en kálflugan fór að gera hér usla. Hann varð síðbúinn með sáningu og næturfrost koma snemma á Kleif sögðu nágrannarnir honum. Rófurnar voru því ekki nema hálfsprottunar að haustinu. Hann vissi líka að uppskeruvinna tekur langan tíma. Nú voru góð ráð dýr. Hann auglýsti að hann færi að taka upp rófurnar og að börn af Sandinum og úr sveitinni mættu koma tiltekinn dag og hjálpa til við uppskeruna. En hvað skeði? Það kom ekki eitt einasta barn og Petersen var jafn einn og áður. Petersen fór að dönskum sið; setti rófurnar í hrúgur úti og mokaði mold að þeim – og þar frusu þær. Og það sem verra var: Rófurnar sem hann átti eftir að taka upp frusu líka og urðu ónýtar. En hvernig átti hann að gera sér verð úr því sem hann var búinn að taka upp? Enginn vildi kaupa þær af því að þær voru búnar að frjósa. Hann gekk milli manna og seinast fór hann til K. Jónssonar og co. á Akureyri og fékk loforð um að hann mætti koma með rófur til reynslu í niðursuðuverksmiðjuna. Þetta gekk eftir. Rófurnar máttu vera smáar og frostbragðið skipti ekki máli. En heiðrinum var borgið. Verðið var að vísu lágt en reynslan skiptir líka máli og nú er augljóst að enginn verður ríkur af því að rækta gulrófur á Kleif. En aumingja fólkið á Árskógsströnd sem ekki vildi læra rófnaræktun á danska vísu á Kleif. Þarna fitjaði Petersen samt upp á góðu máli þó það endaði illa. Það fór þarna eins og oftar; hann vildi ekki hlusta á nágrannana sem þekktu staðhætti miklu betur en hann. Kartöflur vildi hann ekki rækta á Kleif og hafði uppi ýmsar viðbárur. En kartöflur hljóta að geta vaxið þar alveg sæmlega. Ég held að

ástæðan hafi verið sú að fátækt fólk í Danmörku hafi stundum neyðst til að borða svo mikið af kartöflum, að það fékk af því kartöfluvömb, eins og sumir fá bjórvömb af því að drekka of mikinn bjór.

Eitt af því, sem Petersen taldi sig kunna betur en aðrir menn, var hvernig ætti að gera vothey. Hann lét jarðýtu gera mjóan og grunnan skurð í mel og kallaði þetta skurðgryfju. Í þetta lét hann svo allt sem hann heyjaði á Kleif yfir sumarið og tróð heyið vandlega niður með þungri dráttarvél. Þetta var svo vel troðið að þegar rigndi nokkuð að ráði þá stóðu pollar í hjólförunum. Þegar haustaði mokaði hann þykku lagi af mold ofan á heyið og þar fraus þetta allt saman. Petersen hafði séð vothey gert í Danmörku en aldrei fódrað á votheyi. Ekkert þak var á heyinu og það fennti yfir þetta. Þegar fóðrað var á þessu að vetrinum þurfti fyrst að brjóta það upp með haka og flytja heyið heim í fjós og þíða það, en gryfjan var spólkorn frá fjósinu. Og þetta varð að gerast á hverjum degi og hvernig sem viðraði. Þetta var þrælavinna og þegar kýrnar voru fódraðar á því eingöngu þá hættu þær að mjólka og drápust jafnvel. Hvernig mátti þetta ske eins og votheyið var gott? Og víst var votheyið gott, sætsúr lykt af því. Engir smjörσύrugerlar. En Petersen kunni ráð við þessu (eins og fyrr hefur fram komið): Var ekki alveg óþarfi að láta kýr mjólka á veturna? Hafa bara allar kýr vorbærar og hætta svo að mjólka þær á haustin. Það hlyti líka að fara betur með kýrnar. Hann sagðist þekkja enskan bónda, vísindamann og gróðamann, sem skrifaði í blöðin. Hann skipulagði búskapinn á vísindalegan hátt. Hann taldi ekki borga sig að láta kúna mjólka meira en 3000 kg; umfram mjólkin reyndist of dýr í framleiðslu. Þó voru þetta stórar kýr og mjólkuðu miklu meira en þær íslensku. Hann taldi líka óvíst að það borgaði sig að beita kúnum að sumrinu. Kaupa bara fóðrið, þannig nýttist vinnan best og þetta var orðinn stórgróðamaður. Petersen kenndi okkur líka að búa á danska vísu: Kýrnar skulu vera í tjóðri yfir daginn. Hver kýr hefur sitt tjóðurband og tjóðurhæl og kúastrákurinn sækir þær kvölds og morgna. Ærnar eru líka

tjóðraðar í Danmörku og þá gjarna í vegarköntunum. Þá þurfa þær ekki mikinn haga. Því láta Íslendingar ekki smala fylgja ánum á sumrin svo afrétturinn nýtist sem best? Á haustin má svo hæna kindurnar heim að húsum með salti.

Þegar Petersen var hættur kúabúskap, fékk hann sér nokkur svín og fór að stunda svínarækt. En nú var heilsa hans tekin að bila, svo Lionsmenn voru honum hjálplegir við að koma kjarnfóðri heim til hans og létu sláturgrísi á bíl og fluttu þá til Akureyrar. Einhverjar ákúrir fékk hann fyrir að virða ekki rétt dýralækna til þess að gelda svín heldur fékk hann til þess danskan mann, sem var þó réttindalaus. Svínabúskap Petersens lauk með því að hann seldi Ásólfi á Hellu svínin og kenndi honum að búa við svín og taldi sig vel gera.⁴

Þegar séð var að Petersen þurfti ekki lengur á heyskap að halda, varð hann hræddur um að missa jörðina ef hann gæti ekki haldið túninu í rækt. Hann fór því að leigja túnið til slægna, en margir vildu fá að heyja á Kleif. Þetta fór vel á stað. Slægjusalan borgaði eftirgjaldið en menn slógu bara það sem véltækt var en annað land fór í sinu og þá var vinskapurinn úti. En Petersen heimtaði að menn slægju það líka, að minnsta kosti hluta af því og ef menn þverskölluðust þá fengu þeir ekki að heyja árið eftir. Mátti því segja að þarna væri Petersen kominn í viðskiptastríð við nokkra bændur og kvartaði hann yfir ósannngirni þeirra. Urðu nú ýmsir vinirnir og þar kom að hann leigði einum bónda jörðina, án skilyrða. Ekki stóð sú dýrðin lengi; bóndinn beitti kúm sínum á jörðina. Því reiddist Petersen og tók jörðina af honum. En svo leigði hann eiginkonu mannsins og taldi hana ólíkt traustari en manninn. Urðu þessi viðskipti allfræg. Eiginkonan framseldi svo öðrum manni réttinn og hann braut eitthvað af sér og það var síðasti maður, sem fékk að heyja á Kleif.

4 Árið 1970 hætti Einar skepnuhaldi á Kleif og fór að vinna utan heimilis, t.d. við virkjunarframkvæmdir við Búrfell, hjá Möl og sandi á Akureyri og víðar og vildi þannig afla peninga til framkvæmda á jörðinni.

Ekki vildi Petersen gróðursetja nokkurt tré á Kleif, sagði að þau gætu ekki þrífist þar. Vitnaði óspart til reynslunnar frá Jótlandi. Þar legðust trén á hliðina undan þrálátum vindi og þegar hvessti þá brotnuðu jafnvel stærstu tré og hér bættist svo snjórinn við. Nei, skógrækt væri alveg vonlaus á Íslandi. Ég benti honum á trjáreitinn við Þorvaldsdalsá og trjáreitinn á Hámundarstöðum og bauð honum að koma og skoða, sagði honum hvað trén væru gömul, hvað þau hétu og hvað þau gætu vaxið á einu ári. Og svo bauð ég að fara með honum um sveitina og sýna honum að á hverjum bæ væru tré, sem döfnuðu bara vel. En hann var alveg á móti skógrækt og neitaði að trúa því að skógar gætu þrífist á Íslandi. Hinsvegar taldi hann sjálfsagt að rækta hér skjólbelti. Hann vissi hvað hin afar löngu skjólbelti gerðu austur á kornsléttum Rússlands. En ekki vildi hann segja mér hvar kornsléttur Íslands væru. En þótt Petersen vildi ekki rækta skóg, hafði hann mikinn áhuga á að rækta upp betri stofna af íslenskum fóðurgrösum, einkum puntgrösum og hvítmára og kvaðst hafa sent smárafræ til Svíþjóðar til ræktunar þar. Ekkert heyrðist um árangur af því.

Á þessum árum var Petersen einlægur og gallharður nasisti eins og áður sagði. „Ofurmennin eru úrval náttúrunnar og þjóðirnar skulu lúta þeim og tigna.“ Hann trúði á ofurmennið, sem Guð hafði skapað til að stjórna heiminum. Í hans huga var Hitler slíkt ofurmenni, fætt til þess að stjórna ríkjum og þjóðum. Hitler mátti þrælka þjóðir og tortíma þjóðum. Hann mátti taka þjóðflokka, jafnvel heilar þjóðir, og flytja nauðungarflutningum til óbyggilegri staða og launa svo þýsku herrabjóðinni liðveisluna með því að gefa henni landið með öllum þess gögnum og gæðum, þar með töldum þrælum. Flokksbundnum nasistum skyldi launað með því að gefa þeim eignir óvinanna. Það átti að byrja á Gyðingum, því þeir voru svo heimskir að þeir höfðu ekki vit á að verja sig og höfðu hvergi komið sér upp sameiginlegum her. Þessari þjóð varð að útrýma. Hitler var óskeikull og einvaldur og enginn skyldi efast um mátt hans. Hann stóð fyrir ofan lögin og gat

dæmt menn og þjóðir til lífs eða dauða. Petersen taldi sjálfan sig í hópi ofurmenna og vildi predika bæði í orði og verki.

Petersen sagði mér stundum hvernig nasistar náðu völdum í Þýskalandi. Þeir kölluðu til sín sérfræðinga og létu þá segja sér hvernig nota mætti óttann til þess að ná valdi á mönnum og einnig hvernig nota mætti gull, metorð og völd í sama skyni. Nasistar vissu að ef þeir vildu ná taki á einhverri þjóð, þá þurfti að brjóta niður viðnám hennar innanfrá. Kirkjan var víða sterkasta þjóðfélagsaflið, þess vegna varð að draga úr áhrifum hennar; gera gys að kenningum hennar og fá þjóðinni aðra guði til að trúa á. Meðal hvernar þjóðar eru einhverjir óánægðir. Þá verður að kaupa með loforðum um gull og græna skóga. Þeir geta orðið gagnleg fimmta herdeild síðar. Efnilega rithöfunda verður að kaupa, kaupa fyrir gull og frægð, gegn því að mega stýra penna þeirra. Þá eru það efnahagsmálin. Þar verðum við að eignast hylli þeirra. Við verðum að kaupa vörur þeirra hæsta verði og selja þeim ódýrar vörur í staðinn. Þegar þeir eru orðnir háðir okkur með útflutningsvörur sínar, þá höfum við ráð þeirra í hendi. „Bara gera milliríkjasamning“ sagði Petersen oft þegar efnahagsmál bar á góma og þá meinti hann að ríkisstjórnir gerðu verslunarsamninga en einstakir kaupmenn kæmu þar ekki nærri, enda varðaði þá ekkert um það og hefðu sjaldan vit á viðskiptum þó nógu væru þeir ágjarnir. Í Þýskalandi væru þeir taldir óvinir ríkisins en fengju að lifa af því að þeir legðu fé til nasistaflokksins og í Rússlandi myndi þeim verða útrýmt eins og stórbændunum. Það kom jafnan fram að einstaklingurinn væri eign ríkisins og hagsmunir ríkisins skyldu ganga fyrir. Þegnarnir hefðu ekkert með einkafjármuni og svokallað frelsi að gera, og vel unnið starf skyldi ávallt launað með frægð.

Einnig sagði Petersen mér stundum hvernig nasistar sölsuðu undir sig blaðakost í Þýskalandi. Fljótvirkasta leiðin væri að leigja glæpamenn og láta þá misþyrma ritstjórunum. Yrði að finna aðrar leiðir þá þekkti hann þær líka. Hér væri Dagur helsta blaðið og því yrði að ná því blaði á sitt vald og

það væri best gert á eftirfarandi hátt: Fyrst væri athugað hverjir væru kaupendur blaðsins og hverjir auglýstu í blaðinu. Síðan væru sendir áróðursmenn til þeirra sem auglýstu og þeir beðnir um að hætta að auglýsa í blaðinu og ef þeir hættu ekki, þá kynnu þeir að hafa illt af eða einhver þeirra nánustu. „Venjulega dugar þetta og þar með höfum við náð kverkatakí á blaðinu“ sagði Petersen.

Oft kom það fram að Petersen taldi sig tilheyra „herraþjóðinni“, nasistum, og þyrfti ekki að hlýða íslenskum lögum, enda væru þau svo vitlaus að það væri ekki hægt að fara eftir þeim. Eitt dæmi um þetta væru kúasæðingarnar, sem þá voru komnar af stað í Eyjafirði. Sóttvarnarstöð var reist í Hrísey og ýmsar varúðarráðstafanir gerðar. Petersen taldi sóttvarnarstöðina óþarfa og holdanautakynið illa valið. Nær væri að flytja inn sæði af *Angus* eða *Hereford*, eða af rauðu dönsku kúakyni og það skyldum við gera. Yfirvöldin þyrftu ekkert um þetta að vita. Hvort ég, Haraldur, vildi ekki tala við sæðingamanninn, þá myndi hann, Petersen, útvega sæðið. Alltaf mætti flytja það til Hríseyjar.

Petersen hafði mikinn áhuga á allskonar fornminjum; húsarústum, fornum vegum og þess háttar. Hann taldi bók-færðar sögur um landnám á Íslandi vera bábiljur einar og bæri aðeins að skoða þær sem tilraun auðvaldsins til þess að ná eignarhaldi á Íslandi. Hann væri sannfærður um að Lappar hefðu numið hér land, m.a. á Hámundarstöðum. Því til sönnunar benti hann mér á hringlaga tóttir á Hálskoti, sem hann taldi að Lappar hefðu hlaðið og sett skinntjöld ofan á torfveggina. Þannig væru bústaðir þeirra á Finnmörk. Í þannig húsum lifðu Lappar og Samar enn og lifðu á hreindýrum. Það hefðu þeir auðvitað gert á Íslandi líka, og hann var sannfærður um að við myndum finna bein úr hreindýrum í gömlum öskuhaugum, þegar við færum að grafa í þá. Útlendir fræðimenn teldu miklu mikilvægara að grafa upp gömlu öskuhaugana heldur en gamlar dysjar og víkingagrafir. Hann vissi þetta af lestri útlendra fræðibóka, sem aldrei hefðu verið þýddar á íslensku og Íslendingar vissu ekki að

væru til. Til þess að vinna skoðunum sínum fylgi, fór Petersen oftast en einu sinni til Reykjavíkur og ræddi við fornleifafræðinga og alveg sérstaklega við Kristján Eldjárn forseta. Forsetinn tók honum vel, ekki vantaði það, en hann taldi fornminjafræðina renna stoðum undir söguskoðun Íslendinga og benti á að norrænir menn hefðu líka kunnað að gera hringlaga tóttir þó þeir hefðu aldrei búið í skinntjöldum. Ekki var Petersen ánægður með þetta og sagðist vita fyrir víst að eftirmaður forsetans, Þór Magnússon, hefði lítið vit á fornminjafræði.

Oft kom Petersen í Hámundarstaði til þess að létta á hjarta sínu. Hann væri eiginlega í andlegri einangrun. Hér væru svo fáir sem gætu talað af viti um sín hjartans áhugamál; fornminjafræði og landmótunarfræði. Hann taldi sig vera að safna efni í jarðmyndunarsögu Þorvaldsdals og vildi vera einn um það. Efnið hrannaðist upp og alltaf bættust nýir kaflar við. Úr þessu gæti orðið merkilegt vísindarit, sem myndi halda nafni hans lengi á lofti. Útlendingar komu stundum til rannsókna á Þorvaldsdal. Það voru einkum stúdentar frá Skotlandi, sem komu í námsferðir til Íslands undir leiðsögn kennara. Þeim var skipt í smáhópa og áttu að rannsaka vísindalega landslag, gróður og dýralíf. Þeim var fyrirskipað að búa í tjöldum og skrifa vísindalega ritgerð um allt sem þeim bæri fyrir augu og eyru. Ferðin átti að kenna þeim að bjarga sér sem mest sjálfir og kenna þeim að vinna sjálfstætt. Petersen var illa við þetta. Hann taldi sig „eiga“ Þorvaldsdal. Auk þess vissi hann miklu meira en þeir um dalinn og gæti miðlað þeim af þekkingu sinni. Í staðinn vildi hann fá að stjórna rannsókninni. Ekki vildu Skotar það. Þá sagði Petersen að þeir þekktu ekki veðurfar á Íslandi og mundu hljóta heilsutjón af veru sinni hér og vildi að Íslendingar keyptu stígvél og hlífðarföt á mannskapinn. Ekki vildu Íslendingar það. Þegar heim kom skrifuðu Skotarnir skýrslu á ensku og sendu Háskóla Íslands og bókasafnið í Árskógi fékk eitt eintak. Þeir töldu sig hafa fundið ýmsar ísaldarminjar á Árskógsströnd, nýja músartegund og skordýr áður



Stóri Kleifasteinninn, eða skálasteinninn. Hann er í um 450 m hæð ofan við Kleif í Þorvaldsdal.

óþekkt á Íslandi. Þá töldu þeir bergganga frá Rauðavík og út í Hálshorn. En talið var þegar sjór var sléttur svo að eitthvað mun þar vantalið.

Petersen taldi sitt merkasta verk vera að finna Kleifarsteinana, sem hann nefndi svo. Hann taldi sig hafa uppgötvað þá. Þetta eru blágrýtissteinar, nokkuð stórir, í Kleifarlandi. Einn þeirra er reyndar í Krossalandi

og það var Haukur Snorrason á Krossum, sem fann hann. Þessir steinar eru með holum, sem Petersen telur mannaverk og hann álitur vera að minnsta kosti 4.000 ára gömul. Frá þeim tíma er var áður en menn lærðu að nota járn. Hann segir þetta vera sönnun þess að á þeim tíma hafi verið sigling til landsins og af lærdómi sínum viti hann að það hafi verið Föníkíumenn, eða aðrar Miðjarðarhafspjóðir. Með þetta „í höndunum“ muni hann gjörbylta allri Íslandssögunni og mannkynssögunni og hljóta fyrir það heimsfræð. Holur eru mjög algengar í blágrýti og eru breytilegar frá einum steini til annars. Ég hef séð ljósmyndir af þessum steinum og held að þeir séu ekkert frábrugðnir öðrum steinum. Landinu hallar þarna móti austri og steinarnir liggja í hallanum. Jöklar hafa ekki skilið þá eftir þarna, heldur hafa þeir komið ofan úr fjallinu og staðnæmst þarna í moldarjarðvegi, sem hlýtur að síga frá þeim smátt og smátt og steinninn raskast í holu sinni. Auðvitað geta svona holur verið gjörðar af manna höndum, en þá eru þær ekki gamlar, varla meira en nokkur hundruð ára gamlar. Svona holur safna í sig vatni. Það frýs að vetrin-

um og holan stækkar. Þetta gerist æ ofan í æ. Það, sem molnar úr börmunum, fýkur burt og holan stækkar og stækkar og breytir um lögun. Þegar ég spurði Petersen hvað svona holur gætu hugsanlega táknað, þá sagðist hann ekki vita það, en hugsanlega gætu þær táknað gang himintungla og tímatal fjarlæggra þjóða. En hvernig var hægt að búa til þessar holur ef þær voru eldri en járníð? Fyrst náttúran sjálf bjó til allar hinar holurnar, og þær eru býsna margar, ætli hún hafi þá ekki gert þessar holur líka? Ekki hélt hann það. Þær voru auðvitað gjörðar með hrafntinnu. Og hvar var þá hrafntinnan? Það hlutu að vera haugar af hrafntinnu þarna. Og mikið var hann búinn að leita án árangurs, en hún hlyti að finnast. En hvað hélt hann að steinarnir væru búnir að liggja þarna lengi? Hann hélt að Kleifarsteinar hefðu borist með ísaldarjökklum á núverandi stað fyrir 10.000 árum a.m.k. og þá er spurt, hvernig litu þessar holur út fyrir 10.000 árum? Holur gerðar með hrafntinnu. Margt hefur breyst á skemmri tíma, og aftur er spurt: Hvernig voru skip Föníkíumanna á þeim tíma? Það vissi hann. Þetta voru herskip með 400 hermenn innanborðs og 100 manna áhöfn. Þeim var siglt og róið. Kvíkfé var haft um borð til matar. Stór voru þessi skip. Kannski bara eitt sem kom til Íslands. En því völdu þeir Eyjafjörð til rannsókna og hvað dvöldu þeir lengi á Íslandi? Var þetta kannski vísindaleiðangur öðrum þræði? Hverjar eru heimildir Kleifarbondans um þessar rannsóknir Föníkíumanna? Þessu síðasttalda svaraði hann ávallt á einn veg: „Íslendingar þola ekki að aðrir en þeir fái fræð fyrir rannsóknir á Íslandi. Þess vegna vilja þeir hafa af mér skóinn þegar ég vinn vísindaafrek, sem þeir geta ekki unnið. Og þetta með að umbylta Íslandssögunni? Ég held menn skilji þetta ekki, ég hef líklega ofmetið Íslendinga þar.“ Hann bað Baldvin [son minn] um að sjá til þess að hann fengi greftrun eins og aðrir menn, en ekki í kirkjugarði eða í öðrum vígðum reit, heldur á Kleif. Ekki gat Baldvin lofað því. Á Gásum við Eyjafjörð eru taldar merkar fornminjar. Þangað komu kaupskipin á vorin. Þjóðminjavörður vildi láta grafa húsatóttirnar upp. Það mátti

Petersen ekki heyra nefnt. „Þetta eru ekki annað en moldarbingir.“

EKKI varð búskapurinn á Kleif til þess að auka álit manna á Petersen. Hann þótti mesti búskussi. Hann, þessi hálærði fjósameistari, gat ekki látið kýrnar mjólka. Hann þótti sóði í umgengni, utan bæjar og innan. Eitt sinn kom gestur til hans einhverra erinda og sagði öðrum að hann hefði séð dauða kú framan við fjósdyrnar. Petersen sagði að þetta væri alveg rétt, en það væru líka margir skyrbögglaðir í kringum Kleifarabæinn; hann fleygði þar heimsendu skyri, sem hann gæti ekki torgað. Hann forðaðist að bjóða inn mönnum sem komu að Kleif og hann hafði aðrar matarvenjur en Íslendingar. Hann leit niður á næstu nágranna sína og um ungan bónda, nýkvæntan, sagði Petersen: „Hann er hamingjusamur eins og ungt dýr.“ En hann var óáleitinn og þótti ósérhlífinn og keypti mikið af erlendum vísindaritum. Hann skrifaðist á við erlenda fræðimenn og hann skrifaði greinar í blöð og tímarit. Hann sagði oft að menn ættu að lifa fyrir frægðina og að önnur veraldleg gæði væru léttvæg miðað við frægðina og því væri mikilvægt að koma nafni sínu á prent. Hann gladdist líka fyrir mína hönd þegar fréttir bárust af því á vorin að nú væri blómagarðurinn hennar Önnu á Hámundarstöðum að koma undan snjó og ég var borinn fyrir fréttinni! Hann fékk líka snemma nokkurt álit á Baldvin [syni mínum], sem bóndaefni. Bæði var að Baldvin var honum stundum hjálplegur með jarðvinnslu á Kleif en þó fremur hitt að Baldvin var fyrsti bóndinn á Ströndinni, sem verk aði vothey eingöngu til kindafóðurs, og að sjálfsögðu eignaði Petersen sér heiðurinn af því. En þegar Baldvin fór að búa, braut hann stundum heilann um það hvernig best væri að stunda heyskapinn, og niðurstaðan varð sú, að miðað við veðráttu hér, væri öruggast að treysta eingöngu á votheysgerð handa kindum, og miðaði síðan vélakaup og byggingar við það.

En boðskapur Petersens var skýr: Þú átt að lifa fyrir frægðina, helst fyrir unnin vísindastörf og það taldi hann sig svo

sannarlega gera. Nafn „þitt“ á að lifa í sögunni og hann taldi sig hafa unnið til frægðarinnar. Hafði hann ekki gert nýjar rannsóknir í jarðfræði og í sögu sem myndu umbylta allri Íslandssögunni? Var það ekki hann sem hafði fundið holur af nýrri gerð í steinum á Kleif, holur sem hlytu að hafa heimsögulega þýðingu? Hann vissi líka hvar átti að leita nýrra úrlausnarefna, það var til fjalla. Fram að þessu höfðu fræðimenn beint athygli sinni að láglendinu. En þar skyldi verða breyting á. Því höfðu menn ekki fundið Kleifarsteinana fyrr? Vildi enginn maður verða frægur á Íslandi? Skildu menn ekki að hann átti skilið viðurkenningu fyrir verk sín? Þó mönnum þætti Kleif vera aumt kot, þá mættu menn vita að jörðin fengi frægð af ábúanda sínum og alltaf kenndi hann sig við Kleif þegar hann skrifaði greinar sínar, og nú væri Kleif orðin mesta bæjarnafn á Íslandi. Ekkert stoðaði þó ég maldaði í móinn og nefndi ýmis staðarnöfn, sem orðin eru fræg í sögunni. Hann var alveg viss um að frægðarljóminn, sem stafaði af búsetu hans sjálfs á jörðinni, væri svo mikill. Útlendingar, sem hann átti í bréfaskriftum við, spurðust stundum fyrir um hvort þeir mættu ekki koma til sumardvalar á Kleif. Þeir vildu borga vel fyrir. Hér gætu þeir verið lausir við skarkala heimsins.

Petersen var einhleypur og barnlaus og aldrei við kvenmann kenndur. Var einbúi og hentaði ekki annað. Eitt sinn brá hann þó út af venjunni; hann réði til sín þýska konu sumarlangt og var ung dóttir hennar með henni. Þetta var á styrjaldarárunum. Maður hennar var ekki á Íslandi og hún var uggandi um eigin hag. Petersen reyndist henni vel: Hann eftirlét þeim mæðgum gamla bæinn og bjó um sig í tjaldi á túninu og hún var honum þakklát fyrir, en það var ekki við hans skap „að hokra að konum“ og taldi það fyrir neðan virðingu sína. Varð að vera sér um íbúð og sér um mataræði. Gat ekki sagt öðrum fyrir verkum og þoldi illa að vera undir annarra stjórn. Hann þóttist ekki þurfa að standa öðrum reikningsskil gerða sinna. Eins og komið hefur fram var hann einlægur og gallharður nasisti og kom sér í kynni við breska hermenn og kynnti þeim kenningar nasista. En þegar

Þjóðverjar töpuðu stríðinu þá varð Petersen hræddur um eigin hag. Hélt hann myndi missa frelsi sitt og verða sendur í fangabúðir, til útlanda. Sagt var að húsbóndi hans, Stefán Stefánsson, bóndi og alþingismaður, hafi talað máli hans og forðað honum frá því.

Petersen ræddi það stundum við mig í hvaða stjórnmálaflokk hann ætti að ganga, nú þegar hann hefði sagt skilið við nasismann. Einræðisflokkur yrði það að vera, og þá kæmi enginn annar en kommúnistaflokkurinn til greina. Svo hann neyddist til að ganga í Alþýðubandalagið,

en Guð mætti vita hvort því væri treystandi. Síðar eignaðist hann þar ýmsa sálufélaga og varð mjög hrifinn „þegar Þorgrímur Starri bæði faðmaði mig og kyssti.“ En það slettist fljótt upp á venskapinn. „Og þegar ég fór einu sinni heim til Sigríðar Stefánsdóttur, sem þá var í framboði fyrir Alþýðubandalagið, og bauð samvinnu, þá svaraði hún með þjósti að ég gæti farið til Starra í Garði.“ Það kom fljótt á daginn, að Alþýðubandalagsmenn voru ekki nógu róttækir, að hans dómi. Þeir viðurkenndu ekki neina öreigastétt á Íslandi. Eins og það sé ekki öreigalýður í öllum auðvaldsríkjum? Og því eru bændur og útgerðarmenn ekki taldir auðvaldsseggir og yfirstétt, eins og í auðvaldsríkjunum? Og því predika menn ekki muninn á manngildi og auðgildi, þar sem verkamenn tigna manngildið, en yfirstéttin dýrkar glæpsamlegt auðgildið?

Petersen var trúlaus maður, eða þóttist að minnsta kosti vera það. Gerði grín að prestum og boðskap þeirra, og alveg ógnaði honum auðtryggni þeirra manna, sem sóttu kirkju.



Einar Petersen á efri árum. Myndin líklega tekin um 1981.

Hann trúði á Hitler og Stalín og taldi þá óskeikula. „Ég trúi á siðgæðið“ sagði hann og vildi láta hvern og einn ráða sínu siðgæði sjálfan. Og enga afskiptasemi frá prestum! Alveg ógnaði honum að konur skyldu geta orðið prestar. Það tíðkaðist hvergi í hinum siðmenntaða heimi, nema á Íslandi. Hún er orðin hann! Hann gat að minnsta kosti fundið betra starfsheiti handa þeim; prestkonur skyldu þær heita. Það var auðvitað kolbrjálað að gera konur að prestum á Íslandi. Hitt var þó verra að hafa konu fyrir forseta. Vigdís forseti, það þýðir: Forseti kona, sem er sama og að hún sé eitthvað brengluð kynferðislega. Konur gerðar að prestum og að forseta á Íslandi! Það hljóta allar þjóðir að hlæja að Íslendingum.

Petersen vissi mætavel hvernig ætti að spara í menntakerfinu á Íslandi. Í fyrsta lagi með því að leggja niður einhverja af þessum allt of mörgu skólum og í öðru lagi með því að leggja niður íslenskukennslu í skólum. Það myndi spara drjúgan skilding. Það mætti taka upp rússneskukennslu í staðinn. Hann vissi að Rússar myndu, af örlæti sínu, borga þann kostnað að fullu. Þeir hefðu gert það fyrr. Þá þyrfti að fækka alþingismönnum, lækka laun flestra embættismanna, „skera niður“ bankastjórana og ríkisvæða alla bankana. Láta ríkið fá einkarétt á öllum vöruinnflutningi til landsins og afnema og uppræta alla hringamyndun. Taka upp strangt eftirlit með íslenskum menntamönnum. Mönnum, sem lokið hafa háskólaprófi erlendis, skal skylt að taka vinnu hjá íslenska ríkinu ef hún býðst. Heimilt skal erlendri þjóð, þar sem námsmaður dvelst, að halda honum þar, að loknu námi, meðan hann er að borga námsskuldina. Innræta skal hverjum námsmanni og hverjum þegni að honum beri ætíð að taka hag ríkisins fram yfir eigin hag og að ákvarðanir ríkisins séu ætíð réttar. Börnum skal innrættur sá hugsunarháttur, að eignamenn og atvinnurekendur séu óvinir ríkisins og beri að fyrirlíta þá.

Einu sinni kom útlendur maður í Kleif og hafði með sér íslenskan túlk. Maðurinn hélt mikla lofræðu um Petersen. „Heldurðu að hann meini þetta?“ spurði Petersen. „Ég held

það“, svaraði túlkurinn. Maðurinn var hálærður fræðimaður, kominn alla leið austan frá Tyrklandi. Hann var að þakka Petersen fyrir að vekja athygli Tyrkja á auðævum Íslands; hreina loftinu og ómengaða vatninu. Taldi hann að það gæti leitt til meiri samskipta þjóðanna síðar.

Petersen fór nokkrum sinnum í orlofsferðir til Danmerkur og heimsótti þá skyldmenni sín og heimaslóðir á Jótlandi. Þegar hann var kominn heim aftur, varð honum tíðrætt um hversu illa væri komið hag danskra bænda. Þeir væru búnir að tapa sjálfstæði sínu, væru aðeins vinnumenn á jörðum sínum, þó þeir teldust eiga þær, en gætu engu ráðið um búskapinn. Hann lýsti hnignun sveitanna á þennan veg: Fyrst varð verðfall á afurðum bænda og skuldir þeirra fóru vaxandi. Ráðunautar þeirra voru þá settir í að leysa vanda þeirra og þeir fundu ráðið. Það var að minnka tilkostnaðinn, einkum við að rækta fóðurkorn, og svo urðu þeir að sækja vinnu utan heimilis. Þeir þurftu að hafa miklu stærri samfellda akra og stórvirkari vélar. Hámarks vélanýting og hámarks jarðvegsnýting undir eftirliti sérfróðra manna um áburðargjöf og efnagreiningu jarðvegs. Gott og blessað. En þetta þýddi að bændunum varð eiginlega ofaukið. Þeir réðu ekkert við verkefnið fjárhagslega. Það voru stór verktakafyrirtæki, sem tóku að sér störf bændanna, en borguðu þeim svo aftur leigu fyrir landið og tryggðu þeim einhverja vinnu. Bændum var falið viðhald véla og húsa á jörðinni, konur fengu vinnu í borginni. Bóndinn var oftast einn heima og undi illa sínum hag. Húsin voru nógu falleg til að sjá nýmáluð, en það var aðeins framhliðin. Þegar komið var að húsunum bakatil, blasti allt annað við: Húsin ómáluð og ryðguð og gluggar brotnir. Svínahúsin tóm, því það borgaði sig ekki lengur að reka þessar litlu einingar. Húsin voru að grotna niður og það sem verra var; akrarnir voru að gera það líka. Akurmoldin þarna er ekki mjög þykk, en hún var orðin mjög frjósöm og góð vegna umhyggju bændanna. Nú var notaður lágmarks áburður og jarðvegurinn leystist upp og skolaðist burt. Sums staðar var komið niður á malarjarðveg, sem var svo magur

að það borgaði sig ekki að vinna hann, og varð því að taka nýtt land undir akurinn. Það, sem blasti við var þetta: Fólki í sveitum fækkaði og búskapur lagðist niður á mörgum jörðum. Hús og akrar gengu úr sér. Bændur urðu fátæk undirstétt í þjóðfélaginu. Miðstýringin í landbúnaði fór vaxandi og auðvaldið fagnaði og græddi. En eitt sá hann jákvætt í Danmörku; þar var betur búið að öldruðu fólki en hann hafði kynnst á Íslandi.

Petersen eignaðist aldrei bíl en ferðaðist á dráttarvél, og svo ferðaðist hann „á puttanum.“ Oft sáu menn hann sitja við þjóðveginn og bíða þess að bíll kæmi og stansaði. En það voru ekki allir sem stönsuðu. Sumir höfðu andúð á kallinum vegna skoðana hans. Aðrir sögðu að hann bæði aldrei um far, byði ekki borgun og þakkaði ekki fyrir sig. Sjálfur taldi hann þetta vera hluta af íslenskrí gestrisni, sem honum væri



Einar á dráttarvélinni sinni. Á henni fór hann allra sinna ferða af bæ.

heimilt að krefjast. Minnisstætt er mér eitt ferðalag hans: Hann kom gangandi sunnan brautina og enginn tók hann uppí og hann kom hérna heim til þess að bölsótast yfir ógest-risni Íslendinga. Svo hélt hann áfram gangandi. Hann var á leið til Dalvíkur. En svo fór að enginn bauð honum far og hann varð að ganga alla leið til Dalvíkur. Þangað fór hann stundum og athugaði mannlífið. Hann reyndi að gera sér grein fyrir til hvernar stéttar fólkið væri talið í Danmörku. Hverjir væru best til foringja fallnir, hver væri kaupmaðurinn o.s.frv. Hann virti fólkið á Dalvík furðu vel fyrir sér og ég gat vel þekkt það af lýsingu hans. Hann gekk bara hægt eftir götunum og fylgdist með í kaupfélaginu. En þegar hann sagði að kaupfélagsstjórinn hlyti að vera sendill, járnsmiðurinn stóratvinnurekandi, útvegsmaðurinn bóndi og kaupmaðurinn íþróttamaður, þá vorum við ekki sammála. Hann talaði oft um hversu auðvelt væri að þekkja í sundur Eyfirðinga og Þingeyinga og taldi fólkið hafa verið svo lengi einangrað í þessum sveitum. Menn skemmtu sér stundum við að benda á fólk, sem hann þekkti og biðja hann að segja sér hvort það væri Eyfirðingar eða Þingeyingar og vanalega var það vitlaust hjá honum.

Eins og komið hefur fram, hefur Petersen æði sérstæðar skoðanir á ýmsu og telur þá eigin skoðanir ávallt réttar. Og til þess að geta haft þær í friði neitar hann að hlusta á aðra. Og ekki nóg með það; hann neitar líka að lesa blöð og bækur eftir aðra, til þess að verða ekki fyrir áhrifum á þann hátt. Á hinn bóginn er hann ákaflega trúgjarn og vissir menn geta látið hann trúa hverju sem er, aðeins ef það eru réttir menn. Þá finnst honum að hann geti ráðið yfir skoðunum annarra. Hann geti jafnvel ráðið því á hvað menn trúa. Þetta er naumast heilbrigt. Engan þarf að undra þótt sambúð hans við aðra sé stundum stíð. Ekki vildi hann endilega samþykkja forna vörslugarða eða merkjagarða; taldi þá frekar gamla göngugarða og því sönnun um forna vegagerð. Ekki vildi hann trúa að hér hefðu menn haft búsmála í seli, hins vegar hafði hann áhuga á að vita hvar bæir hefðu staðið fyrr á öld-

um. Í Litla-Árskógi taldi hann sig vita hvar rústir gamla bæjarins væru, en fólkið á bænum taldi þetta vera rústir af fjár-rétt, sem var hlaðin úr torfi. Gamla seltóttir á Þorvaldsdal taldi hann vera fornar bæjartóttir og sönnun fyrir gamalli byggð þar fram á dalnum. Að sjálfsögðu hafði hann áhuga á að finna og grafa í gamla bæjarrústir á Kleif. Hann taldi sig finna bæinn, eða eitthvað af honum, og gryfju í gólfi, sem eftir lýsingu að dæma gat verið sýruker. „Sýruker? Úr torfi? Nei, ónei. Gryfjan var að sjálfsögðu gerð fyrir geit, mátulega þröng og djúp til þess að ein geit gæti staðið þar vetrarlangt, án þess að komast upp úr gryfjunni. Þetta hefur verið fátækur bóndi á Kleif. Reyndar fann ég aðra gryfju líka þar sem hann hefur haft klósettið sitt og meira að segja leitt þangað vatn til þess að hreinsa burt forina, svo hann hefur verið hreinlátur, þó hann hafi verið fátækur. Svona geitagryfjur höfðu sumir smábændur í Noregi inni í húsum hjá sér. En þakka þér fyrir að segja mér frá sýrukerinu. Þetta er í fyrsta sinn sem ég heyri talað um sýruker á Íslandi.“ Ég spurði hvort hann mundi geta fundið gryfjurnar aftur, og hélt hann sig geta fundið klósettgrýfjuna, því hún væri í sambandi við bæjarlækinn.

Petersen fór stundum upp í fjall þegar hann var að kanna umhverfi Kleifar. Þá sagði hann mér einu sinni að hann hefði fundið sprungu þar uppi í fjallinu, sem enginn annar vissi um, nokkru síðar sagði hann að hann hefði aftur fundið sprunguna og nú hefði hún gleikkað og myndi, fyrr eða síðar, valda framhruni úr fjallinu. En ekki man ég lengur hvort hún var Vatnshlíðar- eða Fögruhlíðarmegin. Líklega hefði komið frásögn af þessu í vísindaritinu, sem hann ætlaði að skrifa um jarðfræðirannsóknir sínar á Þorvaldsdal. Þetta átti að verða mikið rit. Hann taldi sig hafa fundið minjar um forn sjávarbotn í fjallinu fyrir ofan Kleif, og berggangar væru þar, sem myndu standa afar djúpt í jörðu. Þá taldi hann sig hafa uppgötvað hvernig grjóttjökla verða til og taldi sig sjá hvernig einn slíkur jökull væri að myndast handan fjarðarins, og sæi hann mun á hvernig hjarnfönnin minnkaði ár frá ári, eftir því

sem grjótið fellur niður á hana úr fjöllum í kring. Þá taldi hann sig vita með vissu að yfirborð sjávar hafi eitt sinn verið í líkri hæð og Ytri-Garnahausinn er nú. Eitthvað mun þetta vera umdeild kenning, eins og fleira hjá Petersen. Ekki veit ég hvað varð af handritinu af vísindaritinu um Þorvaldsdal, en vonlaus var hann orðinn um að koma því á prent.⁵

Petersen var einbúi á Kleif og fór oft illa með sig. Leitaði ógjarna til annarra og vildi ekki vera upp á aðra kominn. Og þar sem þarna er ekki sími, ekki rafmagn og mjög léleg upphitun, kenndu menn í brjósti um hann. Heilsa hans farin að bila. Hvað verður ef hann veikist og getur ekki látið vita af sér? Lionsmenn tóku að sér að fylgjast með honum á Kleif. Þeir settu upp litlar talstöðvar í Litla-Árskógi og á Kleif og skyldu þeir nú hafa samband daglega, og væri þá „kallað“ frá Litla-Árskógi á tilskyldum tíma. Gekk nú allt vel til að byrja með, en svo fór Petersen að svara treglega, sagði þetta óþarfa, það amaði ekkert að sér, og hætti alveg að svara í talstöðina. Þetta olli talsverðu fjaðrafoki, menn héldu að nú væri eitthvað mikið að í Kleif og fóru í snarheitum frameftir. En þegar þangað kom var allt í besta lagi. Petersen sagðist bara hafa sofið. Menn fundu að hann vildi ekki láta hjálpa sér og þannig lognaðist þessi aðstoð útaf.


Þegar Petersen hætti að hafa kúr á Kleif og heilsu hans hrakaði, var ekki talið fært að hafa hann á Kleif að vetrinum. Var honum útveguð íbúð á Hinriksmýri [á L-Árskógs-sandi], án þess að hann sleppti ábúðarrétti og heimilisfangi á Kleif. Fór þessu fram í tvö ár. Hann var á Hinriksmýri á veturna, en þegar voraði fór hann að Kleif og var þar sumarlangt. Eftir tvö ár missti hann húsnæðið; var sagt upp vegna sóðaskapar. Var nú lagt hart að honum að flytja á elliheimili en hann neitaði. Hafði reyndar reynt það áður að vera vistmaður í Skjaldarvík og fannst það ekki mönnum bjóðandi. Var honum nú útveguð á Sandinum íbúð sem hreppurinn

⁵ Einar Petersen skrifaði mikið greinar í blöð og tímarit. Greinarnar vöktu svo mjög athygli á honum, að rétt fyrir jólin 1992 fékk hann bréf frá Vísindaakademíu New York borgar, þar sem honum var tilkynnt að hann hefði verið útnefndur meðlimur í akademíunni.

átti og kona fengin til þess að líta til með honum. Hann fór í Kleif tíma og tíma að sumrinu, þegar hann gat farið þangað á dráttarvél, og virtist hressast við það, enda hafði hann sterkar taugar til jarðarinnar og vildi veg hennar sem mestan. En alltaf hélt hann ábúðarréttinum og ef einhver vildi ráðstafa jörðinni öðruvísi, var það eins og að koma við opna kviku.

Það var síður Petersens að „gagnrýna“ menn, sem andmæltu honum opinberlega og honum fannst skyggja á sig. Taldi þá ekki hafa vit á málefnum og gerði lítið úr þeim. Þannig var með Ólaf Jónsson ráðunaut, Þórodd Þóroddsson o.fl. Hann gaf mönnum gjarnan einkunnir. Um konungsfjölskylduna dönsku sagði hann: Þórhildur lét fallerast af frönskum ævintýramanni, sem var ekki einu sinni prins, þó hann þættist vera það. Og Friðrik faðir hennar fékk þessa einkunn: Hann er slæmur í maganum. Um Kristján konung 10. sagði hann: Hann er ekkert hræddur við Þjóðverja og það er gott, og hann vill ekki búast tignarklæðum, enda á hann flest börnin með almúgastúlkum. Í nágrenni Kleifar voru búsettir nokkrir Danir, sem komu til Íslands um líkt leyti og hann. Honum fannst látið of mikið með þessa menn. Um Alfreð í Fagraskógi sagði hann: Hann dundar mest við dráttarvélnar og bindur þær saman með snæri. Um Gústaf á Sjávarbakka sagði hann: Mönnum líkar ekki nærri svona vel við hann. Hann heldur þetta bara. Á Þorvaldsdal er fjall, sem sést ekki frá Kleif fyrr en komið er nokkuð upp fyrir bæinn, vegna þess að önnur fjöll skyggja á. Petersen efaðist um tilvist þess, a.m.k. um útlit þess, en Brattavellingar sögðu að á Brattavöllum hefðu búið þrír ættliðir samfelld og allir farið þarna í göngur og auk þess til rjúpna á veturna, því hlytu þeir að hafa einhverja hugmynd um útlit þess; þá sagði Petersen: Þetta er svo ómerkilegt fólk (þ.e. fólkið á Brattavöllum).

Nú er Petersen hættur að gera lítið úr nágrönnum sínum. Hann féllst loks á, eftir langt stríð við oddvitann, að flytja á elliheimili. Hann dvelur á elliheimilinu Dalbæ á Dalvík og þar fer vel um hann. Hann býr einn í rúmgóðri íbúð þar sem



Skjalið (sýnishorn), sem Vísindaakademía New York borgar sendi Einar Petersen árið 1992 (Sjá formála og neðanmálgrein nr. 5.), þar sem honum er boðið að gerast meðlimur í akademíunni. Með fylgdi eyðublað, sem Einar átti að útfylla og senda vestur til staðfestingar því, að hann þæði boðið. Hann mun ekki hafa gert þetta.

hann getur haft bókasafnið sitt og ritvélina. Og þar er líka læknir og hjúkrunarfólk við höndina, ef til þess þarf að taka.⁶

Ég hef að undanfögnu dundað við að vélrita ýmsar minningar um Petersen. Ekki veit ég hvort þær verða honum til frægðar, en margbreytilegar eru þær og vel þess virði að geymast áfram. Og sumar minninga hans frá Danmörku stórfroðlegar. Ég efast ekki um að hann hefur sagt mér þær eins og hann telur þær réttastar. Þetta getur kannski sýnt okkur líka hvernig sögur á Íslandi gátu geymst svo lengi, er þær voru endursagðar kynslóð eftir kynslóð eins og fólkið taldi þær réttastar. Getur einnig verið að færra hafi glapið hug fólksins, og minni þess því verið betra. Þá voru börnin

⁶ Einar Petersen lést á Dalbæ, dvalarheimili aldraðra á Dalvík, 8. desember 1993. Útför hans var gerð frá Stærri-Árskógskirkju föstudaginn 17. desember.

einnig meira með afa og ömmu en nú er, en þau hafa lengi verið talin kunna að þjálfra frásagnargáfu barna og unglinga, auk þess sem virðing þeirra var aukin á því að vera góður sögumaður, en það veit ég að Petersen vildi vera.

Haraldur Davíðsson frá Stóru-Hámundarstöðum

JÓN HJALTASON

Bærinn brennur

Jón Hjaltason er sagnfræðingur og formaður Sögufélags Eyfirðinga. Eftir hann liggja bækur eins og Saga Akureyrar, í fimm bindum, Saga Útgerðarfélags Akureyringa hf. 1945-1995, Of stór fyrir Ísland. Ævisaga Jóhanns risa, Falsarinn og dómari hans og Hernámsárin á Akureyri. Þá hefur hann skrifað um Nonnahús, með sérstakri áherslu á ævi Nonna, sögu KA og Skautafélags Akureyrar. Jón rannsakar nú 19. aldar viðhorf til Vesturheimsferða Íslendinga.



Aðvörun Péturs amtmanns

Bóndinn Hallgrímur Þórðarson bjó lengi í Gröf í Kaupangsveit. Seinustu árin var hann hjá tengdasyni sínum og dóttur að Völlum í Saurbæjarhreppi, þá lagstur í kör sjónlítill eða alveg sjónlaus. Brá þá svo við að Hallgrímur tók að segja fyrir um óorðna hluti og hafði enginn orðið var slíkrar gáfu hjá honum áður.

Haustið 1901 tilkynntu kaupmenn á Akureyri komu sína í Stóruborgarrétt, sem var ekki nema steinsnar frá Völlum, að kaupa sauði eins og títt var þá og hafði verið í áratugi. Þetta frétti Hallgrímur en hann hafði lengi verið í viðskiptum við Gudmanns-verslun og arftaka hennar, Gudmanns Efterfølger, og þekkti vel faktorinn, Eggert Laxdal. Það hafði ætíð farið vel á með þeim sem ekki var sjálfgefið – „hann var hinn mesti

ofstopi og fljótfer, lá í sífeldum deilum við menn. Það var honum yndi;“ lýsti Klemens Jónsson sýslumaður kaupmanninum. Og Laxdal átti það jafnvel til að láta hendur skipta ef honum sinnaðist við viðskiptavinum sína. En hann mátti ekkert aumt sjá og var góðgerðasamur við fátæka. Til dæmis hafði hann iðulega sent Hallgrími gamla súkkulaði, kandís eða annað sem hann vissi að gamla manninum þótti gott.

Og nú lá Hallgrími lífið á að hitta Eggert Laxdal.

– Vill nú ekki faktorinn koma við á Völlum áður en hann snýr aftur út á Akureyri, voru skilaboðin sem Laxdal fékk þar sem hann þrátaði um verð á sauðum við bændurna. Þetta er afar áriðandi og má ekki bregðast, fylgdi með.

Jú, ætli það skaði svo sem, hugsaði kaupmaðurinn, og reið heim að Völlum þar sem hann var leiddur að rúmi Hallgríms sem var órólegur og lá bersýnilega eitthvað mikið á hjarta. Eftir örstutt kurteisishjal sneri gamli maðurinn sér beint að efninu.

– Kaupstaðurinn mun brenna. Það verður stórbruni og stórkostleg vá, bunaði Hallgrímur út úr sér. Mikil hætta fyrir ykkur alla, kaupmennina. Já, mikil hætta.

– Hvað segirðu? Hvernig veistu þetta? vildi Laxdal fá að vita. Var þig nú að dreyma eitthvað?

Hann hafði heyrt sögusagnir um gamla manninn, að þrátt fyrir blindu og kör væri hann í ellinni orðinn sjáandi og hefði stundum hitt á að segja fyrir um ókomna atburði. En hvað var að marka svoleiðis nokkuð? Sveitafólkið talaði svo margt og skemmti sér við fánýta hluti í skammdeginu.

– Nei, svaraði Hallgrímur. Það var sýn.

– Sýn? Laxdal var ekki viss um hvað hann ætti að halda.

En nú lifnaði gamli maðurinn í rúminu allur við. Átrúnaðargoðið hans, hann Pétur heitinn amtmaður Havstein, hafði vitjað hans og viljað vara við eldsvoða á Akureyri.

– Já, hann sýndi mér brunann og bálið var ægilegt. Húsin fuðruðu upp eitt af öðru og eldtungurnar stóðu svo hátt upp í himinninn að ég sá ekki yfir þær. Eldurinn mun koma upp í efra plássinu, hótelinu, eða gamla spítalanum, og allt standa



Sviðið. Fyrst efra plássíð. Næst á myndinni er Aðalstræti 18 og skiptir engu máli fyrir þessa sögu. Gamli spítalinn er þar fyrir utan. Í maí 1897 skrifaði Jóhannes Halldórsson að bæjarstjórn Akureyrar væri búinn að byggja fyrir 1000 krónur fjós úr steini við Gudmannsspítala – sem gæti verið litla byggingin, með þrískipta glugganum, sem ber í spítalann. Ári síðar leyfir bygginganefnd kaupstaðarins að reist séu líkhús og fjós fyrir spítalann; báðar byggingarinnar eiga að vera norðan hans, „þannig að líkhúsið væri fremst en fjósið vestur af því og hæfilegur gangur á milli“, segir í fundargerð bygginganefndar 31. maí 1898.

Þá erum við komin að löngu ljósu byggingunni sem upphaflega voru tvær. Árið 1885 fékk Jensen gestgjafi leyfi til að byggja pakkhús – „í beinni línu frá suðausturhorni á veitingahúsi hans, ... og 9 álnir frá veitingahúsinu“, voru skilyrði bygginganefndar bæjarins. Í þessari byggingu, Suðurhúsinu, var Vigfús með verslun, geymslu, gestaherbergi fyrir almúgan og eitt svefnerbergi fyrir vinnufólk. Hótelíð sjálft er ljósa byggingin fast við Suðurhúsið – skiljanlega þar sem þau voru í fyllingu tímans tengd saman. Á því er kvistur og tveir strompar (aðeins einn á Suðurhúsinu).

Í neðra plássinu er stóra geymsluhúsið, byggt úr gildum plönkum, og íbúðarhúsið sem Klemens sýslumaður keypti af Havsteen amtmanni vorið 1894 og kostaði eignin öll 7.500 krónur. Rétt sést í hús Margrétar Halldórsdóttur og Óla Guðmundssonar yfir suðurstafn gamla spítala. Barnaskólinn snýr langhliðinni og fjórum gluggum að okkur en ljósa húsið norðan hans er Sútunarhúsið.

Ljósmynd: Frederick W.W. Howell, Cornell University Library

í ljósum logum. Nei, ég sá ekki hvort eitthvað brann neðan við götuna.

Það kom hik á gamla manninn. Hann reyndi auglýsilega að muna eitthvað en sýnin var tekin að fölna í hugskoti hans.

– Amtmaðurinn sagði mér líka hvernig ætti að verjast eldinum en ...

Gamli maðurinn hrukkaði ennið og reyndi að einbeita sér en allt kom fyrir ekki. Hann var búinn að gleyma orðum amtmannsins. Og þó, hann hafði talað eitthvað um sand.

– En Laxdal minn, taktu nú mark á þessum orðum og vertu við öllu búinn. Pétur Havstein, sá heiðursmaður, færi aldrei að blekkja mig. Gerðu það nú fyrir mig að vara kaupstaðarbúa við, voru lokaorð Hallgríms gamla þegar Laxdal kvaddi. Kaupmaðurinn var hins vegar fljótur að gleyma varnaðarorðum gamla mannsins sem hlaut að vera orðinn ellíær. Ekki löngu síðar átti Eggert Laxdal eftir að rifja upp heimsóknina að Völlum og var þá á bak og burt öll vantrú hans og fordómar í garð Hallgríms Þórðarsonar.

Úr borgara í vert

Það er aðfaranótt fimmtudags 19. desember. Bæjarbúar, um 1.350 talsins, eru í fastasvefni. Á Hótel Akureyri hafði dagurinn á undan verið tíðindalítill. Vigfús Sigfússon hóteleigandi hafði snúist í mörgu eins og var vani hans. Það voru aðeins þrjú ár síðan hann keypti hótelið af feðgunum á Laxamýri, Sigurjóni Jóhannessyni stórbónda – sem Jakob Hálfðanarson á Grímsstöðum, og helsti frumkvöðull að stofnun Kaupfélags Þingeyinga, lýsti svo að væri „mikill bjargvættur sveitar sinnar“¹ – og Lúðvíki syni hans, og fluttist til Akureyrar frá Vopnafirði. Fyrir austan hafði hann verið lífið og sálin í nánast öllu; rekið útgerð, keypt fisk og verkað til útflutnings, verið hreppstjóri, oddviti, sýslunefndarmaður, fulltrúi Gránufélags og allsherjar reddari fyrir frönsku og færeysku sjómennina er komu á hverju sumri upp að Austurlandi. Hann hafði séð um póstinn, hlaupið í skarð-

¹ Lbs. 4 NF, VII, 3a, Jakob Hálfðanarson, dagbók 1862-1874, um árið 1874.

ið þegar sýslumaðurinn var fjarverandi og svo seldi hann sveitungum sínum líftryggingar. Þetta var þó hjóm eitt hjá því er hann tók að aðstoða náfrænda sinn í Reykjavík, bók-salann og vesturfaraagentinn Sigfús Eymundsson og húsið fylltist af kvíðafullum vesturförum „Íbúðarhús Vigfúsar var oft fullt af þessu fólki dögum og vikum saman, börnin grétu og görguðu, léku sér og flugust á og ruddu öllu um koll, mæður kvörtuðu og andvörpuðu og feðurnir sögðu ljótt, gramdist töfin og tjónið en hriðarkólgað næddi úr norðaustri og hafísjakarnir hringsnerust á vikum og vogum.“²

En Vigfús átti ötula eiginkonu, einn son og fimm dætur er öll tóku þátt í hinu daglega amstri og dreifðu áhyggjum hans. Meðfædd glaðværð og bjartsýni létu honum líka sporin.

Þegar fjölskyldan fluttist til Akureyrar 1898 átti Vigfús ekki nema fjóra mánuði í að verða hálfsextugur en lét það ekki aftra sér frá að taka upp svipaða hætti og fyrir austan. Hann hóf að versla með ýmiskonar fatakyns, skipti sér af stjórnmálefnum kaupstaðarins, náði meðal annars kjöri sem bæjarfulltrúi, og síðast en ekki síst; hann breyttist úr borgaranum, en það var titillinn er hann gegndi á Vopna-firði, í hóteltvertinn. Lúðvík Sigurjónsson, bróðir hins fræga rithöfundar Jóhanns Sigurjónssonar, hafði uppgefist á hótelerkstrinum og nú ætlaði Vigfús að bæta um betur.

Hann gantast við gestina, býður þeim upp á bitter og vindlinga og notar ýmis orðatiltæki í tíma og ótíma. Hann býður mönnum í nefið úr silfurdósunum góðu er hann ber alltaf á sér innanklæða og segir: – Þetta er ekki til að troða í nasirnar. Og bætir svo við annars hugar: – Undarlegt var það með tíkina, eða hann segir með spekingssvip: – Það var eins og skepnan skildi. Allt eru þetta orðatiltæki sem eru vertinum ákaflega töm. Hann heilsar þorra með þorrablóti að gömlum sið, haldnar eru ræður, sungið og dansað, drukk-ið og étið. Blaðið Stefnið fjallar um viðburðinn og finnst ólík-legt að þrumuguðinum Ása-Þór hefði líkað uppákomana,

2 Ingólfur Gíslason: Vigfús Sigfússon ... “ *Lesbók Morgunblaðsins* 28. nóvember 1943, bls. 362.

hann hefði verið svo lítið gefinn fyrir dans um sína daga. Svo breytir Vigfús nafni hótelsins úr Hótel Önnu í Hótel Akureyri. Stefnan er tekin. Hóтелиð á að verða kennileyti í kaupstaðnum og stolt bæjarbúa.

Drukkni maðurinn

Tökum upp þráðinn aftur þar sem við vorum stödd áður en við flæktumst austur á land til Vigfúsar borgara á Vopna-firði, seinna verts á Akureyri. Það er aðfaranótt fimmtudagsins 19. desember. Bærinn sefur. Þó ekki allir. Það er einhver ókyrrð í pakkhúsinu, eða Suðurhúsinu eins og bæjarbúar kalla það, sem er áfast við hótelið en þar er afþiljað herbergi fyrir óæðri gesti og annað þar sem sofa vinnumaður og eiginkona hans. Þau rumska um nóttina við umgang.

– Þetta eru rotturnar enn einn ganginn, segir eiginmaðurinn við konuna, og snýr sér á hina hliðina. Húsið er fullt af þessum óskemmtilegu skaðræðisdýrum og engin ástæða til að gera sér rellu út af þeim á kaldri vetrarnóttu.

Í gestaherbergi hins sauðsvarta almúga, sem er ólæst allar nætur, hrjóta átta karlar. Einn þeirra, Bjarni Benediktsson frá Bakka í Fnjóskadal, hrekkur skyndilega upp við illan draum. Einhver rykkir í koddann sem hann hefur undir höfðinu. Yfir honum stumrar blekfullur náungi – Nei, ég þekkti hann ekki, ber Bjarni síðar fyrir rétti. Aðkomumaðurinn riðar en heldur fast í koddann. Bjarni talar rólega til mannsins og beinir honum loks í rúm þar sem liggur aðeins einn maður fyrir. Sá drukkni er þó ekki á því að fara að sofa og heimtar ljós.

– Ég verð að fá einhverja birtu, drafar í honum.

Annar svefngestur stendur á fætur og kveikir á olíulampa sem hangir á panelklæddum veggnum fyrir ofan eina borðið í herberginu. Þetta sér Bjarni með eigin augum en ekki þekkir hann manninn sem skráfar upp í lampanum. Við þetta ónæði hætta einhverjir karlanna að hrjóta en enginn þeirra skýtur neitt um hinn ókunna og sauðdrukkna gest. Þeir kjósa að sofa áfram.

Svo vaknar einhver. Kannski þegar hélian, sem þekur herbergisloftið, byrjar að þiðna og vatnið driplar niður á sofandi mennina. Það er komin rigningsuddi í herberginu. Einn af öðrum vakna karlarnir. Nóttin er enn niðdim, þó komið sé undir morgunn, og engin merki þess að neitt hafi hlýnað utandyra. Ljós lifir á lampanum og vondur þefur er í herberginu sem ekki á neitt skylt við óþrifalega sveitakarla, óhrein föt og illa hirt skótau.

Í einu rúminu liggur 17 ára piltur, Magnús Kristjánsson frá Kerhóli. Hann hafði komið gangandi innan úr Sölvadal með lítinn skíðasleða í eftirdragi, hlaðinn þrjónasaumi sem á að seljast í verslun Vigfúsar á jarðhæðinni í langa húsinu en hótelið er í nyrðri hlutanum. Rúmri hálfri öld síðar rifjaði Magnús upp þessa eftirminnilegu nótt: „Klukkan 5 um morguninn vaknaði eg. Þá lifði ljós á lampanum og var eg nokkuð hissa. Mér fannst eg vera búinn að sofa út, enda var ferðahugur í mér, eg ætlaði að taka daginn snemma. Fljótt tók eg eftir því, að það var einhver ónota lykt í stofunni, mér fannst það helzt vera brunalykt, og eg hvíma í allar áttir, en það sást enginn reykur. Eftir nokkra athugun sá eg svartan blett á loftinu yfir lampanum. Datt mér í hug að loftið væri að ofhitna, fór fram á gólf og steig upp á rúmstokkinn hjá gamla manninum og rak fingurinn í svarta blettinn, en um leið rek eg fingurinn í gegnum og eldgusan kemur rétt yfir andlitið á þeim gamla. — Varð honum heldur bylt við, hentist eins og fjöður fram á gólf, hrækti og skyrpti. Við þetta vöknudu allir, enda kom voða hvinur þegar loftstraumurinn komst upp um gatið. Þá magnaðist eldurinn óðfluga“³

Karlarnir ruku þegar í stað upp til handa og fóta að bjarga eigum sínum og vekja húsráðendur.

Eldurinn magnast

Þegar Stefán Finnbogason, frá Belgsá í Fnjóskadal og einn næturgestanna í pakkhúsinu, komst út á Aðalstrætið litlu

3 Magnús Kristjánsson: „Bruninn á Hótel Akureyri 1901“, *Dagur* 12. desember 1959.

síðar stóðu logarnir þegar upp úr þaki hússins. Klukkan var fimm að morgni, sumir sögðu síðar að hún hefði verið fjögur eða jafnvel þrjú um miðja nótt. Vinnumaður á hótelinu var í óða önn að hleypa út hrossunum er voru hýst á neðstu hæðinni. Aðrir hlupu út í bæinn að vekja fólk. Einn barði upp á hjá settum sýslumanni og bæjarfógeta, Stephani Stephensen, sem flýtti sér í spjarirnar og hálf hljóp inn að hótelinu. Þá hafði safnast þar saman töluverður mannfjöldi en augljóst var að húsinu yrði ekki bjargað. Hey, sem hafði verið geymt á loftinu fyrir ofan geymsluherbergið, reyndist nú hinn besti eldsmatur og góð viðbót við timbrið í veggjum og þaki hinnar löngu byggingar. Enginn reyndi að slökkva en allir kepptust við að bera út úr hótelinu allt sem hönd á festi og ekki síður úr verslun Vigfúsar, fatatau af öllu tagi, nýmóðins hálsklúta, olíuklæði fyrir sjómenn, kápur fyrir finar frúr og þrjónuð ullarnærföt.

Bráðlega varð eldhafið svo mikið að fólk varð að hörfa frá. Enginn hafði uppi neina burði til að slökkva eldinn enda ekkert slökkvilið í bænum. Hópurinn fyrir framan eldhafið stækkaði stöðugt.

Hér eru ábyggilega fleiri hundruð manns, hugsaði Magnús frá Kerhóli þegar hann leit í kringum sig þar sem hann stóð á götunni og drakk í sig atburði næturinnar sem hann síðar átti eftir að kalla ævintýri. Aldrei áður hafði hann séð annan eins mannfjölda samankominn á einum stað. En svo datt honum skyndilega annað í hug: „Þegar eldurinn var kominn niður í stiga af efri hæðinni, mundi eg eftir sleðanum og þrjónlesinu mínu. Þaut eg eins og kólfi væri skotið á milli tveggja varða, sem stóðu við dyrnar, en allt var fullt af reyk inni fyrir. Heyrði eg, að kallað var úti, að maður hefði hlaupið inn í eldinn. Eg náði í sleðann og kom með hann út, en rétt þegar eg var kominn út heyrðust miklir skruðningar inni í ganginum, voru þá eldibrandar að falla niður í ganginn.“⁴

Nú gerðist það sem allir óttuðust. Eldtungurnar tóku að

4 Magnús Kristjánsson: „Bruninn á Hótel Akureyri 1901“, *Dagur* 12. desember 1959.

sleikja næstu hús. Kaupmaðurinn Sigvaldi Þorsteinsson hafði fáeinum árum fyrr eignast gamla Benediktsbæinn er stóð næst norðan við hótelið og var kenndur við járnsmiðinn Benedikt Þorsteinsson. Gamli járnsmiðurinn var þó löngu genginn á vit feðra sinna en sonur hans, Magnús, bjó áfram í torfbænum en hann andaðist í janúar 1897, væntanlega saddur lífdaga eftir að hafa lengst af ævi glímt við bæði Bakkus og fátæktarvofuna. Oft bað Magnús stráka að skjótast fyrir sig suður á Jensensbæk eftir flösku en bæðu þeir hann um dreitil þvertók hann fyrir og sagði raunamæddur að brennivínið væri búið að steypa nógu mörgum í glötun og ekki ætlaði hann að fjölga um eina einustu sál í því helvíti.

Eftir andlát Magnúsar var haldið uppboð á bænum og hann seldur „fyrir 1000 krónur og þó er hann álitinn ekki meira virði, en sem svarar kostnaðinum við það að koma rústunum eitthvað á burtu, en þar voru 3 keppinautar, sem vildu ná í grunninn, sem þó er ekki næsta stór, og ekki hægt að byggja á honum nema í ferhyrning, því hliðin sem að götunni veit er svo stutt“, skrifaði Jóhannes Halldórsson barnakennari í ársbyrjun 1898.⁵

Sigvaldi hafði hins vegar séð sér leik á borði og einnig keypt lóðina fyrir ofan gamla torfbæinn sem var nú rifinn en í hans stað byggt reisulegt tveggja hæða hús með sölubúð á neðri hæð og íbúð á þeirri efri. En í stað þess að Sigvaldabúð breiddi úr sér meðfram götunni, líkt og Hótel Akureyri, teygði hún sig upp í slakkann og náði raunar langleiðina að heimili séra Geirs Sæmundssonar í Búðargili. Þetta átti eftir að hefna sín.

Það fór kliður um mannfjöldann þegar eldurinn læsti sig í þetta nýja hús Sigvalda kaupmanns. Ennþá fólst björgunarstarfið ekki í öðru en að bera út úr nærliggjandi húsum.

Fyrir neðan götuna var fólk komið á stjá í húsi Klemensar Jónssonar, sýslumanns og bæjarfógeta, sem þá var í Kaupmannahöfn með eiginkonu sinni, Þorbjörgu Stefánsdóttur, er hafði lengi gengið vanheil til skógar. Þetta sama haust

5 Lbs. 3517, 4to, Jóhannes Halldórsson til Daniels Halldórssonar 20. janúar 1898.

hafði hún alið andvana stúlkubarn sem kom í heiminn með svo miklum flýti að hvorki náðist til læknis eða yfirsetukonu í tæka tíð og var þó ekki um langan veg að sækja hvorugt þeirra. Eftir þetta versnaði Þorbjörgu svo mjög að þau hjón ákváðu að sigla til Kaupmannahafnar í þeirri von að lækna þar kynnu ráð er dygðu. Sem var þó hálf í hvoru gegn skoðunum lækna á Akureyri er óttuðust að Þorbjörg þyldi ekki ferðalagið en hún leið stundum svo miklar kvalir að ekkert linaði þær nema morfin. En nú varð þeim hjónum ekki hnikað. Þorbjörg hafði lengi kennt sér meins og haustið 1898 siglt utan sömu erinda sem gaf henni stundarfró, þó ekki meiri en svo að allan veturinn 1899 til 1900 var hún að mestu við rúmið, „og það svo, að jeg gat aldrei boðið Norðurljósa-mönnunum, sem þá voru á Akureyri, til mín“, harmaði Klemens.⁶

Ferðin var afráðin, þau tóku sér far með póstskipinu Ceres og stigu á land í Kaupmannahöfn snemma í nóvember 1901.

Einum og hálfum mánuði síðar stóð hótelið, skammt fyrir ofan hús þeirra, í ljósum logum. Það byrjaði að hrynja saman með ógnarbraki og gneistaflugi. Rétt handan götunnar voru veggir og þak pakkhússins, sem var áfast við bæjarfógetahúsið, byrjaðir að sviðna. Jón Borgfirðingur, faðir Klemensar, var kominn á stjá: „Um nóttina kl. til 5 vakti Gunna mig, og kvað eld uppkomin í nágrannahúsinu veitingahúsinu. Jeg vaknaði við vondan draum, og datt í hug sjón eða draumur Hallgríms karls, fyrir 3 árum.“ Þrátt fyrir vantrú sína hafði Laxdal greinilega ekki legið á heimsókn sinni að Völlum. Þó má vera að Jón Borgfirðingur hafi sannspurt sýn Hallgríms gamla eftir öðrum leiðum enda ótrúlega naskur að nasa uppi fróðleik um menn og málefni.

En nú var Jóni ekki lengur „til rúm legunnar boðið, klæddi mig, kveikti ljós, tók stóran poka er var uppá loptinu hjá mjer, dreif ofaní hann öllu því er jeg fann skrifað, og nokkrum fáeinum fágætum prentkverum. Þar á meðal, voru

6 Klemens Jónsson: Æviminning, handrit.



Hús Margrétar Halldórsdóttur og Ólafs trésmiðs er í neðra plássinu, andspænis gamla spítala. Það snýr svörtum stafni og þremur gluggum í þig, lesandi góður, og var í manntali sagt númer 1 við Hafnarstræti. Næst norðan við er hús Klemensar, með tveggja-glugga-kvisti að austanverðu og sýnist vera eitt með húsi Margrétar og Ólafs. Ljósmyndin fjær er svo barnaskólinn.

Ljósmynd: Frederick W.W. Howell, Cornell University Library

ljóðm[æla]bók þín og brjefin. Ljet af afgang pokans í Rúm ábreiðuna, hnýtti fyrir og dreif niður og út í snjóskaf, og haldi snævi, líkt og þá menn grafa sig í snjó á ferðum þeirra. Síðan var það borið inni góðan stað. Samt vantar mig enn 1. handrit en bóti er að samkynja handrit er til [á] Vesturlandi. Svo hefi jeg ekki fundið Möppu með ýmsu rusli og er skítt en kann að koma fram seinna, sem óskilakind, ... Allmikið náðist af munum Klem., skemmt meira og minna, en mikið fórst. Gunna gekk í Valkyrjuham við björgunina, hefði hún ekki verið, hefði þá enn verr farið.⁷

Valkyrjan var Guðrún, dóttir Jóns og systir Klemensar. Dugnaður hennar náði þó ekki að bjarga húsinu enda engin tilraun gerð til þess. Aðeins var borið út allt er hönd á festi. Það varð því ljóst um leið og eldurinn náði að læsa sig í pakk-

⁷ Lbs. 2395, 4to, Jón Borgfirðingur til Benedikts Gröndal 2. janúar 1902.

húsið að bæði íbúðarhúsið og hesthúsið norðanvið voru dauðadæmd. Raunar var á þessari stundu ekki annað sýnna en að eldurinn myndi á endanum gleypa alla byggðina á gömlu Akureyrinni og jafnvel einnig töluvert af húsunum í Búðargili. Það eina sem kom í veg fyrir að þetta gerðist í snöggri svipan var veðrið. Fyrst stafalogn og síðan eilitill blástur að vestan sem feykta eldinum yfir götuna í pakkhús sýslumannsins. Síðan var „eins og andvarinn væri að færa sig til eftir því, sem mest reið á“, sagði Einar Hjörleifsson ritstjóri Norðurlands.

Ekkert gat þó bjargað húsi Margrétar Halldórsdóttur og Óla trésmiðs Guðmundssonar, sem þau áttu til helminga. Í þessu litla húsi við Hafnarstræti 1 bjuggu þrjár fjölskyldur, alls 13 manns. Þar var Óli trésmiður með konu og tveimur dætrum en ekki Margrét sem leigði sinn part hjónunum Álfheiði Eyjólfsdóttur og Páli Jónssyni Árdal barnaskólakennara og skáldinu sem orti: „Ef væri ég söngvari, syngi ég ljóð/ um sólina, vorið og land mitt og þjóð.“ Páll átti líka eftir að drepa fyrir Alþingi hugmyndina um þegnaskylduvinnu með þessari litlu ferskeytlu:

*Ó, hve margur yrði sáll
og elska mundi landið heitt,
mætti hann í mánuð vera þræll
og moka skít fyrir ekki neitt.*

Svo skilgreindi hann, í kvæðinu Ráðið, brest í mannlegu eðli svo ekki varð betur gert:

*Ef ætlarðu að svívirða saklausan mann,
þá segðu aldrei ákveðnar skammir um hann,
en láttu það svona í veðrinu vaka
þú vitir, að hann hafi unnið til saka.*

Nú hótaði eldurinn heimili þessa manns sem nokkru áður hafði kvatt 19. öldina með ljóðabálki þar sem sagði meðal

annars af töluverðri framsýni um háttalag kóna og keisara 20. aldarinnar:

*Oft ryðgaði í skeiðunum réttlætis sverð,
en reiddur var dráphjörinn bitur,
og enn þinna kóna og keisara mergð
á kenskunnar vélráðum situr.
Und fótunum auðvald og ágirndin tróð
þann aumstadda verklyðinn snauða.
En Biblíur færðir þú blámanna þjóð
og brennivín, kúlur og dauða.*

Húsið, sem Páll var leigjandi í, stóð svo að segja stafn í stafn við bæjarfógetahúsið sunnanvert, syðst á eyjunni milli Hafnarstrætis og Aðalstrætis. Þessi götunöfn voru ekki nema árs gömul og engan veginn orðin Akureyringum töm í munni. Þeir töluðu ennþá um efra plássið og neðra. Og nú stóðu bæði plássin í björtu báli.

Gripið til varna

„Á síðari hluta 6. stundar kom *amtmaður* inn í bæinn“. skrifaði Einar ritstjóri og átti við Pál Briem. „Hann tók þegar að gangast fyrir samtökum.“ Og var ekki seinna vænna. Eldhafið var orðið svo feikilegt að á innstu bæjum í Eyjafirði og á Árskógsströnd, og jafnvel í Ljósavatnsskarði, veltu árrisulir menn fyrir sér bjarmannum er virtist yfir kaupstaðnum við Pollinn.

– Okkur vantar segl, rekur og fötur, kallaði amtmaðurinn. Nú varð að mynda víglínu. Syðst skíðlogaði hús þeirra Óla trésmiðs og Margrétar Halldórsdóttur. Hinum megin götunnar, og örlítið sunnar, var gamli spítalinn í mikilli hættu. Rifnar voru fram þakjárnplötur og raðað meðfram húsinu en erfitt var að koma við seglyfirbreiðslu vegna stærðar þess, þó var það ef til vill reynt. Á mæninum sat Hannes Einarsson frá Skógum klofvega og sturtaði án afláts úr fötum niður austurhlið hins aflagða spítala en þær voru jafnóðum fylltar

sjó úr skafla sem var í brekkunni rétt hjá. Þegar heitast varð á þakinu steypiti Hannes yfir sjálfan sig úr fötunum sem honum voru réttar í sífellu.

Önnur víglína var norðan við hús Klemensar sýslumanns. Þar var búið að breiða segl yfir stafninn á gamla barnaskólahúsinu en Jóhann Friðriksson sjómaður sat á mæninum og jós vatni yfir seglið. Úti í sjónum stóðu konur og dýfðu fötum í sjóinn og réttu þær áfram eftir annarri röðinni á meðan hin fólksröðin skilaði til þeirra tómunum fötum.

– Fleiri fötur, kallaði einhver á meðan aðrir kepptust við að moka sem mestum snjó að skólahúsinu. En svo urðu allir að hörfa á meðan eldurinn geisaði hvað harðast í húsi sýslumannsins, slíkur var hitinn. Kvíðafull augu fylgdust með á lengdar þegar eldurinn læsti sig í þessa gömlu sölubúð og pakkhús Havsteens kaupmanns, sem hafði tekist svo vel að breyta í barnaskóla fyrir kaupstaðinn. Ópreyjufullt þokaði fólkið sér nær. Stafninn var byrjaður að loga, já og þakið líka. Nú var að hrökkva eða stökkva. Bæjarfógetahúsið var að hrynja saman og hitinn heldur að dvína. Fólkið tók sér stöðu á nýjan leik; konurnar í sjónum og allir sem gátu vettlingi valdið mynduðu tvær raðir að húsinu. Kappið var mikið. Föturnar nánast þutu fram og til baka, fullar sjó að barnaskólanum en tómar til baka og mikill varð léttir allra þegar kallað var: – Hann er slokknaður, eldurinn er dauður. Barnaskólahúsinu hafði verið bjargað þrátt fyrir að töluverður eldur væri kominn í það.

Ver gekk að hemja eldinn í efra plássinu. Sigvaldabúðin stóð í björtu báli. Eins og iðnir maurar hlupu karlar og konur fram og til baka með fötur fullar af sjó og snjó. Ekki var nokkur leið að komast í aðalbrunn bæjarins, sem grafinn var 1839, rétt framundan bænum hans Benedikts járnsmiðs. Þremur árum síðar höfðu íbúarnir í kring gert með sér samkomulag um að jafna niður á sig kostnaði vegna gerðar vatnsbólsins og viðhalds og mátti enginn þeirra taka vatn úr brunnum fyrr en aðgerðarkostnaður var greiddur. „Taki hann þar vatn ei að síður, má hann búast við, að verða af

hinum lögsóktur, er hann þannig vill níðast á.“⁸ Þetta gamla ákvæði var löngu gleymt og grafið en eldurinn í Sigvaldabúð hélt öllum í burtu frá brunninum.

Á horni Aðalstrætis og Lækjargötu var Möllershús, kennt við verslunarmanninn og bæjarfulltrúann, Edvald E. Möller, en þar fyrir ofan í Lækjargötu 1 bjó nýlega vígður sóknarprestur Akureyringa, séra Geir Sæmundsson. Það var varla að fjölskylda prestsins væri orðin hagvön í húsinu sem hann hafði árið áður keypt af Þorgrími Johnsen héraðslækni.

Nú var hlaupið til með risavaxin segl og þeim brugðið á suðurvegg Möllershúss og austurvegg prestshússins. Svo var ausið og mokað að snjó en allt kom fyrir ekki. Eldurinn læsti sig í bæði húsin og enn færðist víglína. Fyrir ofan séra Geir var verslunar- og íbúðarhús Sigfúsar Jónssonar, trésmiðs og borgara, sem hafði þá um haustið gengið af þessum heimi. Seinni kona hans, Marselína Kristjánsdóttir, og stjúp dóttir, Anna Magnúsdóttir, bjuggu enn í húsinu. Anna, sem titluð var myndasmiður í manntali 1901, var búinn að forða ljósmyndagræjum sínum og allt innbú hússins hafði verið borið út í snjóinn. Hinum megin götunnar bjó annar verslunarmaður, Magnús Bjarni Blöndal, en í því húsi áttu alls 15 manns heimili sitt. Þeirra á meðal var Oddur Björnsson, prentari og bókaútgefandi, sem hafði þetta sama ár flust til Akureyrar frá Kaupmannahöfn.

Neðar, á horninu beint norðan Möllershúss, var svo heimili Stephensen, setts bæjarfógeta, en austan götunnar var eitt af vöruhúsunum er heyrðu undir Eggert Laxdal. Þetta var hin nýja víglína.

Blaðið Stefnir sagði svo frá: „Greinilega kviknaði í stafninum á Stephensens húsi, og varð eigi að gjört, meðan bálið varð sem mest í Möllershúsi, en strax og eldurinn þar minnkadi, fóru þeir upp á húsið, Helgi Hafliðason og Eggert Guðmundsson, og mölvuðu gat á mæninn, og dembdu ógrynni af sjó, er að þeim var borinn, ofan í húsið, síðan var á parti klæðning rifin frá suður hliðinni, og eldurinn milli þilja

8 Hskj. Ak. S-12/4 D. Veðmálabók 1838-1847, 17. maí 1842, opna 66.

slökktur með vatni. Þegar hjer var komið, var og hægt að ná vatni úr hóteldælunni. Fólkinu óx og hugur og áraði þegar það fór að sjá, að það gat varið útbreiðslu eldsins.

Sigfúsarhús og Blöndalshús og eitt af vöruhúsum Laxdals voru og varin með söltum sjó. Snjónum og krapinu var og í sífellu mokað á hliðar og gafla húsanna. Konur hjálpuðu til að bera vatn að húsunum jafnt og karlar, sjónum var eigi náð í feturnar, nema að vaða fram í fjörmálið, og hlífði sumt af sjálfboðaliðinu sjer við að væta sig í fæturnar; einu sinni stóðu þrjár konur fram í sjónum, og jusu upp vatni fyrir þá er báru. Kvartað var um fótuskort einkum framan af.“⁹

Upptök eldsins

Akureyrarblöðin, Stefnir og Norðurland, sögðu svipað frá ástæðum eldsvoðans. Nóttina örlagaríku kom sveitamaður – úr Öxnadal, sagði Norðurland – í gestaherbergið. Hann kveikti á lampa og sofnaði án þess að slökkva á honum aftur. Einar Hjörleifsson, ritstjóri Norðurlands, var ívið nákvæmari í frásögn sinni og sagði sveitamanninn hafa tekið lampann af sínum vanalega stað og hengt hann „upp á fata-snaga rétt undir súðinni.“ Hvorugt blaðið minntist á að maðurinn kynni að hafa verið drukkinn.

Magnús Kristjánsson segir frá atburðum kvöldsins: „Um kvöldið var mér vísað á rúm í stofu, sem var uppi á næstu hæð í suðvesturhorni. Þar voru 4 rúm, tvö við súðhlið og tvö við norðurgafllinn. Á norðurhliðinni hékk 10 línu olíulampi, var hann rétt yfir höfðalaginu á því rúmi, sem var í norðausturhorni stofunnar. Þessi lampi átti að gefa næga birtu. Eg var þreyttur af göngunni og vildi setjast snemma að. Þegar eg kom inn í stofuna voru þar tveir fyrir. Eg þekkti ekki nema annan, hann hét Vigfús Einarsson og átti heima frammi í Saurbæjarhreppi. Rúmið, sem hann fékk, var í norðausturhorni stofunnar. Þegar við, þessir þrír, vorum allir háttaðir, kemur eldri maður inn með stóra selskinnstösku undir hendinni, sá eg strax að hann var töluvert drukkinn.

9 „Húsabruni á Akureyri“, Stefnir 23. desember 1901.

Hann átti þetta rúm, sem var rétt undir lampanum. Settist hann á rúmið og opnaði tösku sína og fór að borða, sýndist mér hann hafa sviðakjamma. En þá fór Fúsi, nágranni hans í rúminu á móti, að reisa sig upp til háls og mæltist til þess að hann gæfi sér bita, en Fúsi var annálaður matmaður. Þessi alskeggjaði gamli maður tók þessari bón illa, og kvaðst ekki gefa honum svo mikið sem beinið. Jókst þessi senna þeirra, þar til gamli maðurinn var orðinn reiður. Það var það síðasta, sem eg heyrði til þeirra, að hann óskaði eftir því að þetta dj hús brynni með öllu sem í því væri um nóttina. Þóttu mér þetta ljótar kvöldbænir, breiddi því upp fyrir höfuð og sofnaði.“

Magnús vaknaði fyrir allar aldir morguninn eftir. Þá var sá gamli steinsofandi en enn lifði á lampanum og kominn svartur blettur á loftið fyrir ofan eins og getið er að framan.

Strax daginn eftir brunann setti Stephan Stephensen pólitírætt til að grennslast fyrir um upptök eldsins. Böndin beindust fljótlega að fimmtugum bónda, Einar Jónssyni á Hallfríðarstöðum í Hörgárdal.

Jú, það var þessi Einar Jónsson, útskýrði Guðný Friðbjarnardóttir vinnukona á hótelinu – sú hina sama og vaknaði við rottuganginn nóttina vondu – sem kom í gestaherbergið drukinn var mér sagt. Þar kveikti hann á lampanum og hengdi á nagla í veggnum sem næturgestir notuðu til að geyma á yfirhafnir.

Eiginmaður hennar, Kristján Pétursson, sagðist hafa stokkið á fætur þegar bankað var á herbergisdyrnar hjá þeim um hálf fjögur um nóttina og rokið inn í gestaherbergið þar sem hann sá loga á lampanum þar sem hann hékk á saumnun, rétt við loftið, og búið að brjóta af honum glerið. Þá var komið gat í loftið og eldur í heyrduddann fyrir ofan.

Næstu daga var réttað í málinu og tíu vitni spurð út úr, sum oftast en einu sinni. Málið flæktist þegar Einar Jónsson neitaði að hafa verið á Hótel Akureyri – Ég var á Hótel Oddeyri, þessa nótt staðhæfði hann. En á Hótel Akureyri nóttina á undan.

Vitnið Sigurður Þorláksson staðfesti þetta. Hann hefði tekið á móti Einari á Hótel Oddeyri þetta kvöld, mjög druknum, og komið honum niður. Einar hefði þó viljað fá að vita hvernig hann kæmist út af hótelinu aftur. Sigurður kvaðst þá hafa sýnt honum leiðina.

Nokkru síðar hafði Sigurður samband við Stephensen og vildi leiðrétta framburð sinn. Hann hefði ruglast á gestum.

– Ég mundi þetta vitlaust, sagði hann. Það var annar gestur sem ég sýndi útgönguleiðina. Hóтелиð hefði hins vegar verið svo troðið þetta kvöld að eini lausi staðurinn var uppi á lofti þar sem hann hafði búið um Einar á gólfinu en engin leið var að komast þaðan þar sem allar dyr voru læstar og ekki opnaðar aftur fyrr en morguninn eftir þegar fólkið fór á fætur.

En hvernig gátu hjónin, Guðný og Kristján, verið svona viss í sinni sök? Nei, þau höfðu ekki séð Einar um nóttina en einhver hafði sagt þeim frá komu hans; Guðný mundi ekki hver en Kristjáni minnti að það hefði verið Bjarni frá Bakka. Svo voru einhverjir björgunarmenn að tala um það sín á milli að Einar væri valdur að eldsvoðanum, þar þeim saman um.

– Jú, jú, viðurkenndi Bjarni, það kom einhver um nóttina og einhver kveikti á lampanum fyrir hann en ég þekkti hvorugan.

– Og það er alveg víst að lampinn var á sínum stað yfir borðinu þegar ég yfirgaf herbergið, fullyrti Páll Skúlason veitingaþjónn á hótelinu. Ég kveikti sjálfur á honum og hengdi á réttan stað.

– Svo heyrðum við hrópað Einar, Einar, þegar eldurinn varð laus í herberginu, báru hjónin.

– En hvað skyldi ritstjórinn Einar Hjörleifsson vita um málið? velti Stephensen fyrir sér. Hann hafði jú skrifað fullum fetum í Norðurland að um nóttina hefði komið maður úr Öxnadal í gestaherbergið, kveikt á lampa, hengt á fatasnaga rétt undir súðinni og sofnað án þess að slökkva ljósið aftur?

– Það var hóteltvertinn sjálfur sem sagði mér þetta, upplýsti Einar ritstjóri þegar hann var kallaður fyrir réttinn.

Nei, ég veit ekki hvernig eða hvaðan vertinum kom sú vitn-
eskja.

Stephensen sá ekki ástæðu til að kalla Vigfús fyrir aftur. Hann var þegar búinn að yfirheyra vertinn sem hafði ekki nefnt nein nöfn en aðeins sagst hafa heyrt þetta á skotspón-
um um Einar. Svo hafði Stephensen sjálfur hitt bóndann á Steðja fyrir skömmu á götu, hann Snorra Guðmundsson, og Snorri sagt honum að þennan fimmtudagsmorgunn hefði hann rekist á Einar þar sem hann var að koma út af Hótel Oddeyri, edrú en skjálfandi af kulda. Þeir hefðu síðan orðið samferða í sveitina. Þetta kom vel heim og saman við fram-
burð Einars á Hallfríðarstöðum.

– Ég kom í kaupstaðinn þann 17 og gisti nóttina í Suður-
húsinu á Hótel Akureyri.

Aðspurður kvaðst Einar muna eftir olíulampa í herberg-
inu en ekki hvar hann hékk. Daginn eftir hafði hann farið í verslanir, fleiri en eina, og síðan út á Oddeyri þar sem hann ætlaði að hitta mann úr Öxnadal. Þegar sá lét ekki sjá sig hefði hann frestað heimferðinni og sofið nóttina á Hótel Oddeyri. Sem var heillaráð því Einar var veikur fyrir víni og hafði, eins og þegar er fram komið, gripið tækifærið og dott-
ið í það.

Um morguninn þegar hann kom út af hótelinu sá hann eld og reyk inni á Akureyri og hélt fyrst að bakaríið væri að brenna en heyrði svo hvers kyns var. Nei, hann fór ekki inn-
eftir þótt hann sæi að eldurinn stigmagnaðist heldur sneri heim á leið.

Lauk svo yfirheyrslum setts sýslumanns og bæjarfógeta, Stephans Stephensen, án þess að hann kæmist að neinni ákveðinni niðurstöðu um hver valdur væri að eldinum mikla aðfararnótt 19. desember.

Dulrænn atburður

Klukkan 8 um morguninn, eða þar um bil, var loks búið að ráða niðurlögum eldsins. Þó blossaði bál upp úr rústunum af og til og varð að hafa næturvörð yfir þeim. Allmikið af kol-

um hafði verið geymt í kjöllumurum sumra húsanna er brunnu sem var ástæða þess hversu erfiðlega gekk að drepa eldinn í eitt skipti fyrir öll. Sjö hús voru brunnin til kaldra kola og 52 íbúar kaupstaðarins skyndilega húsnaðislausir.

Náðst hafði að bjarga heilu búslóðunum en einnig höfðu nálæg hús, sem ekki brunnu, verið tæmd af öllu nýtilegu. „Gluggar og gluggapóstar voru mölvaðir hvaðanæfa, ofnar rifnir út úr húsum, kjöt og sláturtunnum velt út, steinolú-
tunnum velt fram í sjó, púður flutt fremst fram á hafnar-
bryggjur“, skrifaði Björn Jónsson, prentari og ritstjóri Stefn-
is. Alstaðar voru húsgögn í snjónum; í fjörunni neðan Hafn-
arstrætis norður að Hafnarbryggjunni, á bryggjunni sjálfri, beggja vegna við Búðarlækinn og í Búðargili ofanverðu.

Tjónið var metið á 100.000 krónur. Einhverjir voru tryggð-
ir. Til dæmis var skaði Vigfúsar verts metinn á um það bil 47.000 krónur en hann var með eldsvoðaábyrgð upp á 21.000 krónur. Sumir voru ótryggðir með öllu.

Einn var þó sá maður sem bruninn opnaði nýja sýn á lífið og tilveruna. Sá var Eggert Laxdal. Nú sagði hann hverjum sem heyra vildi frá heimsókn sinni til Hallgríms gamla.

– Dulrænn atburður. Já svo sannarlega, fullyrti Laxdal. Ekki aðeins hafði Hallgrímur sagt fyrir um eldinn heldur líka um varnir gegn honum. Að vísu ekki með ljósum hætti en þó þannig að menn hefðu átt að skilja. Pakkhúsið, eða hin svokallaða Mörbúð, beint vestur af Möllershúsi, var klætt tjörusandpappa sem varði það þegar logaði hvað glað-
ast í heimili Mölleranna.

– Hann sá þetta allt saman fyrir, gamli maðurinn, sagði Eggert Laxdal. Tilveran var kannski eftir allt saman ekki öll áþreifanleg eða sjáanleg venjulegu fólki.

JÓN HJALTASON

Fnjóskdælasaga

eftir handriti Sigurðar Bjarnasonar

Ritnefnd: Hermann Róbert Herbertsson, Sigurður Jósefsson og Jón Aðalsteinn Hermannsson.

Útgefandi: Varsla-útgáfa ehf, Akureyri 2010.

Fnjóskdælasaga Sigurðar Bjarnasonar birtist á sínum tíma (1932) sem framhaldsgreinar í tímariti Þorsteins M. Jónssonar, Nýjum Kvöldvökum. Þessi nýja útgáfa Fnjóskdælasögunnar er þó mun fyllri að efni, bætt hefur verið inn skýringum, neðanmáls og jafnvel heilum köflum, mest úr safni Jónatans Þorlákssonar. Að ógleymdu öllu myndefninu er hér fylgir.

Um vinnubrögðin við ritunina segir Sigurður sjálfur að textinn sé tekinn eftir þeim mönnum sem „... voru skýrir og réttorðir fræðimenn á ýmsar fornar sagnir.“ Og útkoman varð sannarlega til að hrópa húrra fyrir. Gríðarlegur fróðleikur er fölginn í Fnjóskdælasögu og ótal sagnir af lifnaðarháttum og einstökum atvikum gera bókina ákaflega skemmtilega aflestrar. Sjónarhóllinn eru einstaklingarnir í sveitinni, allt frá Sveini ríka á Illugastöðum um 1600 að Kristjáni fótalausa sem skreið á hnjakollunum með orfið sitt síðla á 19. öld. Munnmælasögum og kveðskap er haldið til haga, fornar kerlingar komast á blað og úr safni Jónatans Þorlákssonar kemur merk frásögn af Móðuharðindunum. Önnur er þar af Jóni ríka Jónssyni sem sagði; „ekkert er í göngum og búi, þar sem er hjartarúm þar er húsrúm.“

Það er óhætt að mæla með Fnjóskdælasögu. Hún er fróðlegt og skemmtilegt safn frásagna um hinar mörgu hliðar lífsbaráttunnar sem einstaklingar hafa háð á liðnum öldum.

JÚLÍUS KRISTJÁNSSON

Bæjarvísur Eiríks Pálssonar frá Uppsölum

Fjórði þáttur

Á Uppsölum bjó Eiríkur Pálsson með þrjónavél sína og þrjónaði fyrir sveitunga sína. Hér yrkir hann vísu um sjálfan sig, um sinn eigin hag og sálarástand.

*Ég er snauður og hjá lýð
oft á nauða róli,
horfinn auð og heillatið,
heims á rauða bóli.*



Uppsaliir í Svarfaðardal: Hér bjó Eiríkur Pálsson með þrjónavélina sína og þrjónaði.

Hér kemur leiðrétting við þáttinn um Sigurð Jónsson í Súlum 210, en þar vantaði vísu nr. 44 um Sigurð, sem Eiríkur orti um hann.

Nr. 44.

Um Sigurð Jónsson bónda í Koti yrkir Eiríkur eftirfarandi:

*Sigurdvali þrek og þor
þykir bera lengi
yfir ræður Ytra- Bol
artugur mengi.*



Kot í Svarfaðardal.

Á árunum 1852-1870 bjó í Koti Sigurður Jónsson bóndi. Sigurði búnaðist vel og var með góðan og stóran bústofn. Með Sigurði bónda bjó í tvíbýli sonur hans, Ólafur, og höfðu þeir með samhentum átaki góða afkomu af búinu. Bústofn þeirra var er best lét: fjórar kýr, eitt naut, 43 ær, 22 sauðir, 20 gemlingar og 5 hestar. Sigurður var gæflyndur, góður verkmaður og vel gefinn. Kona hans var Soffía Gísladóttir fædd

á Tjörn 1804. Faðir hennar var séra Gísli Magnússon prestur á Tjörn. Séra Gísli var skáldmæltur vel og orti bæði sálma og bænir og einnig vísur. Eitt sinn er hann stóð að slætti orti hann þessa vísu:

*Fallin er sóleyjan sú,
sem í vor blómgan hreppti,
hinn breiði ljár er bitur og sár,
blaklausri henni ei sleppti.*

Séra Gísli Magnússon lærði hjá föður sínum og var tekinn í Hólaskóla 1779, stúdent með góðum vitnisburði. Næstu tvö árin dvaldi hann á Hraunum í Fljótum, en síðan á Tjörn; fyrst sem aðstoðarprestur föður síns, en fékk brauðið síðar. Sr. Gísli var vel gefinn og mælskur, ljúmennti hið mesta, siðavandur og skáldmæltur vel, þó ekki sem faðir hans. Hann orti mest sálma og bænir en ofurlítið af vísu. Að sr. Magnúsi Einarssyni látnum, kallar séra Jón Þorláksson á Bægisá hann „svaninn á Tjörn”. Þetta notaði dr. Gunnar Thoroddsen í minningarorðum sínum við andlát dr. Kristjáns Eldjárns forseta.

Nr. 45

Hér yrkir Eiríkur um Jón nokkurn Guðmundsson búandi mann á rýrðar kotinu Syðra- Koti. Bærinn í Litlakoti stóð fyrir sunnan Kot, en þar hafði áður verið hesthús en gert íbúðarhæft 1839 og var við lýði til 1853. Þetta var á þeim árum fremsta byggða bólið í Svarfaðardal.

*Nóa vil ég nefna þá
nýtan hrings með gefni,
Syðra- Bolnum situr á
samt við lítil efni.*

Jón var alla tíð snauður maður. Hann var hæglætismaður, mikill nostrari og sémilega skýr. Kona Jóns var Ragnhildur

Árnadóttir frá Sauðaneskoti. Árni, faðir Ragnhildar, var um nokkur ár bóndi á Búrfelli og fékk hann þá þessa stöku frá Jóni á Karlsá:

*Á Búrfelli er Árni minn
þó aðstoð missi vina,
fylgir honum frómleikinn
fram í eilífðina.*



Atlastaðir.

Ragnhildur var kona væn og gerfileg en nokkuð ráðgjörn. Þau Jón og Ragnhildur eignuðust þrjár dætur og einn son: Önnu, Sigríði og Guðrúnu og soninn Jón, síðar bónda á Bakka í Svarfaðardal.

Anna var kona Björns Sigurðssonar, bónda á Atlastöðum. Þau hjón bjuggu góðu búi, reistu torfbæ með timburþili, sem ekki var algengt á þessum tíma. Björn var frískleikamaður og skynugur í betra lagi og að sama skapi var Anna mikilhæf kona hæglát og vel greind. Meðal barna þeirra voru: Páll bóndi í Blakksgærði og Anna Sigríður kona Árna Runólfs-sonar síðar bónda á Atlastöðum. Páll giftist Guðrúnu Magn-

úsdóttur frá Hjaltastöðum í Skíðadal. Páll og Guðrún eignuðust tvo syni; Björn og Magnús síðar bónda á Grund. Magnús á Grund giftist Þórunni Sigurðardóttur, Halldórs-sonar hákarlaformanns og Friðriku Daniëlsdóttur frá Tjarnargarðshorni.

Magnús á Grund og Þórunn eignuðust 13 börn. Þau hjón fluttu síðar til Siglufjarðar vegna ósættis útaf skiptum á Grundarjörðinni. Fyrir hjónaband eignaðist Páll Björnsson dóttur með ógiftri vinnukonu, sem skírð var Anna Pálsdóttur. Hennar maður var Jóhann Jónsson bóndi í Garðakoti. Meðal barna Önnu og Jóhanns var Stefania, kona Skarp-héðins frá Litlakoti á Upsaströnd. Meðal barna þeirra er Anna Vilfríður, húsmóðir í Vogum, kona Hallgríms Þór-hallssonar bónda. Meðal barna þeirra er Leifur Hallgríms-sonar fv. oddviti og flugmaður í Mývatnssveit.

Anna Sigríður og Ísak Árni eins og hann hét fullu nafni Runólfsson bjuggu lengst af á eignajörð sinni Atlastöðum. Sigríður Jónsdóttir var kona Rafns Gíslasonar á Hamri í Fljótum, en áður en hún giftist átti hún tvö börn í lausaleik. Annað með Magnúsi Guðmundssyni bónda á Hrappsstöðum og hitt með Sigurði Jónssyni bónda á Kamphóli. Sigurð-



Svarfaðardalur.

ur var lengi framan af ævi fjármaður á Melum í Svarfaðardal. Hann var faðir þeirra Steindórs skálds og Sigtýs kaupmanns á Dalvík.

Þá var Guðrún þriðja dóttirin, hún giftist Daníel Jónssyni bónda í Tjarnargarðshorni. Og fjórða barn þeirra var Jón bóndi á Bakka.

Frá Daníel Jónssyni og Guðrúnu Björnsdóttur eru margir afkomendur og má geta nokkurra þeirra, t.d., þá bræður frá Syðra-Garðshorni; Júlíus Jón, Jóhann Kristinn og Björn Garðar Daníelssyni, allir mjög liðtækir í söng, eins og margir afkomendur þessara systkina. Guðrún og Daníel áttu miklu barnaláni að fagna, eignuðust sjö börn. Þar má nefna nokkra afkomenda þeirra svo sem; þá Gísla Magnússon múrara á Akureyri og Júlíus bróður hans einnig á Akureyri, sr. Sigurð Hauk Guðjónsson og Hörð Sævaldsson tannlækni. Einnig má nefna Guðjón Daníelsson verslunarmann á Akureyri og Steinunni Guðmundsdóttur kaupmann einnig á Akureyri.

Þá eru þeir feðgar Júlíus Halldórsson vélstjóri með meiru og eru synir hans Eðvarð skipstjóri og útgerðarmaður í Grindavík og Brynjar verslunarmaður á Norðfirði. Einnig má minna á Björn Halldórsson rakara á Akureyri og síðar í Reykjavík og dóttur hans Júlíu, hjúkrunarfræðing á Akureyri.

Júlía Björnsdóttir var gift Gunnari Frímannssyni menntaskólakennara, en leiðir skildu með þeim hjónum og er Júlía flutt til Reykjavíkur.



Lilja Daníelsdóttir Sólves með frænda sinn í fangi, Sigurð Hauk Guðjónsson.

Nú þá eru þeir bræður afkomendur Guðrúnar og Daníels: Hörður, Gylfi og Garðar Björnssynir frá Dalvík og frændur þeirra Björn, Jóhannes og Sigurður Mikaelssynir á Akureyri.

Nr. 46.

*Láp þar næstan letrar sveit,
linspöng á sér fróma.
Bæklingsstaða byggir reit
bæði stunda sóma.*

Páll Þorkelsson var á árunum 1844-1856 búandi maður á Atlastöðum í Svarfaðardal. Hann var fæddur á Tungufelli 26. febrúar 1796, sonur hjónanna Þorkels Jónssonar og Ingibjargar Halldórsdóttur, bænda á Tungufelli. Páll bjó á S-Másstöðum og á Atlastöðum. Hann bjó góðu búi og var um tíma með fjárflestum bændum í Svarfaðardal, hafði 5 kúr, um 50 ær, og 45 sauði; auk þess 6 hross. Björn hætti búskap á besta aldri og gerðist próventumaður Björns fóstursonar sins. Björn þótti siðprúður maður skapstilltur og vel greindur. Jón á Karlsá yrkir eftifarandi um Pál:

*Á Másstöðum syðra mjög forsjáll,
minn sem greinir óður,
handverksmaður heitir Páll,
hægur og lyndisgóður.*

Kona Páls var Guðrún Jónsdóttir frá Brekku fædd árið 1799 og dain á Atlastöðum 1875. Hún var hreppstjóradóttir frá Brekku. Ekki áttu þau barnaláni að fagna. Þau eignuðust þrjú börn: Sólveigu, elsta barnið; var orðin blind á unglingsaldri og varð síðar vitskert. innan við tvítugt, þá eignuðust þau dreng og stúlku, sem dóu bæði nýfædd.

Nr. 47.

Árið 1801 fæddist í Ytra-Garðshorni Stefán Arngrímsson, er síðar varð bóndi á Þorsteinsstöðum. Um hann kveður Eiríkur Pálsson eftirfarandi stöku:

*Steinþórsbóli stillt með geð
stinnur geymir hrotta
hans má telja heiti með
Herrans píslarvotta.*

Stefán Arngrímsson tók við búi foreldra sinna, sem þá voru flutt í Þorsteinsstaði. Stefán var gildur bóndi og efnaðist vel. Hann erfði jörðina eftir föður sinn og auk hefðbundins búskapar, sem hann stundaði með góðum árangri átti hann dálítið við matjurtarækt. Þá var Stefán hagur maður bæði á tré og málm. Hann smíðaði ýmsa hluti úr járn og kopar. Stefán var góður söngmaður, raddmaður með afbrigðum og var lengi forsöngvari í Urðakirkju. Soffía hét systir Stefáns og einnig vel söngvin, sungu þau oft saman við hinar ýmsu athafnir í kirkjunni og í heimahúsum. Stefán þótti greindur maður, skapstilltur og hógvær eins og þar segir. Frá Stefáni eru í dag margt af söngfólki komið bæði sem syngur og hefur unun af söng. Má nefna Kristjönu Arngrímsdóttur og Einar bróður hennar og föður þeirra Arngrím Stefánsson.

Kona Stefáns var Sigríður Sigfúsdóttir frá Þverá. Sigríður var mæt kona, en átti við vanheilsu að stríða og var oft undarleg um nokkurt skeið; vanheil á geðsmunum.

Faðir Stefáns Arngrímssonar var Arngrímur Arngrímsson bóndi á Þorsteinsstöðum, sem lét jörðina í hendur sonar sins Stefáns. Kona Arngríms var Sigríður Magnúsdóttir, Einarssonar prests á Tjörn og fyrri konu hans Soffíu Björnsdóttur. Til er sú saga og var fleyg, að eitt sinn, er þau voru krakkar Sigríður og Arngrímur og voru að ólmast, kom sr. Magnús að dóttur sinni, þar sem hún var að lumbra



*Stefán Arngrímsson,
bóndi í Gröf á árunum
1911-1945.*

á Arngrími. Þá á klerkur að hafa sagt: „Þú átt ekki ekki að vera svona harðleikin við mannsefnið þitt, Sigga mín”.

Nr. 48.

*Veigsól er um viskutún
vönduð, gott elskandi.
Sands á elfu situr hún
Samt í ekkjustandi.*

Þannig yrkir Þrjóna-Eiríkur um búkonuna og húsmóðurina á Sandá, Sólveigu Þorkelsdóttur. Sólveig bjó á Sandá á árunum 1842 til 1861. Hún var seinni kona Jóns Ásmundssonar. Sólveig var í foreldrahúsum 1825, en gerðist þá bústýra Jóns bónda og giftust þau ári síðar. Jón var gjafmildur við konuefnið sitt, því í morgungjöf gaf hann henni 10 spésur og að auki Vídalínspostillu. Sólveig lifði mann sinn og bjó ekkja á Sandá til 1861, en þá tók föstursonur hennar, Jóhann Rögnvaldsson, við búsförðum.

Jón Ásmundsson og Sólveig Þorkelsdóttir voru barnlaus, en ólu upp tvo drengi, sem báðir gerðust bændur í Svarfaðardal. Þeir voru Jóhann, áður nefndur, og Jón Jónsson, síðar bóndi á Skeiði. Sólveig var búforkur mikill; hafði um tíma 50 ær, 4 hross og þrjár kýr og tíundaði mest 8 hndr. „Hún stýrði sjálf öllum verkum úti sem inni, fór lestarferðir til Akureyrar og sótti mannfundi til jafns við bændur Dalsins”, eins og segir þar. Hún var talin vel að sér um ýmsa hluti og þótti góðgjörn kona. Jón Ásmundsson, maður Sólveigar, var guðhræddur og gæflyndismaður og dável greindur, góðgjarn og greiðvikinn. Jón Ásmundsson var mikill kvennamaður og átti nokkur börn framhjá konu sinni. Já, eins og áður segir – góðgjarn og greiðvikinn maður.

Nr. 49.

Þar yrkir Eiríkur Pálsson um Sigurð Gíslason, bónda á Göngustöðum 1842-1851.:

*Fáfnarsbani finnst ei stór
þó fái veiki kanna
alltaf býr sá örvaþór
undir fótum manna.*

Sigurður Gíslason var fæddur á Hreiðarsstöðum 1814. Hann var jafnan fátækur maður, enda heilsulaus seinni hluta ævinnar. Hann þjáðist af brjóstveiki. Kona Sigurðar var Ingibjörg Jónasdóttir frá Brúna-
stöðum í Fljótum. Ingibjörg var dugmikil kona og kjörkuð; ann-
áluð fyrir viljabrek og skör-
ungslund. Þau eignuðust fimm
börn, sem öll urðu mikið
atorku- og dugnaðarfólk, hvert
á sinn hátt. Elstur var Jón bóndi
á Brimnesi á Dalvík, faðir Stef-
áns verslunarmanns og spari-
sjóðsstjóra Sparisjóðs Svarf-
dæla.

Meðal afkomenda Stefáns má
nefna: Eyvöru á Brimnesi og
syni hennar Stefán og Vilhelm



*Stefán Jónsson f.v. sparisjóðs-
stjóri á Dalvík.*



Brimnes.

Anton slökkviliðsstjóra á Dal-
vík, dætur hennar, Sólveigu,
hjúkrunarfræðing á FSA, og
Arnheiði, forstöðumann heima-
þjónustu Dalvíkurbyggðar.

Þá má nefna annað barn Sig-
urðar Gíslasonar, en það var
Jónas lengi sparisjóðsstjóri og
útgerðarmaður í Hrísey og á
Húsavík, og Gísli bóndi á
Skeiði, sem síðar flutti niður á
Böggvissstaðasand og settist að í
sjóbúð, er nefnd var eftir hon-
um, Gíslabúð. Hann var einn af
frumbyggjum Dalvíkur.

Meðal barna hans var Hall-
grímur í Bjarnarstöðum á Dal-
vík, Ingibjörg húsfreyja á Ing-



*Félagarnir, Jónas Sigurðsson
frá Göngustöðum, útgerðar-
maður í Hrísey og Björn Jör-
undsson, útvegsbóndi, Sela-
klöpp, Hrísey.*



Gísli Sigurðsson og Solveig Hallgrímsdóttir, með tvö af börnum sínum.

veldarstöðum í Kelduhverfi. Sonur hennar er Þorfinnur Jónsson, þekktur hagrörðingur í sinni sveit – Kelduhverfinu- og loks má nefna Helgu Sólveigu, móður Jónasar Ásgeirssonar skíðakappa á Siglufirði.

Svo er það dóttir Sigurðar Gíslasonar, Guðrún. Hún var vel greind kona og með afbrigðum dagfarsprúð. Guðrún gerðist bústýra Jóhanns Rögnvaldssonar á Sandá, þau gengu aldrei í hjónaband en eignuðust tvo syni saman. Annar var Þorleifur bóndi í Garðakoti um tíma, en síðar sjómaður á Bökkvisstaðasandi.



Brimnesbúð eða Skemman, en þar bjó Þorleifur Jónhannsson með fjölskyldu sína í nokkur ár. (Skemman fremst á sjávarbakkanum).

Þorleifur gerði Brimnesbúð, eða Skemmuna, að mannabústað og bjó í 8 ár þar með sinni fjölskyldu. Kona Þorleifs var Kristbjörg Jósepsdóttir. Hann þótti góð skytta bæði á sjávar- og landdýr. Refaskytta var hann um áraraðir í Svarfaðardal. Meðal afkomenda Þorleifs voru Jóhann vélstjóri og leikari, sem samdi og söng gamanvísur og var sémilegur hagrörðingur. Þá er að nefna Þorsteinn Þorleifsson bílstjóra á Akureyri. Kona hans var Hrefna Sigurjónsdóttir, dóttir Sigurjóns kennara og sjómanns Rögnvaldssonar í Holtinu og víðar á Dalvík. Einnig er Jóhann Bjarmi skrifstofumaður á Akur-

eyri og synir hans, Símon Jón, draumaráðningarmaður með meiru, og Þorleifur, trommu-leikari, út af Þorleifi gamla Jóhannssyni.

Hinn sonur Guðrúnar Sigurðardóttur var Sigurður bóndi og sjómaður í Svæði á Upsaströnd. Hann var mikill atorkumaður til öflunar sér og sínum til lífsviðurværis. Hann stofnaði til útgerðar og rak söltun á fiski fyrir Höfnersverslun. Sigurður byggði sína aðstöðu í Láginni, þar sem nú í dag er athafnasvæði Dalvíkurhafnar. Þetta þótti Daniel Bruun fornleifafræðingi, sem hér var á ferð árið 1909, áhugavert því hann tók mynd af hafnarframkvæmdum Sigurðar.



Þorleifur Jónhannsson, háaldraður í norrænu skíðagöngunni.



Frá útvegi Sigurðar Jónhannssonar 1909, sem var myndefni Daniels Bruun.



Ingibjörg Sigurðardóttir ásamt dætrum sínum.

1904 byggði Sigurður íbúðarhús sem heitir Höfn og er þriðja elsta íbúðarhús Dalvíkur. Kona Sigurðar var Ingibjörg Sigurðardóttir Jónssonar útvegsbónda á Hálsi. Ingibjörg var mikill kvenskörungur á yngri árum; reri til fiskjar sem karlmaður væri. Hún missti fyrri mann sinn frá fimm kornungum börnum þeirra. Hún vann þrekvirki þegar sjóslysið við Böggvisstaðasand skeði árið 1886. 1919 tóku þau hjónin sig upp, seldu allt frá sér, hús og útveg hér á Dalvík og fluttu austur að Skálum á Langanesi.

Ingibjörg og Sigurður eignuðust eina dóttur, Unni, sem var mikill fróðleiksbrunnur. Frá þeim er stór ættbogi kominn og má þar nefna t.d., Sigurð Harðarson, sem var áður forstjóri VÍS á Akureyri, en síðar bankamaður. Svo er það Þorri Hringsson listmálari og systir hans Heiða hjúkrunarfræðingur á FSA, Júlíus Viðarson múrari á Dalvík og bræður hans Grétar og Tómas löggæslumenn á Akureyri.

Nr. 50.

*Heldur saman herjans fljóð
hagur dável taldur,
svipað nafn og Suftungsfljóð
sverða hefur baldur.*

Þannig yrkir Eiríkur Pálsson um Gunnlaug Gíslason á Göngustöðum, sem þar bjó á árunum 1851-1861. Hér fæddist Gunnlaugur og hér lést hann aðeins 54 ára að aldri. Gunnlaugur bjó víða, en á Másstöðum búnaðist honum best. Hann var að mestu óvinnufær snemma á ævinni vegna holdsveiki, sem á hann sótti. Hann hafði löngum verið vinnusamur maður, ágætur smiður, skurðhagur og vel að sér, eins og þar stendur. Kona hans var Soffía Arngrímsdóttir og var Gunnlaugur seinni maður hennar. Hún þótti fríð kona, svipbjört, stillt og háttprúð og sérdeilis raddfögur, enda söng hún mikið við ýmis tækifær eins og Stefán bróðir hennar, bóndi á Þorsteinsstöðumi. Einkabarn hennar og Gunnlaugs var Dagbjört fædd 1839 á Atlastöðum. Hún varð síðar kona Jóns Kristjánssonar bónda á Syðra-Hvarfi. Meðal barna þeirra var Gísli bóndi og hagleiksmaður á Hofi. Sonarsonur Gísla var Gísli Jónsson menntaskólakennari við MA

Þá má nefna Gunnlaug Gíslason bónda á Sökku. Frá honum eru komnir margir einstaklingar svo sem Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, Gunnlaugur Snævarr, kennari og lögreglumaður, og Þorgils Gunnlaugsson bóndi á Sökku. Þá má nefna, að ein dóttir Gísla á Hofi var Dagbjört, kona Áskels Sigurjónssonar bónda á Laugafelli í



Dagbjört Gunnlaugsdóttir, húsfreyja, Syðra-Hvarfi.



Gísli Jónsson, Hofi, sonur hans Jón, Gísli Jónsson yngri og sonur hans Hjörtur.

Reykjadal, en út frá þeim eru þeir bræður komnir, Askell og Kári Arnór Kárasynir, skákmenn kunnir.

Fóstursonur Dagbjartar Gunnlaugsdóttur og Jóns Krist-



Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, rit-höfundur og skáld í Vesturheimi, fóstursonur Dagbjartar Gunnlaugsdóttur og Jóns Kristjánssonar.



Gunnlaugur Gíslason bóndi, Sökkv.

jánssonar á Syðra-Hvarfi var Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, skáld og rithöfundur í Winnipeg, sem m.a. orti falleg eftirmæli um Dagbjörtu föstru sína við andlát hennar.

Nr. 51,

Þessi vísa er um Jón Þorkelsson bónda í Göngustaðakoti um 30 ára skeið.

*Nói hrings með brekku býr
í bóli Ferða seggja
ei þarf greindum álmátýr
ættíð ráð að leggja,*

segir Eiríkur frá Uppsölum um Jón.

Jón var velgefinn maður og prýðilega ritfær, fróður um margt og braut ýmis þjóðfélagsmál til mergjar í þremur ritgerðum, sem til eru eftir hann í handriti í Lb. Ef hann væri uppi í dag, hefði hann úr miklu efni að móða um þjóðfélagsmál. Hann var hreppstjóri Svarfaðardalshrepps frá 1830-1837 og gengdi ótal öðrum opinberum störfum fyrir sveit sína og innti þau vel af hendi að talið var. Um Jón kvað nafni hans á Karlsá eftirfarandi stöku í bæjarvísu:

*Í Kotinu hírist hreppstjórinn,
heitir Jón, er slyngur,
vel af sneiðir vandræðin,
veit hann hvað hann syngur.*

Eiginkona Jóns Þorkelssonar var Margrét Jónsdóttir fædd 1792 að Skógum á Þelamörk, dóttir Jóns Þórðarsonar bónda í Efstakoti og konu hans Guðleifar Ásmundsdóttur. Margrét var greind kona, sæmilega læs og hæglát í allri umgengni. Jón og Margrét eignuðust níu börn, sem upp komust, en Jón var töluvert uppá kvenhöndina því þrjú börn eignaðist hann framhjá Margréti sinni. Meðal barna þeirra Margrétar var Guðleif, kona Guðmundar Jónssonar, bónda í Ytra-Holti

ogeru frá þeim hjónum margir þekktir einstaklingar komnir: t.d. Hrappsstaðakotsbræður.


Guðmundur Jónsson fékkst dálítið við matjurtarækt, en hann sótti einnig sjó af kappi frá Böggisstaðasandi og var aflasæll formaður. Guðleif lifði mann sinn. Árið 1881 byggði hún upp gamalt eyðibýli í landi Ytra-Holts er nefndist Halldórsgerði og þar bjó hún í þrjú ár.

Börn þeirra Guðmundar voru: Guðrún Margrét, fædd í Hrappstaðakot kona Jóns Jónssonar bónda í Hrappstaðakot, Júlíus Kristinn, bóndi í Halldórsgerð, og Ágúst, sem fyrst í snjóflóði á Holtsdal ásamt húsbónda sínum, Jóhanni í Ytraholti.

Júlíus Guðmundsson bóndi í Halldórsgerði var mikill sjósóknari. Árið 1898 í nóvembermánuði, var hann að koma úr fiskiróðri í norðan áhlaupi inn til lendingar við Böggisstaðasand við fimmta mann, þegar alda reið undir bátinn og hvoldi honum og fyrst þar hálf áhöfnin ásamt formanninum Júlíusi Guðmundssyni. Júlíus hafði víða búið t.d. í Hvann-dölum um tíma.

Eins og áður segir bjó Guðrún dóttir Guðmundar í Hrappsstaðarkoti og eignaðist mörg börn. Jón maður hennar Jónsson var Skagfirðingur, bróðir Jónasar föður Hermanns f.v. forsetisráðherra. Meðal barna þeirra má nefna; Þorstein, föður Jóns Þorsteinssonar lögfræðings og alþingismanns, son hans Sigfús Jónsson, sem var kunnur íþróttamaður um tíma, fyrrverandi bæjarstjóri á Akureyri og forstjóri Nýsis. Svo má nefna Kristinn Jónsson frumkvöðul í sundkennslu í Svarfaðardal og lengi hreppsnefndarmaður og oddviti Dalvíkur. Þá starfrækti hann um áraraðir netagerð undir nafninu Netjamenn hf.

Margir afkomendur frá Kristni komnir, svo sem Valgarður Guðjónsson, sonarsonur Kristins, aðalsöngvari Fræblana fyrr á árum og tölvuseni við talningu og skýringar um úrslit á kosningatölum í sjónvarpi. Þá er það Magnús Jónsson í Hrappstaðakoti, mikill búhöldur á sinni tíð og sonur hans Baldvin Magnússon bóndi.



Frá vígslu Sundskála Svarfdæla 1929. Kristinn Jónsson, sundkennari stendur á brúnni og kennir sund.

Næst ætla ég að nefna Kristínu dóttur Jóns Þorkelssonar og Margrétar Jónsdóttur í Göngustaðarkoti. Hún var greind kona og mesti dugnaðarforkur. Kristín giftist Páli Þorsteinsyni frá Ytri-Másstöðun. Hann stundaði sjósókn, en druknaði í hákarlalegu og varð því sambúð þeirra skammvinn. Seinni maður hennar var Björn Björnsson frá Hóli í Svarfaðardal. Björn var mikill sjósóknari og annálaður sægarpur. Hann gerðist formaður á hákarlaskipum og stundaði hákarlalegur í hálfa öld. Hann var mikið hraustmenni og var jafnvel talinn tveggja manna maki. Björn varð bráðkvaddur í baðstofunni á Hóli, 86 ára að aldri. Meðal afkomenda þessara hjóna má nefna; Jón bónda á Hóli, og eru margir einstaklingar frá honum komnir, svo sem Friðrika móðir Bjarka yfirlög-regluþjóns í Reykjavík og systir



Dætur Björns Björnssonar, Hóli, Hólmfríður t.v. og Dagbjört.

þeirra Þórunni Elíasdóttur og hennar syni; Stefán og Friðrik Yngvasyni f.v.lækna á Akureyri. Þá má geta þeirra systkina Báru og Björns Elíasarbarna, en frá þeim er fjöldi afkomenda.

Síðan nefni ég Zóphonías bónda á Hóli. Á meðal barna hans eru Ingibjörg húsmóðir á Hala, kona Torfa Steinþórs-sonar kennara í Suðursveit, Jónmund bónda á Hrappsstöðum, einn af fyrstu starfandi frjótæknum hér á Eyjafjarðarsvæðinu. Meðal barna hans er Jón Viðar sérfræðingur í búvísundum. Næst koma þær systur Hólmfríður og Dagbjört Björnsdætur. Hólmfríður er kona Gunnlaugs Jónssonar bónda og hómapata í Klaufabrekknakoti.



Klaufabrekknakot.

Frá Gunnlaugi og Hólmfríði eru margir mætir einstaklingar: t.d. Björn og dætur hans Guðlaug og Erla, þá má nefna Halldór Gunnlaugsson og son hans Jón Halldórsson skíðafrömuð á Dalvík. Þá má nefna þriðju dóttur Björns sem var Margrét Björnsdóttir, kona Einars Jónssonar bónda á Skeiði og bústjóra í Árgerði. Amma Einars Jónssonar var Guðrún Bjarnadóttir, hin margumtalaða Upsa-Gunna frá Þorleifsstöðum, en unnusti hennar var Þorvaldur, síðar

bóndi um tíma í Sauðaneskoti, Þorvaldsson. Þau Guðrún og Þorvaldur voru langamma og afi Trausta Gestssonar skipstjóra frá Ólafsfirði. Síðan má nefna Pál Björnsson og son hans Gest föður Matthíasar Gestssonar, fv. skólastjóra á Árskógsströnd.



Tveir aldnir svarfdæliskir bændur, Tryggvi Jóhannsson, Ytra-Hvarfi og Gísli Jónsson, Hofi.

Helstu heimildir eru: Svarfdælingar eftir Stefán Aðalsteins-son, 1-2 bindi. Ýmis önnur gögn og munnlegar heimildir. Viðtöl við fólk.

ÓLAFUR GRÍMUR BJÖRNSSON

Pýðlyndur uppreisnarmaður

II. Séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað
Árin í Garði í Kelduhverfi og í Ási í Fellum, 1841-1854

Ólafur Grímur Björnsson er fæddur 1944, stúdent frá M. R. 1964, lauk fyrrihlutaprófi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands 1966, lækna-prófi þaðan í febrúar 1973. Ólafur starfaði á spítölum í Reykjavík 1973–1977 og á Húsavík, var við framhaldsnám og rannsóknarstöf erlendis 1977–1994 (London, Philadelphiu og Oxford) og frá 1994 í Reykjavík. Hann lauk doktorsprófi frá Lundúarháskóla 1982 (Hammersmith Hospital); sérgrein hans í lækisfræði er klínísk bió-kemía og klínísk fýsiólógía; sér-l.



efnaskiptilefnaskiptasjúkdómar (orkuefnaskipti). Áhugamaður um sögu lækisfræðinnar.

Fyrsti hluti þessarar greinar birtist í *Súlum* 2011. Magnús Jónsson (1809–1889) fæddist í Auðbrekku í Hörgárdal, sonur prests-hjónanna Jóns Jónssonar (1772–1866) og Þorgerðar Runólfsdóttur (1779–1856). Jón var prestur Möðruvallaklaustursprestakalls og sat í Auðbrekku, en fluttist í Stærri-Árskóg 1817 og bjónaði þar til 1827, að hann fluttist í Grenjaðarstað í Aðaldal í Suður-Þingeyjar-sýslu, og þar sat hann til æviloka. Magnús var settur til mennta einn barna séra Jóns og Þorgerðar. Hann útskrifaðist frá Bessa-staðaskóla 1832 með góðum vitnisburði. Næstu ár var hann við verzlun í Reykjavík og barnakennslu á Eskifirði og hugðist safna fé til náms í lækisfræði í Kaupmannahöfn, en úr því varð ekki. Árið 1838 var hann skikkaður til prestssetu í Grímsey og vígður að Mið-

görðum það ár. Honum var veittur Garður í Kelduhverfi 1841 og fór þá frá Grímsey strax um haustið ásamt konu sinni eftir heldur dapra vist í eyinni. Þar lauk fyrstu greininni um séra Magnús Jónsson. Skólabróðir hans og aldavinur var Magnús Eiríksson, guð-fræðingur í Kaupmannahöfn, og skiptust þeir á sendibréfum árum saman. Hér er mjög byggt á sendibréfum Magnúsar Jónssonar til Magnúsar guðfræðings í Kaupmannahöfn. Um Magnús Eiríksson var skrifuð grein í *Árbók Þingeyinga* 2008.

Barnalán í Garði; Grenjaðarstaðætt

Staddur á Húsavík, 19. janúar 1842, skrifar séra Magnús Jónsson vini sínum og skólabróður í Kaupmannahöfn, Magnúsi Eiríkssyni (1806–1881), guðfræðingi.[1] Séra Magnús er „vegfarandi Madur“, sem hefur í mörgu að snúast; „Hugskotið er fullt af allrahandu Rusli“. Hann þakkar nafna sínum sendibréf frá 18. apríl frá fyrra ári (1841) og fyrir bækurnar, sem fylgdu. Þetta hefur hann fengið sent til sín í Grímsey, því þar sat Magnús Jónsson þá bjónandi prestur.[2] Svo er stóra fréttin. Honum hafði heppnast „að losast úr Grímseyunni í Haust“ eins og hann orðar það; þau fóru þaðan hjónin í september 1841. Feginn var hann sjálfs sín vegna og vegna konunnar, sem hefði víst ekki haldið út þarna lengur að vetrarlagi. Hann er fluttur í Garð í Kelduhverfi, lítið brauð að sönnu, en Magnús ætlar að sækja um annað betra seinna, fyrir því hafði hann loforð yfirvalda, að fá gott brauð eftir útleðina í Grímsey. Eftirmann sinn, studiosus Jón Sveinsson (1815–1890), segir hann vera gáfumann og gott skáld. Séra Jón Sveinsson var sonur Sveins Pálssonar (1762–1840), lækis. Hinn nýláttni amtmaður, Bjarni Thorar-ensen (1786–1841), og Jón voru systrasynir, synir dætra Bjarna Pálssonar (1719–1789), landlækis.[3] Telur Magnús ekki „ónáttúrulegt“, að Jón sækji gáfurnar einkum þangað.

Jón Sveinsson var ekki lengi prestur í Grímsey. Hann veiktist þar og fór 1843 til kennslu í Reykjahlið, en þaðan hafði hann komið. Jón var þó sagður hraustmenni og kallaður „hinn sterki“ í skóla. Jón Sveinsson varð prestur í Hvann-

eyri í Siglufjarðarsókn og á Mælifelli í Skagafirði og síðast bóndi á Nautabúi. Hann kvæntist Hólmfríði (1821–1915), dóttur séra Jóns Þorsteins-sonar (1781–1862) í Reykjahlíð, sem Reykjahlíðarætt er kennd við.[3]

Séra Magnús í Garði lætur þess getið í sendibréfum, að sér líki að heyra, að Magnúsi Eiríkssyni leið vel innan um vísindin í Kaupmannahöfn, ekki sízt hin guðlegu, sem telja mátti háleitust af þeim öllum. Þá „manuduceraði” Eiríksson af krafti. Menn höfðu talið hann vísan prest á Hólmum í Reyðarfirði, en Magnús Eiríksson var ekki fáanlegur þangað, og reyndar ekki í neitt brauð á Íslandi. Séra Hallgrímur Jónsson (1811–1880) frá Reykjahlíð var seztur að á Hólmum. Kannski var Hallgrímur ekki öfundsverður, þrátt fyrir inntektirnar, því þar var í mörgu „ánaleg” (kjánaleg) háttsemi og fremur lítil virðing borin fyrir guðlegum efnum, stafaði líklegast frá tíð séra Guðmundar Bjarnasonar, taldi Magnús. Séra Guðmundur Bjarnason (1794–1839) hafði þjónað Hólmum frá 1827 til æviloka. Sagður vel að sér og kennimaður góður.[4] Séra Hallgrímur Jónsson á Hólmum var bróðir Hólmfríðar, eiginkonu séra Jóns Sveinssonar, sem nefnd voru hér áður. Magnús í Garði kallar séra Hallgrím á Hólmum mág sinn.[1]

Tómas Sæmundsson (1807–1841), prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, var nýlátinn. Myndi Magnús Eiríksson taka við af honum? Og hver yrði eftirmaður Bjarna á Möðruvöllum? „... óskandi að þar kjæmi ekki köttur í Bjarna stað, þó sumir þækti af honum.”[1] Þá hafði Carl Bardenfleth (1807–1857), stiftamtmaður, fylgt fast eftir, að Skólinn yrði fluttur til Reykjavíkur, — skrifaði Magnús Jónsson.

Ævinlega vikur hann að bókum og nú að predikunarsöfnunum, sem Magnús í Höfn hafði sent honum. Luxdovr þótti séra Magnúsi vænzt um, mátulega langur, svo populair og þó sterkur á milli. Þó var Schiödde mikið fallett, en æði filósófiskur. Bloch var mikið einfaldur og ljós, en heldur bragðlítill, og ánægja væri sér af að eignast nýjustu predikanir útkomnar svo sem þær, sem dr. Schur gaf út. En af jarðneskum gæðum segist séra Magnús óska nafna sínum þess

bezt, að hann eignaðist góða konu (flokkar eiginkonu til jarðneskra gæða) og gott embætti og viðunanlegan sama-stað. Sjálfur var hann nýkvæntur, og konan var mesti auður mannsins á jörðu hér.

Magnús Jónssonar kvæntist Þórvöru Skúladóttur, dóttur séra Skúla Tómassonar í Múla í Aðaldal og Þórvarar Sigfúsdóttur frá Höfða í Eyjafirði. Þórvör Skúladóttir (1810–1872) og Magnús voru gefin saman í Múla 23. júní 1840. Þá var Magnús sóknarprestur í Grímsey eins og áður sagði, og þangað fluttist konan með honum.[2] Í september 1841 fóru þau úr eyjunni í Garð í Kelduhverfi. Í Garði eignuðust þau öll sín börn, 5 að tölu, og börnin komust til fullorðins ára. Elztur var Björn, fæddur 1842, þá Jón Skúli, f. 1843, Sigfús, f. 1845, Hildur, f. 1846 og Ingibjörg, f. 1849. Segir nánar frá þeim síðar.

Sjálfur var Magnús Jónsson fæddur í Auðbrekku í Hörgárdal. Þar bjó faðir hans, séra Jón Jónsson (1772–1866) og þjónaði Möðruvallaklausturspresta-kalli. Magnús var alinn upp í stórum systkinahópi. Af 10 börnum séra Jóns og Þorgerðar Runólfsdóttur (1776–1856), konu hans, komust 7 til fullorðins ára, 3 synir og 4 dætur. Af þessu fólki er komin fjölmenn ætt, sem gjarnan nefnir sig Grenjaðarstaðarætt:

Grenjaðarstaðarætt [5–12]

Elzta dóttir séra Jóns og Þorgerðar, Guðný (f. 20. apríl 1804), giftist aðstoðarpresti föður síns, Sveini Níelssyni (1801–1881), glæsilegum hæfileikamanni og miklum fyrir sér. En þau áttu ekki skap saman. Hún var fingerð, hrifnæm, skáldmælt og gáfuð, en lítið fyrir búverkin. Faðir hennar fékkst mikið við lækningar og hafði til þess konungsleyfi, þótt sjálfmenntaður væri. Guðný kynntist því lækningum frá barnæsku og lagði sig eftir yfirsetustörfum og hjúkrun sjúkra og tókst hvorutveggja vel. Sveinn og Guðný skildu. Það var harmsaga. Þau eignuðust 4 börn. Tvö elztu börnin dóu í bernsku, Jón Aðalsteinn (1827–1828) og Sigríður (1828–1829). Þau yngri, piltur og stúlka, hétu sömu nöfnum og hin

fyrri og komust upp, en voru tekin frá móðurinni til uppeldis annars staðar. Guðný fluttist til Hildar, systur sinnar og mágs á Raufarhöfn eftir skilnaðinn, og dó þar úr innanmeinum í ársbyrjun 1836, 32ja ára gömul. Afkomendur eru komnir frá Sigríði yngri (1831–1907). Sigríður giftist Nielsi Eyjólfssyni (1823–1885), trésmið og bónda, harðduglegum manni. Þau bjuggu á Grímsstöðum á Mýrum. Þar var Sigríður ljósmóðir. Börn þeirra voru 8, og frá þeim eru komnir margir afkomendur. Jón Aðalsteinn yngri (1830–1894) var settur til mennta; stúdent frá Lærða skólanum í Reykjavík 1853 með I. eink. Hann var kennari í Danmörku.[6]

Krístún (f. 31. ágúst 1806), næstelzta dóttir Jóns og Þorgerðar, giftist séra Hallgrími Jónssyni (1811–1880), syni séra Jóns Þorsteinssonar í Reykjahlíð. Áður hafði Krístún verið heitbundin Baldvini Einarssyni (1801–1833), lagastúdent í Kaupmannahöfn eins og rómað er í sögunni. Séra Hallgrímur lærði einnig í Kaupmannahöfn og fékk ungur veitingu fyrir Hólmum í Reyðarfirði og sat þar til æviloka, mikilsvirtur klerkur og kennari ungmenna. Hallgrímur og Krístún eignuðust 4 börn:

- 1) Tómas (1842–1893), lækni og kennara við Læknaskólann í Reykjavík, kvæntur Ástu Júlíu Guðmundsdóttur Thorgrímsen (1857–1942), 4 börn.
- 2) Jónas Pétur (1846–1914), prest á Kolfreyjustað, kvæntur Guðrúnu Jónsdóttur Arnesen (1850–1943), 3 börn.
- 3) Þorgerði (1841–1918), gifta dönskum manni, Valdemari Christian Bohn Olivarius (1834–1912), sýslumanni í Suður-Múlasýslu, síðar bæjarfógeta í Rønne á Borgundarhólmi. Þau eignuðust 5 syni: a) Johann Hallgrím (1871–1916), yfirdómara í Viborg og Kaupmannahöfn og síðar amtmann í Ringköbing; b) Christian Frederik (1872–1939), yfirréttarmálaflutningsmann í Kaupmannahöfn; c) Valdemar (f. 1873), lækni í Kaupmannahöfn, kvæntur Gerdu Rønne, ein dóttir; d) Egil (f. 1875), yfirlækni í Álaborg, kvæntur Harriet Klingenberg; e) Sigurd (f. 1876–1955), sóknarprest og prófast á Lálandi,

kvæntan Helgu Thorsen, 2 börn. Þorgerður Hallgrímsdóttir var góðum gáfum gædd sagði afi hennar í Reykjahlíð.(6)

- 4) Yngri dóttir Krístrúnar og Hallgríms var Krístrún Þuríður (1844–1932), gift Jóni Ásmundssyni Johnsen (1843–1895), sýslumanni á Eskifirði. Börn þeirra voru: 1) Ásgrímur (1877–1905), verzlunarmaður á Akureyri; 2) Sigurður (f. 1878–), beykir í Gimli, Kanada; 3) Hallgrímur (1881–1890), Eskifirði; 4) andvana fæddur sonur (f. 1881); 5) Guðrún (1880–1973), gift Ragnari F. Ólafssyni (1871–1928), stórkaupmanni og konsúl á Akureyri; 11 börn; og Ásmundur (f. 1885–), fluttist til Vesturheims.[7]
- Þriðja dóttir séra Jóns og Þorgerðar, Hildur (f. 21. október 1807), giftist uppeldisbróður sínum, Páli Þorbergssyni (f. 1797), en þau voru systkinabörn. Páll druknaði 9. júlí 1831 nærri Hvítabjarnarey í mynni Hvammsfjarðar á leið til Hrappseyjar í lækisvitjun. Hildur giftist ári síðar Jakobi Johnsen, verzlunarfaktor á Raufarhöfn og síðar á Húsavík. Jakob var alíslenzskur maður, þótt hann dönskugerði nafn sitt, fæddur 24. september 1801, sonur Þórarins Jónssonar, járnsmíðs á Akureyri, og Katrínar Ólafsdóttur.[7] Árið 1856 settist fjölskyldan að í Kaupmannahöfn, og þar fékkst Jakob einnig við verzlun. Hann var duglegur maður og harðskeyttur í viðskiptum. Jakob lézt í Kaupmannahöfn 25. júní 1870. Hildur bjó þar ekkja til æviloka, en hún lézt 1891. Hildur var fríð kona, sviphrein og góðmannleg og gjafmild með afbriðum. Heimili hennar stóð Íslendingum opið í Höfn. Börn Jakobs og Hildar voru 6:

- 1) Páll Þorbergur Johnsen, fæddur 25. júlí 1833, verzlunarstjóri Gudmannsverzlunar á Akureyri, var síðar með eigin verzlun þar; starfaði seinna við konunglegu Grænlands-verzlunina; varð bráðkvaddur á Akureyri 27. maí 1881. Hann var kvæntur Nönnu Sophie Júlíu, dóttur Eggerts Johnsens, lækni á Akureyri; sonur þeirra var Eggert.
- 2) Edvald Jakob Johnsen, fæddur 1. marz 1838, lengst af

læknir í Kaupmannahöfn; lézt þar 25. apríl 1893, ókvæntur.

Dætur Hildar og Jakobs voru 4. Tvær létust ungar, en hin-
ar giftust í Kaupmannahöfn. Sú eldri var:

3) Jónína Valgerður (f. 11. júní 1841– d. 22. feb. 1931), gift
(8. nóv. 1856) etatsráði og víxilmíðlaranum Ulrik Got-
fred Jantzen (1837–1923); börn þeirra voru 4: a) Hildur
(1866–1894), sem giftist (fyrri k.) Thal Jantzen (1863–
1939), amtslækni í Odense, frænda sínum; 3 börn; aa)
Ingolf Thal-Jantzen, bb) Sigurd Thal-Jantzen, cc) Hild-
ur Thal-Jantzen; b) Knud Ulrik (1869–1930), yfirréttar-
málaflutningsmaður, kvæntur Berthu Margrethe Christ-
ensen (1871–1964), 4 börn; c) Magnús Jakob (1873–
1963), hæstaréttarlögmaður, kvæntur Elisabeth Prytz
(1877–1957), 2 börn: aa) Nina Marie (1909–2003), gift
Troels Varming (1913–), yfirlækni, 4 börn, (þar af yngst
Christian Varming (f. 1947), læknir); og bb) Povl Jacob
(1915–1993); d) Sigurd Ingolf (f. 1878), víxlari, kvæntur
Kirsten Caroline Amalie Rolsted (1881–1904), en dóttir
þeirra var Gudrun Clara Hildur (f. 1907–)[8]

4) Yngri dóttir Jakobs og Hildar, sem lifði, var Jenny Al-
bertine Julie (f. 13. marz 1844, d. 15. jan. 1891), gift séra
Albert Thorvald Jantzen (1840–1917), bróður Ulriks
Gottfreds Jantzen, sem áður var nefndur. Albert Thor-
vald Jantzen var sóknarprestur í Gentofte og sagnfræð-
ingur. Þau Jenny Albertine giftust í Garrisonskirkju 3.
apríl 1868. Börn þeirra voru 4: a) Harald August (1869–
1903), lögfræðingur, kvæntur Elna Kristine Svendsen, 2
börn; b) Egil Valdemar (1870–1894), prestur; c) Iver
Benedikt (f. 1871), cand. polyt., prentsmíðjueigandi,
kvæntur Inge Margrethe Platou-Jørgensen, 4 börn; d)
Thyra Frederikke (f. 1878), gift August Henrik Stephan
Petersen, lækni, 2 börn.[8]

Framhald í næsta hefti

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2011

Stjórn félagsins skipa:

Jón Hjaltason formaður, Hermann Óskarsson varaformað-
ur, Þórgnýr Þórhallsson gjaldkeri, Birgir Þórðarson ritari og
Guðmundur Steindórsson stjórnarmaður.

Varamenn í stjórn eru:

Lára Ágústa Ólafsdóttir og Bernharð Haraldsson. Endur-
skoðandi, Karl Gunnlaugsson.

Ritstjóri Súlna:

Haukur Ágústsson.

Félagið varð fertugt á árinu. Af því tilefni var lagt á ráðin
um afmælisdagskrá og hún unnin í samvinnu við mætar
stofnanir. Formaður vor reið á vaðið og í samstarfi við
Bjarna E. Guðleifsson og þá Möðrvellinga hélt hann fyrir-
lestur í Leikhúsinu á Möðruvöllum um Vesturheimsferðir á
19. öld.

Næstur til samstarfs var Háskólinn á Akureyri. Hinn 5.
nóvember efndu HA og Sögufélagið til ákaflega vel heppn-
aðrar menningarferðar um Eyjafjarðarsveit undir snjallri
leiðsögn Braga Guðmundssonar prófessors.

Þriðji samstarfsaðilinn var Akureyrar Akadémían en 29.
nóvember stóð Sögufélagið og Akadémían fyrir fyrirlestri
um Landnámsmenn í landnámi Helga magra er Hólmsteinn
Snædal flutti og mæltist afar vel.

Enn einn afmælisviðburður var ritgerðasamkeppni en um
hana er fjallað á öðrum stað í Súlum.

Þá skal þess getið að undir röggssamri stjórn Bernharðs

Haraldssonar hefur miðað nokkuð að afla fjár til útgáfu Eyfirdinga. Að visu hefur félagið ekki enn fast fé í hendi en loforð um stuðning.

Að lokum vill stjórn Sögufélags þakka ákaflega gott og farsælt samstarf við ritstjóra vorn, Hauk Ágústsson, sem hefur ákveðið að láta af ritstjórn Súlna. Þetta verður því síðasta ritið í hans umsjón. Stór eftirsjón er að Hauki sem er mikill verkmaður, hugsjónaríkur og drifandi í öllu er hann tekur sér fyrir hendur. Þúsund þakkir, Haukur.

*Með bestu kveðjum á nýju ári og þökkum fyrir það gamla,
stjórn Sögufélags Eyfirdinga*